# FRÉTTABLAÐIÐ

248. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 20. OKTÓBER 2016




**Vatnsbað** Mikið hvassviðri með stórrigningu gekk yfir suðvesturhorn landsins í gær. Í Rofabænum í Reykjavík máttu ökumenn hafa sig alla við að sjá út úr augum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Hafnar ábyrgð á neyðarláni Kaupþings

**Samkvæmt vitnisburði framkvæmdastjóra hjá Seðlabankanum taldi þáverandi seðlabankastjóri að 500 milljóna evra neyðarlán til Kaupþings fengist ekki endurheimt. Þáverandi forsætisráðherra hafi hins vegar ákveðið að lánið yrði veitt. Því hafnar Geir Haarde.**

**EFNAHAGSMÁL** Geir Haarde er sagður hafa tekið endanlega ákvörðun um að lána Kaupþingi 500 milljónir evra. Þetta kemur fram í endurriti af samtali Davíðs Oddssonar, þáverandi seðlabankastjóra, og Geirs Haarde, þáverandi forsætisráðherra, sem þeir áttu um hádegisbil 6. október 2008.

Endurritaður bútur samtalsins er í samantekt yfirheyrslu sérstaks saksóknara yfir Sturlu Pálssyni, framkvæmdastjóra alþjóða- og markaðssviðs Seðlabankans, sem Fréttablaðið hefur undir höndum.

Sturla var viðstaddur símtal Davíðs Oddssonar við Geir Haarde sem fór fram á skrifstofu Sturlu en sími hans var tengdur hljóðritunarbúnaði. Sími á skrifstofu Davíðs var ekki tengdur slíkum búnaði.

Þegar þarna var komið sögu hafði Glitnir verið yfirtekinn af ríkinu. Í framhaldinu lækkaði lánshæfiseinkunn ríkisins. Við það gjaldféllu skuldabréf hinna bankanna og innlánseigendur Icesave tóku út af reikningum sínum í miklum mæli.

Í samtalinu sagði Davíð orðrétt: „Í dag getum við skrapað saman 500 milljónir evra og erum þá náttúrlega komnir inn að beini. Getum þá hjálpað Kaupþingi í einhverja fjóra fimm daga en þá getum við ekki hjálpað Landsbankanum líka sko.“

Í vitnaleiðslum yfir Sturlu kemur fram að hugmyndin á þessum tíma hafi verið að bjarga einum banka sem auðveldast væri að verja fyrir áhlaupi og færa allar innistæður yfir í hann. Landsbankinn hafi verið úr myndinni vegna Icesave og valið því staðið á milli Glitnis og Kaupþings.

Rætt var við Sturlu sem vitni. Hann var spurður hvenær hefði legið fyrir að Seðlabankinn hefði ætlað að hjálpa Kaupþingi en ekki Landsbankanum. „DO hafi sagt GHH að þeir fengju ekki þennan pening til baka og að ákvörðunin hafi í raun verið GHH,“ segir í samantektinni.

Að loknu símtalinu milli Geirs og Davíðs hringdi Davíð í Hreiðar Má Sigurðsson og tilkynnti honum að Kaupþing fengi fyrirgreiðslu. Sturla segir Davíð ekki hafa hringt fleiri símtöl í sinni viðurvist. – hh

**Aðdragandi hrunsins haustið 2008:**

- **16.9.** Bandaríski bankinn Lehman Bothers fellur.
- **29.9.** Ríkið eignast 75% hlut í Glitni.
- **6.10.** Símtal Davíðs Oddssonar og Geirs H. Haarde.
- **6.10.** Setning neyðarlaga sem gerir innlendar innistæður að forgangskröfum.
- **7.10.** Fjármálaeftirlitið tekur yfir rekstur Landsbankans.
- **9.10.** Fjármálaeftirlitið tekur yfir rekstur Kaupþings.



*„SP kvaðst hafa verið viðstaddur þegar símtalið átti sér stað og að DO hafi tekið símtalið úr síma SP þar sem síminn hans var hljóðritaður en ekki sími DO.“*

Úr samantekt sérstaks saksóknara.

**Geir H. Haarde segir ábyrgðina Davíðs**

*„Mér var alla tíð ljóst að lögum samkvæmt fór Seðlabankinn með valdið til að veita þrautavaralán en ekki forsætisráðherra.“*

Úr svari Geirs við fyrirspurnum Kastljóss í gær.





Aldræmdur pönkari á leiðinni.

## Johnny Rotten les ljóð á Íslandi

**LÍFIÐ** Enski tónlistarmaðurinn John Lydon, áður þekktur sem Johnny Rotten, einn af helstu brautryðjendum pönksins, er væntanlegur til Íslands. Rotten mun opna nýtt Pönksafn í Bankastræti og lesa upp úr verkum sínum á Airwords, bókmenntadagskrá Iceland Airwaves-hátíðarinnar.

Lydon varð einn alræmdasti maður Bretlands um miðjan áttunda áratug síðustu aldar er hann fór fyrir hljómsveitinni Sex Pistols. – kg / sjá síðu 46

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Bolli Héðinsson og Þorkell Helgason skrifa um kvótakerfið. 22

**SPORT** Landsliðsþjálfari kvenna í knattspyrnu, Freyr Alexandersson, er að undirbúa liðið fyrir allt sem getur komið upp á EM á næsta ári innan jafnt sem utan vallarins. 24



**MENNING** Þorsteinn frá Hamri með nýja ljóðabók. 34

**LÍFIÐ** Rapparinn Kött Grá Pje sendir frá sér sína fyrstu plötu. 44

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● FÓLK ● FJÁRÖFLUN


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




Minnkandi suðlæg átt og úrkoma en sunnan 15-23 m/s og snarpar vindhviður á Norðurlandi fram undir hádegi. Suðaustan 8-15 og skúrir víða sunnan og vestan til þegar líður á daginn en hægari vindur og bjartviðri um landið norðaustan- og austanvert. SJÁ SÍÐU 32



**Oddvitar stjórnarandstöðunnar.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Minnihlutinn án Viðreisnar

**STJÓRNMÁL** Minnihlutaflokkarnir núverandi á þingi, Björt framtíð, Samfylking, Vinstri græn og Píratar, funda líklega um helgina til að fara yfir mögulega fleti á samstarfi eftir kosningar og myndun bandalags.

Viðreisn mun ekki boðið til þessara samræðna þar eð forsvarsmenn Viðreisnar hafa hafnað því að ræða við Pírata fyrr en eftir kosningar.

Katrín Júlíusdóttir, formaður VG, stakk upp á því á mánudag að halda fund allra minnihlutaflokkanna um myndun kosningabandalags. Samfylkingin mætti því einn flokka til einkasamtalsins við Pírata því Björt framtíð og VG hafa ekki hitt Pírata á slíkum fundi. – **sa**

# Mörg hundruð milljóna sektir

**SVÍÞJÓÐ** Sænska ríkisstjórnin vill breyta reglum þannig að fjármálaeftirlitið geti lagt á allt að 50 milljóna sænskra króna sekt vegna innherjaviðskipta eða jafnvirði um 650 milljóna íslenskra króna. Ákært verði áfram í alvarlegustu málum. Uppljóstrarar eiga að njóta verndar.

Í fyrra tilkynnti sænska fjármálaeftirlitið 354 meint innherjaviðskipti til þeirrar stofnunar sem fer með efnahagsbrot. Léleg samvinna embættanna leiddi til langs rannsóknartíma og kostnaðar. Þegar fjármálaeftirlitið getur beitt sektum í minni málum fá saksóknarar meiri tíma fyrir alvarlegu málin. – **ibs**

## Minntust konungsins



**Bhumibol Adulyadej, fráfallins konungs Taílands, var minnst í Gerðubergi í gær. Konungurinn lést 13. október en hann hafði setið á konungsstól frá 9. júní árið 1946 og ríkt lengst allra þjóðhöfðingja heims, rúm 70 ár. Adulyadej varð 88 ára en hann lést eftir langvinn veikindi.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Þúsundir flýja átök við Mosúl

**ÍRAK** Harðir bardagar hafa geisað í næsta nágrenni borgarinnar Mosúl í Írak. Íraski stjórnarherinn hefur ásamt hersveitum Kúrda sótt að borginni síðan á mánudag.

Þúsundir almennra borgara hafa flúið frá Mosúl og nágrannabyggðum. Margir hafa farið yfir landamærin til Sýrlands og leitað skjóls í flóttamannabúðum þar.

Talið er að meira en milljón manns búi í borginni og nágrannabyggðum hennar. Sameinuðu þjóðirnar og hjálparsamtök segja hættu á því að allt að ein milljón manns flýi átökin sem í vændum eru.

Daish-samtökin svonefndu, sem kalla sig Íslamskt ríki, hafa haft Mosúl á sínu valdi í meira en tvö ár. Þar eru nú helstu bækistöðvar samtakanna í Írak, en talið er að um fimm til sex þúsund liðsmenn vígasveitanna haldi þar til. – **gb**

# Skipaði aðstoðarmann sinn í stjórn hjá Matís

**Aðstoðarmaður ráðherra og sveitarstjórnarfulltrúi Framsóknar í Skagafirði skipaðir í stjórn Matís. Þremur tilkynnt kvöldið fyrir aðalfund að þeim yrði vikið úr stjórn. Mágkona Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar er meðal hinna nýju stjórnarmanna.**

**STJÓRNSÝSLA** Gunnar Bragi Sveinsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, skipaði aðstoðarmann sinn, Sunnu Gunnars Marteinsdóttur, og Viggó Jónsson, aðalfulltrúa Framsóknarflokksins í sveitarstjórn Skagafjarðar, í stjórn Matís í fyrradag.

Gunnar skipaði í stjórnina ellefu dögum áður en hann lætur af embætti ráðherra. Deginum áður en Gunnar Bragi tók við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu í vor veitti hann miklu af svokölluðu skúffufé utanríkisráðuneytisins í styrki.

Sunna, sem er mágkona Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, hefur starfað sem aðstoðarmaður Gunnars Braga í rúm þrjú ár. Viggó hefur setið í sveitarstjórn Skagafjarðar fyrir hönd Framsóknarflokksins síðan árið 2010 en hann er einnig varamaður stjórnar Kaupfélags Skagafjarðar.

Þremur stjórnarmeðlimum var vikið úr stjórn kvöldið fyrir aðalfundinn en einn hætti af sjálfsdáðum. Hringt var í þau þar sem þeim var tilkynnt að þjónustu þeirra hjá Matís væri ekki óskað lengur.

Rekstur Matís, sem er vísinda- og nýsköpunarfélag, hefur gengið vel og mikil kjölfesta verið hjá stjórninni, en fyrir aðalfundinn höfðu fjórir stjórnarmeðlimir starfað í stjórninni frá stofnun félagsins árið 2007.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið fer með eignarhlut ríkissjóðs í félaginu og ákveður skipan stjórnarinnar en Matís er eina opinbera hlutafélagið sem lýtur ekki yfirstjórn fjármálaráðherra.



**Gunnar Bragi Sveinsson var í gær á kosningaferðalagi í Skagafirði.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**Gunnar Bragi Sveinsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra**

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins höfðu þeir þrír stjórnarmenn sem vikið var úr starfi, Arnar Bjarnason hagfræðingur, Friðrik Friðriksson, hagfræðingur og fyrrverandi formaður Matís, og Bergþóra Þorkelsdóttir, dýralæknir og forstjóri ÍSAM, haft hug á því að starfa áfram fyrir félagið. Arnar hafði starfað hjá Matís í eitt ár en Bergþóra, sem skipuð var í stjórn Matís af Sigurði Inga Jóhannessyni forsætisráðherra, í rúm tvö ár.

Ásamt Sunnu og Viggó tóku Brynhildur Davíðsdóttir, prófessor í umhverfis- og auðlindafræði, og Bergþór Ólason, fyrrverandi aðstoðarmaður Sturlu Böðvarssonar, við störfum hjá Matís í fyrradag.

Ekki náðist í Gunnar Braga Sveinsson við gerð fréttarinnar. Hann er á kosningaferðalagi um Skagafjörð. **thorgeirh@frettabladid.is**




HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA
60 ÁRA
1956 - 2016
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl, úrval getur verið mismunandi milli verslana.
PARKET
ÚTSALA
20-40% afsláttur af öllu parketi
25% afsláttur
EUROHOME enjoy living
ÚTSALA / ÚTSALA
2.017 kr/m²
2.690 kr/m²
Fáðu ráðgjöf
Ingólfur Sigurðsson sölumaður í gólfefnadeild í Skútuvogi og starfsfólk okkar um land allt tekur vel á móti þér á parketútsölunni.
25% afsláttur
EUROHOME enjoy living
1.492 kr/m²
1.990 kr/m²
Harðparket - Þýsk gæði
Eik, ljós, 3ja stafa, 8 mm.
147100
28% afsláttur
BARLINEK
2.995 kr/m²
4.190 kr/m²
Viðarparket
Eik, rústik, 3ja (3,2 mm spónn).
146899
40% afsláttur
KAINDL
1.373 kr/m²
2.289 kr/m²
Harðparket - Austurísk gæði
Eikarplanki AC4 bandsagað, 8 mm.
147071
JOTUN
VEGG&TAK
8.995 kr
10 ltr
Jotun vegg- og loftamálning
10 ltr.
7119784-86
25% afsláttur
af OSRAM perum
og ljósum
OSRAM
Electrolux
5 ÁRA ÁBYRGÐ
Electrolux
ÞÚ SPARAR: 16.910 KR
59.990 kr
76.900
Þvottavél FW30L7120
7 kg, 1200 sn. Orkunýting A+++.
1805690
Electrolux
5 ÁRA ÁBYRGÐ
Electrolux
SÚPER AFMÆLISTILBOÐ
66.990 kr
78.990
Þurrkari EDP2074PDW
Barkalaus, 7 kg, með rakaþétti.
1860171
Byggjum á betra verði
www.husa.is

# Deilt um verðmat á Aurum fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur

**DÓMSMÁL** Aðalmeðferð í svokölluðu Aurum-máli hófst í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Hinir ákærðu eru Lárus Welding, fyrrverandi forstjóri Glitnis, Magnús Arnar Arngrímsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs Glitnis, Jón Ásgeir Jóhannesson, einn stærsti eigandi Glitnis, og Bjarni Jóhannesson, sem var viðskiptastjóri bankans.

Þeir Lárus og Magnús eru ákærðir fyrir umboðssvik vegna sex milljarða króna láns Glitnis til félagsins FS38 ehf. sem var í eigu Pálma Haraldssonar. FS38 notaði lánsféð til að kaupa 25,7 prósenta hlut í Aurum af Fons sem Pálmi átti einnig. Jón Ásgeir og Bjarni eru hins vegar ákærðir fyrir hlutdeild í meintum umboðssvikum Lárusar og Magnúsar.

Málið er nú öðru sinni í héraði en fyrri aðalmeðferð þess fór fram vorið 2014. Þá voru fjórmenningarnir sýknaðir en Hæstiréttur ómerkti dóminn stuttu síðar þar sem hann taldi sérfróðan meðdómanda í héraði, Sverri Ólafsson, vanhæfan til að dæma í málinu þar sem hann er bróðir Ólafs Ólafssonar sem var dæmdur í fangelsi í Al Thani-málinu.

Ákæruvaldið hélt því fram í dómsal í gær að hlutur í Aurum, sem FS38 fékk lán upp á sex milljarða frá Glitni til að kaupa, hefði í raun ekki verið svo mikils virði og því hefði fé bankans verið stefnt í hættu þar sem tryggingar voru ekki fullnægjandi. Hluturinn í Aurum var settur að veði til tryggingar endurgreiðslu lánsins.

Við skýrslutöku vísaði Lárus í þrjú verðmöt á hlut Fons í Aurum. Verðmötin voru frá fyrirtækjaráðgjöf Glitnis, Kaupþingi og Damas LLC.

„Í öllum gögnum er talað um að virðið sé fjórir milljarðar en að það geti orðið sex milljarðar. Í millitíðinni ábyrgist Fons þetta millibil en við erum ekki að meta félagið á sex milljarða króna," sagði Lárus við skýrslutökuna. **– skh / þea**



**Lárus Welding í dómsal í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




**Efnt var til mótmæla í London vegna stefnu stjórnvalda gagnvart flóttafólki.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Útiloka að nota röntgenmyndir

**BRETLAND** Breska innanríkisráðuneytið segir ekki koma til greina að taka röntgenmyndir af tönnum flóttafólks frá Calais til að greina aldur. Þetta hefur dagblaðið The Guardian eftir talsmanni utanríkisráðuneytisins.

Ráðuneytið styðst þarna við álit breska tannlæknasambandsins, sem segir ekki koma til greina að nota þessa aðferð, ekki bara vegna þess að við aldursgreiningu sé þetta ómarkviss aðferð heldur einnig vegna þess að það sé „óviðeigandi og ósiðlegt að taka röntgenmyndir af fólki þegar það þjónar engum tilgangi fyrir heilsufar þess", að því er fram kemur á fréttavef The Guardian. **– gb**

## Ekki Íslendingar í mansalsmálum

**LÖGREGLUMÁL** Tvö mansalsmál á Íslandi tengjast gríðarlega umfangsmikilli lögregluaðgerð 52 ríkja í Evrópu. 529 fórnarlömb mansals voru frelsuð, 314 voru handteknir. Samkvæmt upplýsingum fréttastofu tengjast engir Íslendingar umræddum málum. **– tpt**

# Ísland stefnir í hættu ímyndinni sem framleiðandi hreinnar orku

**Íslensk fyrirtæki mega ekki auglýsa að vörur hafi verið framleiddar með 100 prósent endurnýjanlegri orku. Orkufyrirtækin högnuðust, á fimm árum, um yfir 700 milljónir króna á sölu upprunavottorða úr landi. Endurnýjanleg orka var aðeins 39 prósent af seldri raforku á Íslandi árið 2013 en kjarnorka 24 prósent.**

**SAMFÉLAG** Sala upprunaábyrgða úr landi getur skaðað þá ímynd Íslands að orkuframleiðsla landsins sé hrein og endurnýjanleg. Þetta kemur fram í úttekt sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið lét gera um kerfi upprunaábyrgða raforku á Íslandi.

Upprunaábyrgð er hreinleikavottun á raforku en á síðustu árum hafa íslensk orkufyrirtæki selt slík vottorð í miklu magni úr landi.

Þegar slíkar vottanir eru seldar frá Íslandi til Evrópu þarf að taka með í útreikninga hér á landi samsvarandi magn af raforku sem seld er í Evrópu. Raforka sem framleidd er í Evrópu með jarðefnaeldsneyti og kjarnorku er því bókfærð sem íslensk raforkusala í stað þeirrar grænu orku sem seld er úr landi.

Endurnýjanleg orka var því aðeins 39 prósent af raforkusölu hérlendis árið 2013, 37 prósent orkusölu voru vegna notkunar á jarðefnaeldsneyti og 24 prósent vegna notkunar á kjarnorku.

Í úttekt ráðuneytisins er sú spurning vakin upp hvers virði ímynd Íslands sé samanborið við þann hagnað sem orkufyrirtækin gætu haft af sölu upprunaábyrgða úr landi. Til dæmis er íslenskum fyrirtækjum óheimilt að auglýsa vörur sínar og þjónustu með tilvísun til 100 prósent endurnýjanlegrar orku ef þau hafa ekki keypt upprunavottorð af íslenskum orkufyrirtækjum.

Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, segir í tilkynningu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins að brýnt sé að staðinn sé vörður um þá ímynd og staðreynd að á Íslandi sé eingöngu framleidd og seld endurnýjanleg orka. Sala orkufyrirtækja á upprunaábyrgðum úr landi samræmist ekki því markmiði að tryggja ímynd Íslands um hreina orkuframleiðslu.

Mikil sala var fyrstu árin á vottorðum en hún hefur dregist saman síðustu tvö ár. Vegna sölunnar er kjarnorkuúrgangur núna hluti af raforkuframleiðslu og -notkun hérlendis. Árið 2010 var enginn kjarnorkuúrgangur tengdur raforkunotkun hérlendis. Vegna sölu upprunaábyrgða mátti hins vegar rekja 2,6 tonn af geislavirkum úrgangi til raforkunotkunar hérlendis árið 2011. Árið 2012 var þetta magn 8,4 tonn og um 13 tonn árið 2013.

Samkvæmt upplýsingum frá Landsvirkjun, Orku náttúrunnar og HS Orku var hagnaður orkufyrirtækjanna um það bil 700 milljónir króna á árunum 2011 til ársloka 2015. Á síðustu tveimur árum hefur dregið úr sölu á upprunavottunum úr landi, en í fyrra var endurnýjanleg orka hér á landi 71% af raforkusölu.

**thorgeirh@frettabladid.is**




**Reykjanesvirkjun er raforkuver sem virkjar jarðvarma.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM







# Niðurskurður í löggæslu á Vesturlandi

**STJÓRNSÝSLA** Lögreglan á Vesturlandi hefur þurft að skera niður um fimm lögreglumenn á árinu til að halda sig innan fjárheimilda. Þetta er staðreynd þrátt fyrir að innanríkisráðuneytið segist hafa stóraukið fjárheimildir til löggæslu í landinu.

Úlfar Lúðvíksson, lögreglustjóri á Vesturlandi og formaður Lögreglustjórafélags Íslands, segir að verulegar fjárheimildir vanti til löggreglunnar um land allt. „Stutta útgáfan er þessi að árið 2007 voru lögreglumenn 712 á Íslandi en þeir eru 629 þann 1. febrúar 2016. Þó að þingið hafi verið að auka fjárheimildir þá hefur það ekki dugað. Það vantar enn mikið upp á að við náum að minnsta kosti jafn góðri stöðu og árið 2007, þó að staðan hafi kannski ekki verið góð þá."

Stöður fimm lögreglumanna hafa losnað í umdæmi Úlfars það sem af er ári og hann hefur ekki getað ráðið í stöðurnar. „Mér ber skylda til þess lögum samkvæmt að halda rekstrinum innan fjárheimilda."



**Lögreglumönnum á Vesturlandi hefur fækkað um fimm það sem af er ári og þeir eru nú 28. Niðurskurðurinn verður þrátt fyrir yfirlýsingar innanríkisráðherra um stórauknar fjárheimildir.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Í tilkynningu frá innanríkisráðuneytinu segir að það hafi verið forgangsmál innanríkisráðherra að efla löggæslu í landinu. Hækkun fjárveitinga frá 2013 nemi tæplega 1,9 milljörðum króna miðað við vísitölu neysluverðs 2016. „Það hefur komið innspýting en það dugar bara ekki til. Það sem hvarf úr löggæslunni hefur ekki verið bætt að fullu og það vantar á annan milljarð króna inn í löggæsluna," segir Úlfar. **– snæ**




Kynntu þér **Toyota FLEX**
- nýja leið til að eignast Toyota bifreið

**Lág** innborgun

**Tryggt** framtíðarvirði

**Fastar** mánaðargreiðslur

## Mest seldi bíll í heimi!

Ný Corolla er enn eitt skrefið á 50 ára sigurgöngu. Ný hönnun með flæðandi línum að utan og fáguð gæðasmíð með aukið rými að innan. Njóttu þess að horfa fram á veginn yfir endurhannað mælaborð með margmiðlun og tækni fyrir afþreyingu og örygga ferð í þægilegum akstri. Finndu hvað gerir Corolla að mest selda bíl í heimi.

**Kynntu þér nýja Corollu nánar á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

5 ÁRA ÁBYRGÐ

| Toyota Kauptúni | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi |
|---|---|---|---|
| Kauptúni 6 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 |
| Garðabæ | Akureyri | Reykjanesbæ | Selfossi |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 420-6600 | Sími: 480-8000 |

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.



Joko Widodo Indónesíuforseti telur sig geta útrýmt kynferðisglæpum í landinu. NORDICPHOTOS/AFP

## Níðingarnir verði geltir

**INDÓNESÍA** Joko Widodo, forseti Indónesíu, segist sannfærður um að með því að gelda barnaníðinga muni með tímanum takast að útrýma kynferðisglæpum í Indónesíu.

Þetta sagði hann í viðtali við breska útvarpið BBC. Fyrr í mánuðinum samþykkti Indónesíuþing lög um að vana mætti barnaníðinga með lyfjagjöf, án þess að fjarlægja þurfi kynfæri eða gera afbrotamennina ófrjóa. Lyfin hafa þau áhrif að þau draga úr kynhvöt.

Widodo sagði mannréttindaákvæði indónesísku stjórnarskrárinnar ekki þurfa að flækjast neitt fyrir þarna.

„Í stjórnarskránni er að finna virðingu fyrir mannréttindum, en þegar kemur að kynferðisglæpum þá eru ekki gerðar neinar málamiðlanir,“ sagði hann í viðtalinu. „Við munum úthluta hámarksrefsingu fyrir kynferðisglæpi.“ – gb

## Bangsar mótmæla Pútín




Leikfangabangsar, vafðir inn í blóðug sárabindi, lögðust á stéttina framan við skrifstofu Angelu Merkel, kanslara Þýskalands, í gær. Böngsunum var stillt upp til að mótmæla heimsókn Vladimírs Pútín Rússlandsforseta og var hann hvattur til þess að stöðva loftárásir á Aleppo. NORDICPHOTOS/AFP

# Lögreglan efld í baráttu við hrelliklám

**Lögreglustjóri höfuðborgarsvæðis telur mikilvægt að auka fræðslu til lögreglumanna og starfsmanna réttarvörslukerfis til þess að unnt sé að upplýsa um ofbeldi og kúgun á netinu, til að mynda hefndarklám. Auknir fjármunir verði settir í vinnu við rannsókn brotanna.**

**LÖGREGLUMÁL** Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjóri lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, segir baráttuna gegna ofbeldi og kúgun á netinu verða eflda.

Lögreglan ætlar til að mynda að taka á hefndarklámi, eða hrelliklámi svokölluðu. Það er opinber birting á kynferðislegu myndefni án samþykkis þess sem er í myndefninu.

Emma Holten, dönsk baráttukona gegn slíku klámi, segir mikilvægt að íslensk löggæsla sé efld og þau lagaúrræði sem til eru séu nýtt.

Sigríður Björk tekur undir sjónarmið Emmu og segir meira fé verða veitt í vinnu við þessi brot.

„Að sjálfsögðu lítum við þennan málaflokk alvarlegum augum. Fyrst má telja það sem er mikilvægast sem er aukin fræðsla fyrir lögreglumenn og starfsmenn réttarvörslukerfisins til þess að unnt sé að upplýsa þessi brot og koma lögum yfir þá sem þessi brot fremja. Stefnubreytingin felst þá í að auka fjármuni í vinnu við þessi brot.“

Sigríður Björk segir að lögregluna þurfa að laga sig að breytingum á afbrotum.

„Það er alþekkt að brot taka breytingum og lögregla þarf sífellt að laga sig að breyttum aðstæðum og nýjum brotum. Við erum að reyna að búa svo um hnútana að við eigum sérhæfða starfsmenn og tækjabúnað til að rannsaka brot þar sem tölvur eru notaðar auk sérhæfðs fólks sem sinnir rannsóknum kynferðisbrota,“ segir Sigríður Björk. Þar á hún við stoðdeild löggæsluviðs, tölvurannsóknar- og rafeindadeild og kynferðisbrotadeild.

> Fyrst má telja það sem er mikilvægast sem er aukin fræðsla fyrir lögreglumenn og starfsmenn réttarvörslukerfisins til þess að unnt sé að upplýsa þessi brot og koma lögum yfir þá sem þau fremja.
>
> Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu



Steinarr Kr. Ómarsson lögreglufulltrúi starfar í tölvurannsóknardeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Steinarr segir gríðarlega breytingu hafa orðið á málaflokknum síðustu ár. Gagnamagnið hafi aukist og því sé dreift víðar. Sífellt meira krefjandi verði að taka á brotum sem þessum og erfiðustu brotin beinist helst gegn konum og börnum.

» Hrelliklám er opinber birting á kynferðislegu myndefni án samþykkis þess sem sýndur er eða kemur fram í myndefninu.

Sigríður Björk segir að nú séu gerðar ráðstafanir til að samnýta tækjakost, mannskap og þekkingu hjá fjórum embættum til að ná betur utan um rannsóknir glæpa á netinu – lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, lögreglunnar á Suðurnesjum, ríkislögreglustjóra og héraðssaksóknara.
kristjanabjorg@frettabladid.is





Rödd
alltaf rödd
bakatil í draumunum

Rödd sem heyrist varla
Rödd sem hverfur ekki
Skrýtið

Rödd sem er líf
Ég finn fyrir henni
bakatil í draumunum

Alltaf



*Ljóð muna rödd* er ein persónulegasta og áhrifamesta ljóðabók sem Sigurður Pálsson hefur sent frá sér.




# LANCÔME DAGAR

## Í HAGKAUP KRINGLUNNI, HOLTAGÖRÐUM, SKEIFUNNI, GARÐABÆ, SPÖNGINNI, AKUREYRI OG SELFOSSI 20. – 26. OKTÓBER.

**20% KYNNINGARAFSLÁTTUR AF ÖLLUM LANCÔME VÖRUM.**




### GULLMOLAR FRÁ LANCÔME

**EFFACERNES** nýi hyljarinn sem kemur í 5 litum er fullkominn með nýja Teint Idole Cushion farðanum og Teint Idole Ultra 24h. Hann hylur bauga, húðlýti, roða og fínar línur fullkomlega.

Við mælum með **VISIONNAIRE** línunni fyrir allar konur. Nýja Visionnaire augnkremið vinnur gegn hrukkum,dökkum baugum og augnpokum. Vinsælu droparnir lagfæra hrukkur, húðholur og ójöfnur. Dagkremin eru 2, fyrir normal húð og fyrir þurra húð. Beauty Sleep Perfector næturkremið er með ótrúlegri áferð sem er fersk eins og gel, en nærir eins og olía. Hentar fyrir andlit, háls og bringu og húðin verður nærðari, jafnari, þéttari, mýkri, stinnari og meira ljómandi.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

## Skoðanakönnun Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísis

### Svona skiptist fylgið milli flokka




### Skipting þingsæta







# Píratar ásælast ekki forsætisráðuneytið

**Píratar myndu bæta við sig langflestum þingmönnum í komandi alþingiskosningum miðað við nýjustu könnun Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísis. Þingflokkur VG myndi næstum tvöfaldast. Píratar hyggjast ræða áfram við forystumenn annarra flokka um samvinnu.**

Kosningar 2016



Jón Hákon Halldórsson
jonhakon@365.is

Einungis níu dagar eru til kosninga og ef niðurstöður skoðanakannana yrðu í takt við nýjustu skoðanakönnun Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísis yrðu Píratar ótvíræðir sigurvegarar þeirra. Þeir fengju 14 þingmenn kjörna en fengu þrjá menn kjörna í alþingiskosningunum 2013. Flokkurinn myndi því næstum fimmfaldast að stærð. Vinstri græn gætu líka vel við unað með þrettán þingmenn samanborið við sjö þingmenn eftir síðustu kosningar.

Sjálfstæðisflokkurinn myndi tapa tveimur þingmönnum frá kosningunum 2013, en væri með stærsta þingflokkinn. Flokkurinn fengi sautján þingmenn en var með nítján menn eftir síðustu kosningar. Flokkurinn er með 23,7 prósenta fylgi í nýju skoðanakönnuninni. Það er einu prósenti meira en flokkurinn var með í skoðanakönnun fyrir viku þegar hann var með 22,7 prósent. Munurinn er þó innan vikmarka. Píratar eru með 20,7 prósenta fylgi, VG með 19,2 prósenta fylgi, Framsóknarflokkurinn með 8,5 prósenta fylgi, sem er nákvæmlega það sama og hann var með fyrir viku. Þá er Björt framtíð með 7,4 prósenta fylgi, Viðreisn með 6,6 prósenta fylgi og Samfylkingin með 6,5 prósenta fylgi.

Þetta er þriðja könnunin í röð sem bendir til þess að sjö stjórnmálahreyfingar eigi fulltrúa á þingi eftir næstu kosningar. Könnunin sýnir líka að ekki er möguleiki á myndun tveggja flokka ríkisstjórnar.

Í Ráðhúsinu í Reykjavík starfar meirihluti sem myndaður er af fjórum stjórnmálaöflum; Pírötum, Samfylkingunni, Bjartri framtíð og Vinstri grænum. Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær eru Píratar nú þegar byrjaðir að ræða samstarf að loknum kosningum við Samfylkinguna og ætla að halda fleiri fundi á næstunni. Smári McCarthy, oddviti Pírata í Suðurkjördæmi, segir fullsnemmt að segja til um með hverjum verði fundað. „En við höfum verið í samskiptum við VG og Bjarta framtíð,“ segir hann. Hann segist telja að vel hafi gengið í borginni, en það eigi eftir að koma í ljós hvort hið sama geti átt við um Alþingi.

Smári segir Pírata ekki gera kröfu um forsætisráðuneytið í ríkisstjórn eftir næstu kosningar, heldur að málefnin séu efst á dagskrá. „Við erum ekki að leitast eftir forsætisráðherrastólnum,“ segir hann.

Stóran hluta þessa kjörtímabils hefur Björt framtíð mælst undir fimm prósentum og er útlit fyrir að flokkurinn fengi ekki kjörna þingmenn. Hvort sem afstaða flokksins til búvörusamninga hafði áhrif eða ekki, er ljóst að eftir atkvæðagreiðslu þess máls í þinginu fór flokkurinn að mælast betur í könnunum.

Óttarr Proppé, formaður flokksins, sat fyrir svörum í Kosningaspjalli Vísis í gær. Hann sagði óskaríkisstjórn sína væri frjálslynd miðjuríkisstjórn. Það væri ekkert óeðlilegt að flokkurinn horfði til þeirra flokka sem eru næstir Bjartri framtíð. „Það hafa gjarnan verið Viðreisn til hægri, Samfylking og Píratar til vinstri og yfir til Vinstri grænna,“ sagði Óttarr. Hann nefndi Sjálfstæðisflokkinn ekki í upptalningu sinni.




Píratar eru þegar farnir að leggja drög að samstarfi við aðra stjórnmálaflokka að loknum næstu kosningum. Smári McCarthy, oddviti flokksins í Suðurkjördæmi, segir Pírata þó ekki vera að „leitast eftir forsætisráðherrastólnum“ í hugsanlegum stjórnarmyndunarviðræðum. FRÉTTABLAÐIÐ/FRIÐRIK ÞÓR

> Það hafa gjarnan verið Viðreisn til hægri, Samfylking og Píratar til vinstri og yfir til Vinstri grænna.
>
> Óttarr Proppé, formaður Bjartrar framtíðar



> En við höfum verið í samskiptum við VG og Bjarta framtíð.
>
> Smári McCarthy, frambjóðandi Pírata



**6**

**stjórnmálahreyfingar hafa átt sæti á Alþingi frá kosningum 2013 og er líklegt að þeim fjölgi um eina.**

### Aðferðafræðin á mannamáli

Hringt var í 1.303 manns þar til náðist í 801 samkvæmt lagskiptu úrtaki dagana 17. og 18. október. Svarhlutfallið var 61,5 prósent. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni, og hlutfallslega eftir búsetu og aldri. Spurt var: Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til þingkosninga í dag? Ef ekki fékkst svar var spurt: Hvaða flokk er líklegast að þú myndir kjósa? Ef ekki fékkst svar var spurt: Er líklegra að þú myndir kjósa Sjálfstæðisflokkinn, eða einhvern annan flokk? Það er gert í samræmi við aðferðafræði sem þróuð var á Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Alls tóku 68,0 prósent þeirra sem náðist í afstöðu til spurningarinnar.

DISCOVERY SPORT

# ÞÆGILEG STÆRÐ, YFIRBURÐA HÆFILEIKAR

LAND ROVER

ABOVE & BEYOND




Nýr Discovery Sport er rúmgóður jeppi sem til er í 5 og 7 manna útfærslu. Discovery Sport er með nýrri sparneytinni INGENIUM dísilvél og ríkulegan staðalbúnað, upphitaða framrúðu, nýja 9 þrepa sjálfskiptingu og hið annálaða tölvustýrða Land Rover Terrain Response® drifkerfi.

Discovery Sport dísil sjálfskiptur kostar frá 6.890.000 kr.

www.landrover.is

ENNEMM / SÍA / NM76971

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Norðvesturkjördæmi í hnotskurn

Tíu framboð bjóða fram lista í Norðvesturkjördæmi fyrir alþingiskosningar 2016. Hér að neðan má sjá efstu menn á hverjum lista.

**Gylfi Ólafsson** Viðreisn

**Ólafur Snævar Ögmundsson** Flokki fólksins

**Sigurjón Þórðarson** Dögun

**Lilja Rafney Magnúsdóttir** Vinstri grænum

**Guðjón Brjánsson** Samfylkingu

**Eva Pandóra Baldursdóttir** Pírötum

**Haraldur Benediktsson** Sjálfstæðisflokki

**G. Valdimar Valdemarsson** Bjartri framtíð

**Gunnar Bragi Sveinsson** Framsóknarflokki

**Jens G. Jensson** Íslensku þjóðfylkingunni



**4.982** eru á kjörskrá á Akranesi og er það stærsta sveitarfélagið í kjördæminu.

Fjöldi á kjörskrá **21.479**

Karlar **10.995**

Konur **10.484**

Fjöldi á kjörskrá á bak við hvert þingsæti **2.685**

Á kjörskrá í kosningum 2013 **21.343**

Stærð kjördæmis **31.475 km²**

## Sveitarfélög í kjördæminu

Akraneskaupstaður, Hvalfjarðarsveit, Skorradalshreppur, Borgarbyggð, Eyja- og Miklaholtshreppur, Snæfellsbær, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit, Stykkishólmsbær, Dalabyggð, Reykhólahreppur, Vesturbyggð, Tálknafjarðarhreppur, Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarbær, Súðavíkurhreppur, Árneshreppur, Kaldrananeshreppur, Strandabyggð, Húnaþing vestra, Húnavatnshreppur, Blönduósbær, Skagabyggð, Sveitarfélagið Skagaströnd, Sveitarfélagið Skagafjörður og Akrahreppur.

## Úrslit síðustu kosninga




**83,6%** kjörsókn í síðustu kosningum

**Þingmenn**



## Þingmenn sem hætta

**Jóhanna María Sigmundsdóttir** þingmaður Framsóknarflokksins

**Einar K. Guðfinnsson** þingmaður Sjálfstæðisflokksins

**Ólína Þorvarðardóttir** þingmaður Samfylkingarinnar

# Þúsund Skagamenn vinna á Grundartanga og í Reykjavík

**Meðalaldur íbúa á Vestfjörðum er að hækka. Íbúi í Bolungarvík segir öll fjögur börn sín hafa flutt að heiman vegna náms. Telur mikilvægt að bregðast við með meiri möguleikum til menntunar. Skagamenn vilja að vinnu við breikkun Vesturlandsvegar verði hraðað, enda margir sem sækja vinnu út fyrir Akranes.**

Kosningar 2016

Jón Hákon Halldórsson
jonhakon@365.is



Íbúar á Ísafirði sem ætla að leggja fyrir sig háskólanám þurfa að flytjast úr heimabyggð. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Þingmenn Norðvesturkjördæmis eru átta. Kjördæmið varð eitt af höfuðvígjum Framsóknarflokksins eftir síðustu kosningar er flokkurinn fékk fjóra menn kjörna á þing, Sjálfstæðisflokkurinn fékk tvo menn, VG einn og Samfylkingin einn.

Það eru helst bættar samgöngur og fjölbreyttara atvinnulíf sem viðmælendur Fréttablaðsins telja að ættu að vera aðaláherslumál fyrir kosningarnar. Og ekki verður annað sagt en að forystumenn ríkisstjórnarinnar hafi sýnt kjördæminu áhuga. Í það minnsta hluta þess.

Skipuð var nefnd um fjölgun starfa í kjördæminu undir forystu Stefáns Vagns Stefánssonar, oddvita Framsóknarflokksins í Skagafirði. Tillögurnar fólu í sér að 130 opinber störf yrðu til í landshlutanum, langflest í Skagafirði. Þetta átti einkum að nást með flutningi starfa frá höfuðborgarsvæðinu, til dæmis flutningi verkefna Landhelgisgæslunnar.

Hálfdan Óskarsson, íbúi á Ísafirði og einn eigenda mjólkurvinnslunnar Örnu, segir vanta meiri langtímastefnumótun á svæðinu. „Mér finnst það alltaf vera einhverjar skammtímalausnir, til að redda öllu,“ segir hann.

> Við viljum að hraðar verði farið í breikkun Vesturlandsvegar.
>
> Regína Ásvaldsdóttir, bæjarstjóri á Akranesi

Hálfdan segir skorta meiri fjölbreytni í atvinnulífið á Vestfjörðum og hefur áhyggjur af hækkandi lífaldri íbúa á svæðinu.

„Við erum að missa allt unga fólkið í burtu frá okkur og það kemur ekki til baka aftur. Við, þessi gömlu, verðum ein eftir,“ segir hann. Hálfdan segist sjálfur eiga fjóra krakka og þau hafi öll farið annað í skóla.

Hálfdan viðurkennir að það sé ekki vinsælt að tala um fjölgun háskóla nú um stundir. „En ég held að það sé grunnurinn í þessu, að ungt fólk fái tækifæri til að klára sína menntun á svæðinu.“

Hálfdan kveðst sáttur við menntastofnanirnar á Ísafirði, eins langt og þær nái. „En það er bara menntaskóli og svo er það búið.“

Stærsta sveitarfélagið í kjördæminu er Akranes með um sjö þúsund íbúa. Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri segir að um eitt þúsund manns aki á morgnana til vinnu, á Grundartanga eða til höfuðborgarinnar. Brýnasta hagsmunamálið sé samgöngur til og frá höfuðborginni.

„Við erum með það mikinn fjölda af íbúum sem fer daglega á milli í vinnu og við viljum að hraðar verði farið í breikkun Vesturlandsvegar,“ segir Regína.

Til útskýringar bendir Regína á að nýlega hafi Alþingi samþykkt að 700 milljónir króna yrðu settar í 1 + 2 veg á árinu 2018. Heildarframkvæmdum verði ekki lokið fyrr en árið 2025 og það sé of seint.

Einnig segir Regína mikilvægt að farið verði að ræða önnur samgöngumannvirki af alvöru, eins og Sundabraut og tvöföldun Hvalfjarðarganga.

## Hvað segja kjósendur?

**HVER ERU BRÝNUSTU KOSNINGAMÁLIN?**

> Heilbrigðismál eru mér ofarlega í huga fyrir þessar kosningar og hvernig við ætlum að tryggja grunnheilbrigðisþjónustu fyrir alla landsmenn.
>
> Emil Einarsson, sálfræðingur í Stykkishólmi

> Samgöngur skipta miklu máli á mínu svæði. Þess vegna vil ég sjá nýjan flugvöll á norðanverðum Vestfjörðum. Og mikilvægast af öllu, byggðastefnu sem virkar!
>
> Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir, bæjarlistamaður Ísafjarðarbæjar

> Fyrir mér snúast kosningarnar um atvinnumálin og samgöngumálin. Það þarf að auka atvinnutækifæri hérna. Ef við fengjum laxeldi þá myndi það breyta öllu hjá okkur. Það vantar fleiri atvinnutækifæri fyrir ungt fólk.
>
> Stefanía Birgisdóttir, verslunareigandi í Bolungarvík

# DEBENHAMS

# BLÁA BOMBAN

VERÐSPRENGJA!

# 20%

**VIÐBÓTARAFSLÁTTUR**

AF ALLRI ÚTSÖLUVÖRU

**OPIÐ Í DAG 11:00 - 21:00**

GILDIR ÚT SUNNUDAG

Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

# Sjómenn og vinnslur vilja markaðsverð

**Formaður Landssambands sjómanna vill að sjómenn útgerða sem reka eigin fiskvinnslu fái markaðsverð greitt fyrir aflann. Þeir fá nú greitt allt að helmingi lægra verð. Formaður SFÚ segir núverandi fyrirkomulag sovéskan búskap og að það gangi ekki upp.**

Þorgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is



**SJÁVARÚTVEGUR** Sjómenn á skipum útgerðarfélaga sem reka eigin fiskvinnslu fá um fimmtíu prósent lægra verð fyrir fisk sinn en gengur og gerist á frjálsum fiskmörkuðum. Þess lags útgerðir, svokallaðar lóðrétt samþættar útgerðir, borga skiptaverð sem útgefið er af Verðlagsstofu skiptaverðs samkvæmt kjarasamningum útgerðarfélaga við sjómenn.

Mikil búbót væri fyrir sjómenn þeirra útgerða ef þeir fengju markaðsverð greitt fyrir fiskinn. Þetta segir Valmundur Valmundsson, formaður Landssambands sjómanna. „Þetta er svolítið flókið en í kjarni málsins er sá að okkur finnst of mikill munur á markaðsverðinu og verði sem skyldir aðilar fá að kaupa fiskinn á," segir Valmundur. Nýr kjarasamningur er í vinnslu. Vegna þess hve illa viðræður ganga hyggjast sjómenn fara í verkfall þann 10. nóvember ef ekki næst að semja fyrir þann tíma.

> Stjórnvöld bregðast ekkert við þessu. Þetta eru gullkálfarnir þeirra sem þeir vinna fyrir.
>
> Jón Steinn Elíasson, formaður SFÚ



**Tvöföld verðmyndun**

„Það er tvöfalt kerfi á fiskverðmyndun í gangi. Það er selt á fiskmarkaði fyrir markaðsverð og svo er verð sem er ákveðið milli skyldra aðila þegar menn eru að kaupa af eigin útgerð," segir Valmundur. Verðið segir hann ákveðið af nefnd sjómanna og útvegsmanna eftir ákveðnum forsendum. Kerfið hafi verið dæmt á sjómenn árið 2001 í gerðardómi og unnið sé eftir því enn þann dag í dag. Afraksturinn segir hann vera að verð á fiskmarkaði sé að jafnaði um þrjátíu prósentum hærra en í beinum viðskiptum. „Það sem við erum að fara fram á er að allur fiskur verði verðmyndaður á fiskmarkaði þannig að rétt verð fáist á fisk," segir Valmundur.

Undir þetta tekur Jón Steinn Elíasson, formaður Samtaka fiskframleiðenda og útflytjenda (SFÚ). Í þeim samtökum eru fiskvinnslur sem ekki reka eigin útgerð og kaupa því sinn fisk af fiskmarkaði á hærra verði. „Málið er það að ég held við verðum að gera það. Ef við ætlum að hafa sátt um þetta og ef við ætlum að hafa eitthvert vit í þessu getum við ekki verið með margfalda verðmyndun í landinu okkar," segir Jón Steinn.

Hann segir ekki ganga upp að tveir sjómenn, sem veiði á sömu slóðum, fái misjöfn laun einfaldlega vegna þess að annar þeirra selji fiskinn á markaði og hinn beint til vinnslu útgerðarinnar. „Þetta er eintóm steypa og ég er undrandi á hvað sjómannasamtökin hafa verið róleg og þessi hagsmunasamtök hafa leyft þessu að ganga lengi."

**Gagnrýnir í garð stjórnvalda**

„Stjórnvöld bregðast ekkert við þessu. Þetta eru gullkálfarnir þeirra sem þeir vinna fyrir. Þeir fara ekkert á móti þessum mönnum, allavega ekki þeir stjórnmálamenn sem hafa verið að stjórna landinu okkar," segir Jón Steinn.

Fréttablaðið greindi frá því í síðustu viku að Samfylkingin, Björt framtíð, Píratar, Viðreisn og Vinstri græn væru hlynnt eða opin fyrir því að taka upp markaðsverð sem skiptaverð alls fisks. Því hafna Sjálfstæðis- og Framsóknarflokkur. Þetta kom fram á fundi SFÚ með frambjóðendum. Páll Magnússon, fulltrúi Sjálfstæðisflokks, og Sigurður Ingi Jóhannsson, forsætisráðherra og fulltrúi Framsóknarflokks, sögðust þá ekki vilja hrófla við kerfinu í ljósi arðsemi þess.

**Lóðrétt samþættar útgerðir greiða mun lægra verð fyrir fisk en tíðkast á markaði**




Jón Steinn segist jafnframt ekki skilja hvers vegna stór og öflug útgerðarfélög hræðist fyrirtæki innan SFÚ. „Af hverju geta þau ekki verið í eðlilegri samkeppni? Af hverju þurfa þau að vera með eitthvert forskot á okkur? Eru þau svona léleg fyrirtæki? Eru þau svona illa skipulögð? Það er eitthvað mjög skrítið við þetta," segir hann.

„Málið er það að við erum í bullandi samkeppni við þessa aðila þar sem við erum allir að framleiða inn á svipaða markaði. Þessir aðilar hafa algjört forskot á okkur og eru einnig með undirboð og annað. Þetta eru gríðarlega slæmar aðstæður sem við höfum þurft að lifa við."

Þá vísar Jón Steinn til álits Samkeppniseftirlitsins frá árinu 2012 um að fyrirkomulag skiptaverðs væri hindrandi fyrir frjálsa samkeppni. Þeir þrír sem hafa gegnt embætti sjávarútvegsráðherra frá því Samkeppniseftirlitið beindi því áliti til ráðherra hafa ekkert aðhafst í málinu. „Það er svolítið slappt fyrir Samkeppniseftirlitið að hafa ekki getað tekið á þessu máli eins og það hefur gert með annan rekstur," segir Jón Steinn.

> Það sem við erum að fara fram á er að allur fiskur verði verðmyndaður á fiskmarkaði þannig rétt verð fáist á fiski.
>
> Valmundur Valmundsson, formaður Landssambands sjómanna



**Skortur á markaði**

Þeir Jón Steinn og Valmundur segja báðir að of lítill hluti afla fari á markað. „Það er ekki nógu mikið magn inni á fiskmörkuðum til að við getum vigtað rétt verð. Núna eru innan við tíu prósent af slægðum þorski sem fara á markað en hann vegur samt fimmtán prósent í ákvörðun okkar um fiskverð til skyldra aðila," segir Valmundur.

Jón Steinn segir lausnina þá að allur fiskur eigi að fara á markað: „Það ætti allur fiskur að fara á markað og þær útgerðir sem ekki myndu setja fisk sinn á markað ættu að þurfa að gera upp á markaðsverði. Það er það eina rétta í þessu. Það myndi leysa svo mörg mál, margar deilur."

Hann segir allt vera tengt markaði núorðið. „Það að verð séu tilbúin á skrifstofu með samþykki ríkisins ætti ekki að líðast. „Svona sovéskur búskapur á að heyra sögunni til," segir Jón Steinn Elíasson, formaður SFÚ.






Nesti



# ÞÚ ÞARFT NESTI

Nýtt og ferskt Nesti bíður þín hvert sem þú ferð um landið. Sem fyrr tökum við vel á móti þér með nýbökuðu og ilmandi bakkelsi, matarmiklum salötum, frískandi boozti og eðal kaffidrykkjum sem þú getur gripið með þér eða notið hjá okkur í rólegheitum.





# Nesti

## – síðan 1957

Við höfum áratuga forskot sem þú getur nýtt þér í dag.





**Nesti um land allt**

N1 Nesti Ártúnshöfða • N1 Nesti Bíldshöfða • N1 Nesti Háholti • N1 Nesti Borgartúni
N1 Nesti Fossvogi • N1 Nesti Stórahjalla • N1 Nesti Lækjargötu • N1 Nesti Hringbraut
N1 Nesti Borgarnesi • N1 Nesti Staðarskála • N1 Nesti Blönduósi • N1 Nesti Egilsstöðum
N1 Nesti Hvolsvelli • N1 Nesti Selfossi

Nesti hluti af N1

# Lóðaverðið tífaldast á tíu árum

**Skortur á lóðum og sala þeirra á milli fjárfesta þrýstir á hærra lóðaverð. Lóðaverð er nú 5 til 10 milljónir króna á hverja íbúð. Ódýrari lóðir og einfaldara byggingarregluverk þarf til að sinna húsnæðismarkaðinum.**

Lóðaverð hefur hækkað mikið á síðustu árum, og þá sérstaklega miðsvæðis í Reykjavík þar sem meiri eftirspurn er eftir lóðum. Hannarr og Samtök iðnaðarins (SI) áætla kostnað við lóðaverð um 20 prósent af heildarbyggingarkostnaði. Lóðaverð myndar því þrýsting til hækkunar íbúðaverðs. Þetta kemur fram í nýrri greiningu Íslandsbanka um íbúðamarkaðinn.

Frá 2003 til 2016 hefur lóðaverð á höfuðborgarsvæðinu hækkað frá um 500 þúsundum í fimm til tíu milljónir króna á hverja íbúð, eða ríflega tífaldast. Á sama tíma hefur íbúðaverð á því svæði þrefaldast. „Ofan á hækkun lóðaverðs bætast svo fleiri gjöld sem hafa einnig hækkað,“ segir Davíð M. Sigurðsson, markaðsstjóri ÞG Verks. „Auðvitað hefur þessi lóðahækkun áhrif á íbúðaverð, rétt eins og hækkun á mjólk hækkar jógúrtverð.“

Í október hófst formlega sala á 163 íbúðum ÞG Verks á Naustabryggju, en íbúðirnar eru að sögn Davíðs á markaðsvænu verði og ætlaðar ungu fólki og fyrstu kaupendum. Davíð segir þann gríðarlega húsnæðisskort sem ríkir nú endurspeglast í eftirspurn á þeim íbúðum. „Það eru einungis tvær eftir og við höfum selt fyrir 5,5 milljarða í einu. Við náum ekki að halda aftur af fólki sem er að grátbiðja okkur um að fá að kaupa.“

„Það er rosalega lítið framboð af lóðum fyrir verktaka eins og okkur sem erum tilbúnir að fara í framleiðslu á íbúðum á verði sem vantar. Við höfum líka verið að byggja hægindaíbúðir, eins og til dæmis á Garðatorgi, en sá markaður er orðinn svolítið mettur,“ segir Davíð en hann telur einnig þörf á að breyta deiliskipulagi og byggingarreglugerðum til að geta boðið upp á íbúðir á viðráðanlega verði.

Davíð gagnrýnir úthlutun lóða til aðila sem ekki byggja á þeim. „Okkur finnst athugavert að úthluta lóðum til aðila sem ekki á að byggja á, þetta verða bara þróunarverkefni og svo hækkar lóðaverðið um helming. Þá er ekki orðinn möguleiki fyrir aðila eins og okkur að kaupa og byggja þarna.“

Bjarni Már Gylfason, hagfræðingur Samtaka iðnaðarins, tekur undir orð Davíðs um að það sé klárt mál að lóðaverð hafi hækkað mikið. Það sé þó erfitt að mæla hækkunina. „Grunndrifkrafturinn á bak við lóðahækkunina er skortur á lóðum.

Fókusinn á höfuðborgarsvæðinu hefur verið að þétta byggð. Það eru ákveðnir kostir við það. Hins vegar samrýmist það illa hugmyndum um að reyna að ná niður byggingakostnaði og kostnaði við húsnæði,“ segir Bjarni.

„Við sjáum lítið framboð á lóðum sveitarfélaganna sem gefa kost á ódýrara húsnæði. Kröfurnar sem eru settar bæði af hálfu sveitarfélaga en líka byggingarreglugerðar og annarra eru einnig þröngar, menn hafa að einhverju leyti verið hikandi við að fara af stað. Maður spyr sig hvort það sé heilbrigð staða á markaði að verðin séu að þrýstast upp á við bara vegna skorts, og að skorturinn sé að einhverju leyti bara af mannavöldum,“ segir Bjarni Már Gylfason.

saeunn@frettabladid.is



Davíð M. Sigurðsson segir mikla eftirspurn eftir íbúðunum á Naustabryggju. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> **Maður spyr sig hvort það sé heilbrigð staða á markaði að verðin séu að þrýstast upp á við bara vegna skorts.**
>
> Bjarni Már Gylfason, hagfræðingur hjá SI





Fjárfestar eru áhugasamir um að eignast Lyfju. Talið er að endanlegt verð verði um og yfir sex milljarðar króna.

## Fjárfesta langar mikið í Lyfju

Mikill áhugi er meðal fjárfesta á að kaupa lyfsölukeðjuna Lyfju og sýndi vel á annan tug áhuga á kaupum á félaginu.

Samkvæmt heimildum hefur verið tekin ákvörðun um að þrír fjárfestahópar haldi áfram í seinni hluta söluferlisins. Íslandsbanki á félagið í gegnum Glitni Holdco ehf., en Virðing sér um ráðgjöf vegna sölunnar.

Áhugi fjárfesta endurspeglast í því að verðið er talið verða á bilinu 8 og 10 sinnum EBITDA (rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði) félagsins sem hefur verið um sex hundruð milljónir króna undanfarin ár. Það þýðir að heildarvirði félagsins verði um eða yfir sex milljarðar króna.

Áhvílandi skuldir Lyfju voru í lok síðasta árs 3,2 milljarðar króna. Velta félagsins á árinu 2015 var tæpir níu milljarðar króna og hagnaðurinn var 254 milljónir. – hh




# TAKTU FLUGIÐ HEIM UM JÓLIN

islenska/sia.is FLU 81810 10/16

FLJÚGÐU Í HLÝJAN FAÐM

FLUGFELAG.IS

SPARIKLÆTT
**NETTILBOÐ**
Í TILEFNI JÓLANNA



## VERÐ FRÁ AÐEINS 6.900 KR. aðra leiðina með sköttum

Gildir til og frá Reykjavík, Ísafirði, Akureyri, Egilsstöðum, Grímsey, Vopnafirði og Þórshöfn.

Bókanlegt:
**20. OKTÓBER FRÁ KL. 10:00 TIL MIÐNÆTTIS**

Ferðatímabil:
**1. DESEMBER 2016 TIL 6. JANÚAR 2017**

Takmarkað sætaframboð, valdar dagsetningar og skilmálar netfargjalda gilda.

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

## Annarra fé



Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@frettabladid.is

Nærri allt það fjármagn sem er í umferð í fjármálakerfinu eru peningar einhverra annarra en þeirra sem um þá sýsla. Ef við tökum Deutsche Bank sem dæmi þá eru aðeins þrjú prósent af fé bankans sem er undir áhættu eigið fé, en 97 prósent í eigu lánveitenda eða sparifjáreigenda.

Ísland hefur á síðustu árum skorið sig úr með hærri kröfum um eigið fé banka en þekkist annars staðar en enn hefur ekki verið ráðist í breytingar sem aftengja óábyrga áhættusækni í fjármálakerfinu og innleiða ábyrgð þeirra sem sýsla með peninga annarra þótt átta ár séu liðin frá bankahruninu.

Núverandi og síðasta ríkisstjórn hafa barið sér á brjóst fyrir að hafa ráðist í endurbætur á fjármálakerfinu. Það var innistæðulítið sjálfshól því breytingar sem hafa verið gerðar eiga sér flestar rætur í tilskipunum ESB og bera þess merki að verið sé að setja plástra á núverandi kerfi fremur en að breyta því í þágu almennings. Hér má nefna reglur um eigið fé, laust fé, yfirtökureglur og stjórnarhætti fjármálafyrirtækja og tilskipanir ESB um lánshæfismatsfyrirtæki og kröfur um afleiðuviðskipti utan markaða sem ekki hafa verið innleiddar hér á landi enn þá. Engin þessara breytinga tekur á rót vanda bankakerfisins. Engin breyting hefur orðið á félagaformi fjármálafyrirtækja. Engar breytingar hafa verið gerðar sem tengja áhættu í bankarekstri við ábyrgð þeirra sem stjórna þeim líkt og þekktist fyrir árið 1980. Þau félaga- og rekstrarform sem þekktust í banka- og fjármálastarfsemi um og eftir miðbik síðustu aldar og fram á níunda áratug hennar voru betur til þess fallin að styðja við hlutverk bankanna sem þjónustufyrirtækja í þágu almennings, einstaklinga og fyrirtækja í samfélaginu.

Hagfræðingurinn John Kay segir í bók sinni Other People's Money að flækjustigið í bankakerfi nútímans hafi verið hannað og því stýrt fyrst og fremst til að þjóna hagsmunum milligönguaðila á markaði, fyrirtækjanna sjálfra, fremur en notendum fjármálaþjónustu.

Það þarf að ráðast margþættar breytingar til að draga úr áhættu í kerfinu en ein sú mikilvægasta er að eyða þeirri hugmynd að bankarnir starfi undir óbeinni ríkisábyrgð. Þá þarf að leggja niður hugtök eins og „lánveitandi til þrautavara“ og koma fram við bankana eins og hver önnur fyrirtæki. Þeir þurfa að standa á eigin fótum og geta farið á hliðina án inngrips ríkisins. Aðskilnaður milli viðskiptabanka og fjárfestingarbanka ætti að vera forgangsmál en ef það gengur ekki þarf að setja upp girðingar (e. ring fencing) utan um innistæður og sparifé almennings í samræmi við tillögur í skýrslu Vickers í Bretlandi og Liikanen-skýrslu ESB. Séu girðingarnar skilvirkar munu bankarnir hugsanlega selja frá sér viðskiptabankastarfsemina án inngrips ríkisvaldsins og aftengja þar með tengsl sparifjár almennings við áhættusækna starfsemi.

Núna þegar ríkissjóður á tvo af stóru viðskiptabönkunum þremur og hlut í þeim þriðja eru kjöraðstæður til að innleiða varanlegar breytingar á bankakerfinu í þágu almennings.

**Þá þarf að leggja niður hugtök eins og „lánveitandi til þrautavara“ og koma fram við bankana eins og hver önnur fyrirtæki.**




### Halldór




## Frá degi til dags

**Farsi**

**Árið er 2008. Háttsettur embættismaður segir forsætisráðherra lýðveldisins að hægt sé, innan þeirrar stofnunar sem hann er í forsvari fyrir, að nurla saman hálfum milljarði bandaríkjadala til þess að redda einum einkareknum viðskiptabanka í nokkra daga vegna fjármálakreppu. Í sama símtali segir embættismaðurinn við forsætisráðherra að verði lánið greitt séu yfirgnæfandi líkur á því að lánið tapist. Háttsetti embættismaðurinn ákvað að segja forsætisráðherranum þetta í símtali sem hann vissi að væri hljóðritað.**

**Útópía**

**Söguþráður sem þessi á auðvitað aðeins heima í sögubókum og fantasíum. Hér erum við að tala um æðstu stjórnarmenn landsins okkar í nærri tvo áratugi; einstaklinga sem töldu vald sitt nánast fengið frá Guði almáttugum. Að einstaklingar fari með vald á þennan hátt, vald sem fengið er frá þegnum þessa lands, er auðvitað með ólíkindum.**

**Stutt í kosningar**

**Það er ekki að ástæðulausu að fimmti hver kosningabæri Íslendingurinn ætlar að kjósa Pírata og aðeins helmingur ætlar sér að kjósa fjórflokkinn til valda eftir rúma viku. Þeir sem hafa haft völdin í íslensku samfélagi hafa farið illa með það og gróflega misboðið almenningi.**

**sveinn@frettabladid.is**

## Lýðskrumi svarað



Halldór Gunnarsson
varaformaður Flokks fólksins og frambjóðandi í Suðurkjördæmi

Þar sem ég býst ekki við að formaður Alþýðuflokkingarinnar, Þorvaldur Þorvaldsson, lesi Morgunblaðið, sbr. grein mína þar 17. október sl. um inneign ríkis og sveitarfélaga hjá lífeyrissjóðunum, leyfi ég mér að útskýra þetta nánar fyrir lesendum og Þorvaldi, sem sagði: „Skatturinn var aldrei borgaður. Hann varð eftir hjá sjóðsfélögunum vegna frádráttar frá skattstofni. Þessir peningar eru peningarnir sem fólkið hélt eftir og er búið að eyða fyrir löngu síðan.“ Annaðhvort er svona framsetning skilningsleysi eða lýðskrum.

Árið 1969 var komið á 12% skylduframlagi af launum á greiðslu til lífeyrissjóða frá launþegum og atvinnurekendum. Fram til 1988 var greiddur skattur til ríkis og sveitarfélaga af þessu framlagi. Það ár var lögum breytt í þá veru að iðgjaldið var undanþegið skatti, en greiðsla sem samsvaraði skatti af iðgjaldinu var innt af hendi til lífeyrissjóðanna. Launþeginn skyldi því greiða skatt af útgreiðslu lífeyris frá lífeyrissjóði þegar hann fengi greiðsluna. Með þessari breytingu eru margir lífeyrisþegar í dag að greiða skatt í annað sinn af sama gjaldstofni, sem er ólöglegt.

Inneign lífeyrissjóða í dag er a.m.k. 3.500 milljarðar, þannig að ríkissjóður á í ógreiddum skatti hjá lífeyrissjóðunum að lágmarki 800 milljarða og sveitarfélög 130 milljarða. Útreikning má sjá á flokkurfolksins.is. Um leið og þessir fjármunir væru innkallaðir, myndu lífeyrissjóðir greiða út hlut lífeyrisþega án skatts. Í framhaldi myndu launþegar og atvinnurekendur greiða skatt til ríkis og sveitarfélaga af framlagi sínu til lífeyrissjóða og myndi muna verulega um þá fjármuni til ríkisjóðs. Flokkur fólksins vill breyta þessu, spara rekstur á um 30 lífeyrissjóðum sem kostar í dag 10 milljarða á ári, með því að stofna einn deildaskiptan sjóð, tengdan almannatryggingum, sem tryggi lágmarks framfærslu og einnig hlutfallslegan eignarétt þeirra einstaklinga, sem í hann hafa greitt. Þetta er ekki tillaga um ölmusu til að vinna hylli fjöldans með rangfærslu, eins og Þorvaldur sagði í lýðskrumi eða af skilningsleysi. Þetta er tillaga um fjármögnun til að rétta við öll stoðkerfi þjóðarinnar sem eru að hruni komin, heilbrigðiskerfið, menntakerfið, samgöngurnar, löggæsluna og til að tryggja lágmarksframfærslu, hækkun á lægstu launum og afnema verðtryggingu á neytendalánum, þannig að ungt fólk geti eignast heimili.

**Með þessari breytingu eru margir lífeyrisþegar í dag að greiða skatt í annað sinn af sama gjaldstofni, sem er ólöglegt.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri.
Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Sara McMahon *sara@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Þing gegn þjóð: Taka tvö

## Í DAG



Þorvaldur Gylfason
prófessor

Ekki alls fyrir löngu rúmuðu báðir flokkarnir á Bandaríkjaþingi margar vistarverur. Frjálslyndir menn áttu samherja í báðum flokkum og það áttu einnig íhaldsmenn. Sumir sögðu flokkana tvo vera alveg eins.

Flokkakerfið vestra spratt upp úr jarðvegi sjálfstæðisyfirlýsingar Bandaríkjamanna 1776 og stjórnarskrárinnar 1787 sem var ætlað að sætta tvö höfuðsjónarmið. Annað sjónarmiðið var sú skoðun sambandssinna að landinu yrði því aðeins haldið saman til langframa að fyrir því færi sterk alríkisstjórn. Þetta var skoðun Alexanders Hamilton, fyrsta fjármálaráðherra landsins, sem hélt einnig fram kostum framþróunar og iðnvæðingar. Hitt sjónarmiðið var sú skoðun fylkissinna að friður myndi því aðeins haldast til lengdar að fylkin fengju hvert fyrir sig að hafa umtalsverða sjálfsstjórn. Þetta var skoðun Tómasar Jefferson, fyrsta utanríkisráðherra Bandaríkjanna, sem hélt einnig fram kostum landsins og landbúnaðar. Hamilton og sambandssinnar höfðu sigur á stjórnlagaþinginu í Fíladelfíu 1787 þótt ríkt tillit væri tekið til skoðunar Jeffersons og fylkissinna. Jefferson sat ekki stjórnlagaþingið þar eð hann var þá sendiherra í París. Flokkur sambandssinna varð með tímanum að flokki demókrata og flokkur fylkissinna varð að flokki repúblikana.

### Boðið upp í dans

Flokkarnir breyttust með tímanum. Þrælahald í suðurríkjunum var undir verndarvæng demókrata. Repúblikanar í norðurríkjunum undir forustu Abrahams Lincoln forseta börðu þrælahaldið niður að loknu borgarastríði 1861-1865. Það tók önnur hundrað ár að veita afkomendum þræla full mannréttindi eða þar um bil að lögum. Mannréttindalöggjöfin sem demókratar undir forustu Lyndons Johnson forseta settu 1964-1965 varð ásamt öðru til þess að afkomendur þrælahaldara í suðurríkjunum fluttu sig úr röðum demókrata yfir til repúblikana sem hafa jafnan síðan ráðið lögum og lofum í suðurríkjunum. Flokkur Lincolns var orðinn að flokki þeirra sem streittust helzt gegn réttindabaráttu blökkumanna. Og þá gat þess ekki orðið langt að bíða að repúblikanar byðu öðruranglæti einnig upp í dans.

Þetta gerðist smám saman. Sumir rekja upphaf vandans til lögbrota Nixons forseta og auðmýkjandi afsagnar hans 1974. Aðrir rekja vandann til Reagans forseta 1980-1988 sem margir demókratar töldu öfgamann þrátt fyrir prútt og frjálslegt fas. Enn aðrir rekja vandann til ársins 2000 þegar Hæstiréttur Bandaríkjanna stöðvaði atkvæðatalningu í Flórída og afhenti George W. Bush forsetaembættið með fimm atkvæðum gegn fjórum eftir flokkslínum. Úlfúðin milli repúblikana og demókrata magnaðist stig af stigi og er nú orðin slík að forustumenn flokkanna og óbreyttir flokksmenn skiptast helzt ekki á öðru en ókvæðisorðum. Sumir demókratar draga repúblikana sundur og saman í hárbeittu háði. Andrúm þingsins berst út í þjóðlífið. „Lokum hana inni!“ hrópa stuðningsmenn Donalds Trump á fundum.

### Þegar Hæstiréttur bregst

Í þessu ljósi sögunnar þarf að skoða framgöngu Trumps í kosningabaráttunni nú. Höfuðröksemd repúblikana fyrir kjöri Trumps er að þeir verði að ná að skipa oddamanninn í Hæstarétt, en þar er staðan nú jöfn, fjórir gegn fjórum. Trump sér fram á ósigur og staðhæfir að kosningunum verði stolið og reynir þannig að sá tortryggni í garð lýðræðis meðal stuðningsmanna sinna. Þessi boðskapur Trumps á greiða leið að mörgum kjósendum m.a. vegna þess að Hæstiréttur Bandaríkjanna lét sig hafa það að stela forsetakosningunum 2000 eins og lýst hefur verið í lærðum bókum og einn hæstaréttardómarinn, John Paul Stevens, hefur staðfest. Freedom House, sem fylgist með þróun lýðræðis um allan heim, gefur Bandaríkjunum ekki lengur fullt hús stiga fyrir frelsi og lýðræði. Því veldur m.a. nýleg ákvörðun Hæstaréttar um að það sé hluti af mannréttindum auðmanna að mega dæla ómældu fé í stjórnmálamenn og flokka. Aðeins þriðji hver Bandaríkjamaður treystir Hæstarétti og tíundi hver kjósandi treystir þinginu í Washington skv. nýlegri skýrslu Gallups.

**Sjö af hverjum tíu prófessorum í Háskóla Íslands birtu sameiginlega yfirlýsingu til varnar sjálfstæði Hæstaréttar. Enginn lagaprófessor – ekki einn! – treysti sér til að undirrita yfirlýsinguna.**

Brestirnir í bandarísku lýðræði berast út. Ætli sumum dómurum í Hæstarétti Íslands þyki það þá e.t.v. léttbærara en ella væri að hafa stolið kvótanum handa Panamaflokkunum með Vatneyrardómi sínum árið 2000 og hafa síðan stolið stjórnlagaþingskosningunni handa sömu flokkum 2011? Þið munið hann Jörund. Hæstiréttur dæmdi fiskveiðistjórnarkerfið ólöglegt 1998 þar eð mismuninin sem í því felst bryti gegn stjórnarskránni. Ráðherrar brugðust ókvæða við. Hæstiréttur lagði þá niður skottið og felldi þveröfugan dóm í hliðstæðu máli 2000 og sá þá ekkert athugavert við mismunun í úthlutun veiðiréttinda. Sjö af hverjum tíu prófessorum í Háskóla Íslands birtu sameiginlega yfirlýsingu til varnar sjálfstæði Hæstaréttar. Enginn lagaprófessor – ekki einn! – treysti sér til að undirrita yfirlýsinguna. Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna birti álit 2007 efnislega samhljóða dómi Hæstaréttar frá 1998 og gaf Alþingi bindandi fyrirmæli um að nema mismununina burt úr fiskveiðistjórninni. Ríkisstjórnin sagðist þá mundu gera það með nýrri stjórnarskrá með ákvæði um auðlindir í þjóðareigu. Alþingi er enn að reyna að koma sér undan að staðfesta nýju stjórnarskrána.

Ógilding Hæstaréttar á stjórnlagaþingskosningunni 2011 var sama marki brennd. Þrír sjálfstæðismenn lögðu fram kærur vegna meintra galla á framkvæmd kosningarinnar. Sex hæstaréttardómarar, þar af fimm skipaðir af dómsmálaráðherra Sjálfstæðisflokksins, ógiltu kosninguna einum rómi. Ákvörðunin var ekki bara illa grunduð í skilningi laganna, þ.e. röng, eins og Reynir Axelsson dósent í stærðfræði færði gild rök að, heldur beinlínis ólögleg þar eð lög heimila ekki ógildingu kosningar í heilu lagi nema sýnt þyki að brögð hafi verið í tafli. Hæstiréttur viðurkenndi villu sína í reynd ári síðar þegar hann vísaði frá hliðstæðri kæru vegna forsetakjörs 2012 á þeim grunni að meintir gallar á framkvæmdinni hefðu ekki getað haft áhrif á úrslitin. Kæran var lögð fram til að afhjúpa Hæstarétt. Það tókst.




Volkswagen Cross Polo er með meiri veghæð, stærri felgur og íslenskt leiðsögukerfi sem staðalbúnað.
Þegar þú vilt fara aðeins lengra og sækja í ævintýrin er Volkswagen Cross Polo bíllinn fyrir þig.

Cross Polo frá:
**3.480.000 kr.**

Volkswagen

www.volkswagen.is

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ



KRÓNAN
Ný uppskera
199 kr. kg
Íslenskar rófur
Rófan þín!
Gott verð!
796 kr. kg
Vínber, græn og rauð, Bandaríkin
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
TILBOÐIN GILDA TIL 23. OKTÓBER - AFGREIÐSLUTÍMAR Á WWW.KRONAN.IS


KRÓNAN
Gott verð!
Folalda piparsteik
2699 kr. kg
Verð áður 3599 kr. kg
-25%
Folaldafile
3299 kr. kg
Verð áður 4399 kr. kg
Ferskt íslenskt folaldakjöt
Folaldahakk
-40%
389 kr. kg
Verð áður 649 kr. kg
Folaldagúllas
-21%
1799 kr. kg
Verð áður 2299 kr. kg
Folaldagúllas og folaldasnitsel
Folaldasnitsel
-21%
Folaldalundir
-20%
3998 kr. kg
Verð áður 4998 kr. kg
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
TILBOÐIN GILDA TIL 23. OKTÓBER - AFGREIÐSLUTÍMAR Á WWW.KRONAN.IS

# KRÓNAN






Nýtt!

**799 kr. kg**

Verð áður ~~929~~ kr. kg

Lambakjöt ½ frampartur

# Kjötsúpa í kvöld?

**1499 kr. pk.**

Tilbúin kjötsúpa, 1L




Nýtt!

VEGAN

Súpa 500ml

**1099 kr. stk.**

Súpa, 3 tegundir.
500ml 1099 kr. stk. eða 1L 1998 kr. stk.




Heitt og klárt

**1599 kr. tvennan**

**Heill grillaður kjúklingur**
**og 2 lítrar af Coca-Cola**

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

TILBOÐIN GILDA TIL 23. OKTÓBER - AFGREIÐSLUTÍMAR Á WWW.KRONAN.IS

# KRÓNAN




Gestus spaghetti bolognese, frosið 400g

**299** kr. pk.




Ódýrt

Billys Pan pizza; Pepperoni, Original og Hawaii. Frosið - 170g stk.

**199** kr. stk.




Ódýrt

Ódýrt

First Price hvítlauksbrauð með smjöri, frosið - 3 stk.pk.

**239** kr. pk.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

TILBOÐIN GILDA TIL 23. OKTÓBER - AFGREIÐSLUTÍMAR Á WWW.KRONAN.IS

# Kvótakerfið: Kjósendur eiga valið




**Bolli Héðinsson**
hagfræðingur

**Þorkell Helgason**
stærðfræðingur

**Í þingkosningunum 29. október nk. verða kjósendur m.a. að taka afstöðu til hugmynda um farsæla lausn á áratuga deilumáli, um skiptingu þeirra miklu gæða sem felast í nýtingu fiskimiðanna.**

Fyrir skömmu rituðum við grein í Fréttablaðið þar sem við lýstum fyrningar- og útboðsleið. Málið snýst um það hvernig ráðstafa skuli aflahlutdeildunum og innheimta eðlilegan auðlindaarð í gegnum varfærin útboð. Við teljum það raunhæfa málamiðlun. Af þeim flokkum sem bjóða fram í komandi kosningum verður að ætla að hið minnsta Björt framtíð, Dögun, Píratar, Samfylkingin, Viðreisn og Vinstri grænir, vilji að farin verði leið í anda þeirrar sem þar er reifuð.

Núverandi stjórnarflokkar, Sjálfstæðis- og Framsóknarflokkur, hafa hingað til viljað halda sig fast við óbreytt kerfi sem mun smám saman færa útgerðinni eignarhald á þjóðareigninni, fiskimiðunum, gegn óverulegu afgjaldi. Veiðigjöld hafa verið lækkuð á kjörtímabilinu að tilstuðlan þessara flokka. Á hinn bóginn er augljóst að þrýstingur frá kjósendum fer sívaxandi um að horfið verði frá þessu gjafakvótakerfi eins og það er einatt nefnt. Þessi vilji kjósenda kom fram í þjóðaratkvæðagreiðslunni 20. október 2012 á þann hátt að meira en 80% þeirra vilja að ákvæði um þjóðareign á auðlindunum sé fest í stjórnarskrá.

**Hvað vilja ríkisstjórnarflokkarnir?**
Stefnuskrár stjórnarflokkanna eru afar rýrar um kvótamálin, sé horft til þess sem er að finna á vefsíðum þeirra. Það eina bitastæða, sem fram hefur komið um breytta stefnu úr herbúðum þeirra er frá Jóni Gunnarssyni, alþingismanni og formanni atvinnuveganefndar Alþingis. Hann hlýtur því að teljast helsti talsmaður þessara flokka í kvótamálunum enda heyra þau undir nefnd hans. Jón hefur lýst hugmyndum sínum í grein í Morgunblaðinu 4. júlí sl. svo og í viðtali á morgunvakt á Rás 1 hinn 19. september sl. Hann telur leið sína vera sáttaleið í þessu lykilmáli þjóðarinnar. Þessi leið verður hér eftir nefnd „ríkisstjórnarleiðin“.

Ríkisstjórnarleiðin er í vissulega einföld: Núverandi kvótahafar fái fiskimiðin afhent til langs tíma, væntanlega til eilífðarnóns, gegn því að skila ríkinu broti af þessum verðmætum. Lagt er til að útgerðin skili 5-7% kvótanna til eigendanna, þjóðarinnar, en haldi eftir 93-95% og þá endurgjaldslaust. Þetta gerist í eitt skipti, aðeins í upphafi þurfa útgerðirnar að láta 5-7% aflaheimilda sinna af hendi og síðan ekki söguna meir. Fyrirkomulagið er að vísu fært í flóknari búning; þann að útgerðin haldi kvótunum að fullu en láni ríkinu 5-7% af aflamarki hvers árs sem það geti síðan leigt út til smáútgerðanna. Leigugjaldið, sem ríkið kunni að fá, komi þá í stað veiðigjalds sem útgerðirnar greiða nú. Þar með séu kvótahafarnir kvitt við þjóðina.

**Fyrning eða smáskil í eitt skipti**
Hver er munurinn á ríkisstjórnarleiðinni og þeirri hugmynd um fyrningu og uppboð sem hefur lengi legið fyrir? Á þessu tvennu er reginmunur eins dregið er fram í meðfylgjandi töflu.

| | FYRNINGAR- OG UPPBOÐSLEIÐ | RÍKISSTJÓRNARLEIÐIN |
| --- | --- | --- |
| Hvar enda kvótarnir? | Færast smám saman til baka til eigandans, þjóðarinnar. | Verða að langmestu leyti (a.m.k. 93%) að ævarandi eign núverandi kvótahafa. |
| Hvert skilar auðlindaarðurinn sér? | Þegar upp er staðið til þjóðarinnar í þeim mæli sem útgerðin sjálf telur sig ráða við. | Aðeins 5-7% af arðinum skilar sér til baka. Útgerðin heldur eftir afganginum. |
| Markaðslausn? | Já, þær aflahlutdeildir sem losna á hverju ári eru boðnar upp. | Leigukvótarnir, sem útgerðin skilar, ættu að geta farið á markað. En þetta er aðeins brot af verðmætunum. |
| Eru allir jafn réttsettir? | Já; þegar í byrjun verður enginn greinarmunur á þeim sem kaupa kvóta á uppboðum og hinum sem hafa þá frá fyrri tíð. | Nei; annars vegar verða það núverandi kvótaeigendur, sem halda amk. 93% kvótanna, en hinir verða leiguliðar. |
| Pólitísk inngrip? | Það er pólitísk ákvörðun að ákveða fyrningarhlutfallið í upphafi, en eftir það er þarf engin inngrip. | Viðbúið að skilahlutfallið á aflamarki verði að árlegu pólitísku bitbeini. Sömuleiðis ráðstöfunin á ríkisleigukvótunum. |
| Er leiðin þegar útfærð? | Fyrningarfyrirkomulagið sjálft er sáraeinfalt. Útfærsla á uppboðunum kallar á vandaðan undirbúning. | Það er einfalt að afhenda núv. kvótahöfum 93% kvótanna til eilífðarnóns. En eftir situr útfærsla á kvótaleigu ríkisins. |
| Verður kollsteypa? | Nei; það verður engin kollsteypa. Með hóflegri fyrningu fær útgerðin ríflegan aðlögunartíma. Útgerðarmenn, núverandi og nýir, munu hafa megnið af sínum réttindum tryggð frá einu ári til þess næsta. | Það ekkert stórmál fyrir útgerðina að skila lítilræðinu 5-7% af kvótunum. Ríkisstjórnarleiðin felur hins vegar í sér kollsteypu eigi hún að vera jafngild fyrningarleiðinni. |
| Er þetta sáttaleið? | Núvirði alls auðlindaarðsins skiptist nokkuð jafnt á milli þjóðarinnar og útgerðarinnar. Er það ekki ekta málamiðlun, sáttaleið? | Kjósendur verða að dæma um það hvort það felist sátt í því að afhenda einkaaðilum 93% þjóðareignarinnar endurgjaldslaust. |
| Varanleg lausn | Eftir að kerfið er komið á heldur það sér sjálft við og er því til frambúðar. | Aðeins varanleg lausn ef þjóðin getur sætt sig við hina miklu eftirgjöf. |

Í þingkosningunum 29. október nk. verða kjósendur m.a. að taka afstöðu til hugmynda um farsæla lausn á áratuga deilumáli, um skiptingu þeirra miklu gæða sem felast í nýtingu fiskimiðanna. Fyrningarleiðin er leið til að hafa opna gegnsæja tilhögun á úthlutun veiðiheimilda þar sem allir standa jafnir og þjóðin sér og veit að tímabundin úthlutun fiskveiðiheimildanna er á valdi þjóðarinnar en ekki forréttindi fárra.

Valkostirnir eru vald stjórnmálamanna í bakherbergjum með þeirri óvissu sem því hefur fylgt eða markaðsákvarðanir sem teknar yrðu með útboði fyrir opnum tjöldum með tilboðum frá fyrirtækjum sem gerst þekkja eigin rekstur og vita hvaða upphæðir þeir treysta sér til að bjóða.

Vilja kjósendur þá flokka sem hyggjast festa óbreytt ástand í sessi með varanlegri afhendingu nánast allra aflaheimilda til núverandi útgerðarmanna? Eða vilja þeir að farin sé varfærin málamiðlunarleið sem færi auðæfin til baka til samfélagsins? Þessu verður að svara við kjörborðið.

# Dylgjum svarað



**Logi Einarsson**
varaformaður Samfylkingarinnar og oddviti lista flokksins í Norðausturkjördæmi

Það er óskemmtilegt þegar vegið er að manni með dylgjum og ósannindum. En það má a.m.k. reyna að koma á framfæri því sem satt er.

Jón Hjaltason hélt því fram í blaðinu í gær að Samfylkingin á Akureyri vilji leggja niður flugvöllinn í Vatnsmýri. Það er ósatt. Ég og aðrir bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar höfum margítrekað stutt bókanir í bæjarstjórn um að nauðsynlegt sé að flugvöllurinn verði kyrr þar sem hann er, þar til betri lausn er fundin. Um þetta eru nær allir stjórnmálaflokkar í Norðausturkjördæmi nú orðnir sammála.

Reykjavík ber ríkar skyldur sem höfuðborg. Aðgengi landsmanna að stjórnsýslu og heilbrigðisþjónustu er ekki léttvægur munaður heldur nauðsynlegt. Ég hef þó talað fyrir því að fólk setjist niður og vinni saman að lausnum í stað þess að æpa hvert á annað yfir landið, árum saman, án árangurs.

Innanríkisráðherra fer með málaflokkinn og þarf auðvitað að hafa forgöngu um að leita lausna og fá fólk til að vinna saman að ásættanlegri lausn.

# Neytendasamtökin með þér úti í búð



**Teitur Atlason**
varaformaður Neytendasamtakanna

Um helgina verða kosningar í Neytendasamtökunum. Eftir þær mun kveða við nýjan tón því Jóhannes Gunnarsson hverfur úr eldlínu neytendamálanna og annar tekur við. Ég er í framboði til formanns og í þessari grein langar mig til að fara yfir áherslur mínar nái ég kjöri.

Neytendasamtökin eiga að vera félagsskapur sem fer með þér út í búð. Þau eiga að vera með þér að raða í körfuna, standa við hliðina á þér í röðinni og fara með þér yfir merkingar og verðlag. Neytendasamtökin eiga að vera með þér í liði þegar þú ert í þínum daglegu verkum, að kaupa mjólk og brauð, bensín og keyra krakkana í tómstundir. Og þegar verðlag á nauðsynjavörum er allt of hátt eða merkingar á matnum í ruglinu (ekki sagt frá sykurinnihaldi eða eitthvað drullumall selt sem nautakjöt) þá eiga Neytendasamtökin að láta í sér heyra. Tala hátt og skýrt, og taka slaginn fyrir þig.

Til þess að þetta sé svona þurfa Neytendasamtökin að halda fókus. Þau þurfa að einbeita sér að daglegum málefnum neytenda, að daglegum útgjöldum fjölskyldunnar. Og þau þurfa að gera eitt í einu en ekki dreifa kröftunum í allar áttir. Vissulega má segja að fjölmörg málefni varði neytendur og öll samfélagsmál séu neytendamál, því öll erum við neytendur. Þannig mætti færa rök fyrir því að umhverfismálin og heilbrigðismálin séu neytendamál, íslenska krónan og framtíð áliðnaðarins og staðsetning nýs spítala séu beint og óbeint neytendamál, og þess vegna eigi Neytendasamtökin að beina sjónum sínum að þeim.

Ég er ekki sammála þessu. Vissulega eru hin almennu þjóðfélagsmál mikilvæg fyrir okkur öll. En til þess að Neytendasamtökin geti skipt máli og gegnt mikilvægu hlutverki fyrir okkur, þá þurfa þau að halda fókus. Það er ákveðin verkaskipting í samfélaginu okkar. Neytendasamtökin eru ekki stjórnmálaflokkur og þau eiga ekki að eyða öllum kröftum sínum í málefni sem varða almenna hagstjórn, kjarasamninga eða umhverfisstefnu. Við getum og eigum að hafa skoðun á þessum og öllum öðrum samfélagsmálum, en við verðum líka að passa okkur á því að allir séu að grufla í öllu, eins og afi minn sagði stundum.

**Trú upphaflegum tilgangi**
Mín skoðun er sú að Neytendasamtökin eigi að vera trú hinum upphaflega tilgangi sínum, þ.e. að passa upp á verðlag í landinu, berjast fyrir bættum rétti neytenda og stuðla að betri vörumerkingum og ryðja fram rás fyrir samkeppni þar sem fákeppni ríkir.



Í gegnum þetta grundvallarstarf getum við haft jákvæð áhrif á líf venjulegs fólks og fjölskyldna í landinu. Það er sannarlega af nógu að taka.

Upplýstur neytandi er upplýstur borgari og þessir tveir eru byggingarefni allra almennilegra samfélaga. Við eigum að sjálfsögðu að álykta um dýravernd, hagstjórn, heilbrigðismál, eða staðsetningu nýs spítala, en þetta ættu ekki að vera kjarnamál Neytendasamtakanna.

Tæknibylting snjallsímanna opnar fyrir okkur ótrúleg tækifæri. Upplýsingar um vöru er hægt að kalla fram með strikamerkjaskanna sem eru í öllum snjallsímum. Styrkur Neytendasamtakanna mun samt aldrei liggja í appi eða í gagnvirkri vefsíðu. Hann liggur í samstöðu hinna mörgu og einbeittum vilja til að knýja fram hið rétta. Vettvangur Neytendasamtakanna er ekki fyrir framan skjáinn heldur fyrir framan afgreiðsluborðið.

**Ég tel það eðlilegan þátt í vinnuskyldu formanns Neytendasamtakanna að vera sýnilegur á vettvangi okkar daglegu viðskipta. Hann ætti að kíkja við í Bónus. Rölta um í Krónunni. Hann á að mæta í tryggingafélagið og krefjast útskýringa á undarlegri hækkun milli mánaða.**

Ég tel það eðlilegan þátt í vinnuskyldu formanns Neytendasamtakanna að vera sýnilegur á vettvangi okkar daglegu viðskipta. Hann ætti að kíkja við í Bónus. Rölta um í Krónunni. Hann á að mæta í tryggingafélagið og krefjast útskýringa á undarlegri hækkun milli mánaða. Hann á að skoða, kanna, spyrja, sýna sig, vera til staðar, láta í sér heyra, spjalla við fólk og spyrna við fæti þegar þurfa þykir.

Neytendasamtökin þurfa að finna til máttar síns og vera tilbúin að taka slagina þegar þeir koma. Í þeirri viðleitni eigum við að vera reiðubúin að ganga eins langt og þurfa þykir.

Gerum eitt í einu. Fókuserum á aðalatriðin.




GILDIR 20. OKTÓBER - 2. NÓVEMBER



3 FYRIR 2
AF KERTUM




3 FYRIR 2
AF ILMUM

# 30% AFSLÁTTUR
## AF BORÐSTOFUHÚSGÖGNUM



**NÝ SENDING**
ZWETTL GLERSKÁPUR
Verð 169.900,-
Stærð: 128x45xH189 cm.



30% AFSLÁTTUR

XEUILLEY STÓLAR
Áður 19.990,- NÚ 13.993,-
Stærð: 44x41xH88 cm.

ANTON&BERGUR



PÚÐAR
VERÐ FRÁ 1.990,-



30% AFSLÁTTUR

HAITI STÓLL
Áður 25.900,- NÚ 18.130,-
Stærð: 65x61xH86 cm.

30% AFSLÁTTUR AF SKILTUM




SKILTI
VERÐ FRÁ 693,- m/afslætti



30% AFSLÁTTUR

NQ EIKARBORÐ
Áður 179.900,- NÚ 125.930,-
Stærð: 200x100xH76 cm.

3 FYRIR 2 AF PÚÐUM, KERTUM & ILMUM




the PIER

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880

GLÆSILEGT ÚRVAL Á PIER.IS



Hólmfríður Magnúsdóttir, Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir, Anna Björk Kristjánsdóttir, Ásgerður Stefanía Baldursdóttir og Guðbjörg Gunnarsdóttir stilla sér upp í miðbæ Chongquing þar sem þær hefja leik með íslenska landsliðinu gegn Kína á fjögurra þjóða æfingamóti í hádeginu í dag. LJÓSMYND/KSÍ

# Að læra innan og utan vallar

**Stelpurnar okkar í kvennalandsliðinu í fótbolta hefja leik á fjögurra þjóða æfingamóti í Kína í hádeginu í dag gegn heimakonum. Nýtt leikkerfi verður prófað en landsliðsþjálfarinn Freyr Alexandersson er að undirbúa liðið fyrir allt sem getur komið upp á EM á næsta ári innan jafnt sem utan vallarins.**

**FÓTBOLTI** „Við erum búin að velta því fyrir okkur um tíma hvaða leikkerfið við getum notað ef hápressan og grunnkerfið okkar er ekki að virka og niðurstaðan varð þessi,“ segir Freyr Alexandersson, landsliðsþjálfari kvenna í fótbolta, um 3-5-2 leikkerfið sem stelpurnar okkar spila í vináttuleiknum gegn Kína í Chongqing í hádeginu í dag.

Íslenska liðið hefur leik á fjögurra þjóða æfingamóti fyrir framan 20.000 manns klukkan 11.35 en auk Íslands og Kína taka þátt í mótinu Danmörk og Úsbekistan. Nokkra athygli hefur vakið að Freyr ætlar að spila þetta nýja kerfi sem liðið hefur ekki spilað áður.

### Byrjunarliðið: 3-5-2




### Gott gegn sterkum þjóðum

„Niðurstaðan er að hópurinn okkar passar inn í þetta kerfi. Það verður gaman að prófa þetta og sjá hvernig þetta kemur út. Kína er með gott lið, þannig að við fáum einhver svör strax í fyrsta leik,“ segir Freyr.

Þessi útfærsla Freys verður svolítið varnarsinnuð og hann játar því strax aðspurður hvort hann sé að undirbúa liðið betur fyrir leiki gegn mögulegum stórþjóðum á EM næsta sumar eins og Þýskalandi eða Frakklandi.

„Það er svolítið þannig. Þetta er lágpressukerfi eins og við ætlum að spila þetta og það getur hentað mjög vel á móti sterkum þjóðum.“



### Undirbúningur bæði innan og utan vallar

Stelpurnar okkar verða á meðal þátttökuþjóða á EM í Hollandi á næsta ári. Undirbúningurinn verður varla mikið betri en fyrir utan hið árlega Algarve-mót fær Freyr nú annað æfingamót gegn sterkum liðum í Kína.

„Þetta er dýrmætt. Ég er mjög ánægður með að fá þetta verkefni. Ég ætla að rúlla mikið á hópnum fyrst það er svona stutt á milli leikja en líka til að gefa þeim sem hafa minna spilað eða ekkert sín tækifæri. Ég mun einnig nota allar sex skiptingarnar í öllum leikjunum býst ég við,“ segir Freyr.

Landsliðsþjálfarinn segir umgjörðina mikla í kringum mótið í Chongqing og því er Freyr að nota þetta tækifæri til að láta stelpurnar, bæði þær reyndu og óreyndu, venjast fjölmiðlaathygli og ágangi pressunnar.

„Það er búist við í kringum 20.000 manns á leikinn þó þetta sé bara æfingamót. Hér er allt þetta helsta eins og Mixed Zone (blandað viðtalssvæði), flass-viðtöl (fyrir sjónvarpsrétthafa) og blaðamannafundir. Svona hlutir eru í regluverkinu á EM og því er gott fyrir stelpurnar að fara í gegnum þetta núna. Við nálgumst þetta mót með mikilli virðingu og lítum á þetta sem góða æfingu,“ segir Freyr, sem hefur tekið eftir því að fjölmiðlaáhugi á íslenska kvennaliðinu hefur aukist.

„Það er mikilvægt fyrir þær sem eru óreyndari í þessu að venjast svona og líka fyrir þær sem eru vanar bara að koma enn betur fram en þær hafa gert. Leikmenn sem hafa farið í gegnum svona áður verða betri og þær sem hafa ekki farið í gegnum svona fá dýrmæta reynslu.“

### Fá smá frítíma

Enginn í landsliðinu hefur áður komið til Kína að sögn Freys þannig að allur hópurinn er að upplifa eitthvað nýtt.

„Þetta er allt annar menningarheimur. Hér er töluð lítil enska og umferðin er á einhverju allt öðru stigi en ég hef upplifað. Ég sit í bíl núna og vona bara að ég komist á leiðarenda,“ segir Freyr kíminn.

„Við erum að reyna að njóta þess að upplifa eitthvað af nýjum hlutum en fyrst og fremst er þetta bara rútína. Stelpurnar æfa, hvílast, borða og sofa. Svo eftir það taka við leikir og endurheimt. Við erum samt í nýju landi. Ég reyni að gefa leikmönnum smá frítíma til að fara út á kvöldin þó það sé ekki bara nema til að fara rétt út af hótelinu,“ segir Freyr Alexandersson. **tomas@365.is**

> Þetta er lágpressukerfi eins og við ætlum að spila þetta og það getur hentað mjög vel á móti sterkum þjóðum.

**20.000**

Stelpurnar munu spila fyrir fleiri áhorfendur en þær eru vanar að gera í dag.

## Nýjast

**Meistaradeild Evrópu, riðlakeppni**

**A-riðill**

**Arsenal - Ludogorets 6-0**
1-0 Alexis Sanchez (12.), 2-0 Theo Walcott (42.), 3-0 Alex Oxlade-Chamberlain (46.), 4-0 Mesut Özil (56.), 5-0 Mesut Özil (83.), 6-0 Mesut Özil (87.).

**PSG - Basel 3-0**
1-0 Angel di Maria (40.), 2-0 Lucas Moura (62.), 3-0 Edninson Cavani (90.).

**Staðan:** Arsenal 7, PSG 7, Ludogorets 1, Basel 1.

**B-riðill**

**Napoli - Besiktas 2-3**
0-1 Adriano (13.), 1-1 Dries Mertens (30.), 1-2 Vincent Aboubakar (38.), 2-2 Manolo Gabbiadini (69.), 2-3 Vincent Aboubakar (86.).

**Dynamo Kiev - Benfica 0-2**
0-1 Eduardo Salvio (9.), 0-2 Franco Cervi (55.).

**Staðan:** Napoli 6, Besiktas 5, Benfica 4, Dynamo Kiev 1.

**C-riðill**

**Barcelona - Man. City 4-0**
1-0 Lionel Messi (17.), 2-0 Lionel Messi (61.), 3-0 Lionel Messi (69.), 4-0 Neymar (89.). Rautt: Claudio Bravo, City (53.), Mathieu, Barcelona (73.).

**Celtic - Gladbach 0-2**
0-1 Lars Stindl (57.), 0-2 Andre Hahn (77.).

**Staðan:** Barcelona 9, Man. City 4, Mönchengladbach 3 Celtic 1.

**D-riðill**

**Bayern - PSV Eindhoven 4-1**
1-0 Thomas Müller (13.), 2-0 Joshua Kimmich (21.), 2-1 Luciano Narsingh (41.), 3-1 Robert Lewandowski (59.), 4-1 Arjen Robben (84.).

**Rostov - Atlético 0-1**
0-1 Yannick Ferreira-Carrasco (62.).

**Staðan:** Atlético 9, Bayern 6, PSV Eindhoven 1, Rostov 1.

**Domino's deild kvenna í körfu**

**Keflavík - Skallagrím. 81-70**

**Grindavík - Njarðvík 70-86**

**Haukar - Snæfell 42-69**

**Stjarnan - Valur 71-62**

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Snæfell | 6 | Skallagrímur | 4 |
| Njarðvík | 6 | Grindavík | 2 |
| Stjarnan | 6 | Haukar | 2 |
| Keflavík | 6 | Valur | 0 |

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 16.55 | Inter - Southampton | Sport2 |
| 16.55 | Celta - Ajax | Sport3 |
| 19.00 | Man Utd- Fenerbache | Sport2 |
| 19.00 | AZ - Maccabi Tel Aviv | Sport3 |
| 19.05 | Þór Ak. - Skallagrímur | Sport |
| 02.30 | CIMB Classic | Golfstöðin |

**Domino's-deild karla**

| | | |
|---|---|---|
| 19.15 | KR - Grindavík | DHL-höllin |
| 19.15 | Þór Ak. - Skallagr. | Akureyri |
| 19.15 | ÍR - Tindastóll | Hertz-hellir |
| 19.15 | Keflavík - Snæfell | TM-höllin |

**Olís-deild karla**

| | | |
|---|---|---|
| 18.30 | ÍBV - Afturelding | Eyjar |
| 19.30 | Grótta - Selfoss | Hertz-höllin |
| 19.30 | FH - Fram | Framhús |
| 19.30 | Stjarnan - Haukar | TM-höllin |

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ 20. OKTÓBER 2016 FIMMTUDAGUR

# BURTON KOMIÐ TIL ÍSLANDS

**Debe.is kynnir** Á debe.is er mikið úrval af vönduðum snjóbrettavörum og fatnaði frá snjóbrettaframleiðandanum Burton. Auk þess býður verslunin upp á fallegan jógafatnað og dýnur frá ýmsum framleiðendum. Debe.is leggur metnað sinn í að vera samkeppnishæft við erlendar vefverslanir með sambærilega vöru.

DéBé bretti og stíll ehf. rekur vefverslunina debe.is. Þetta er fjölskyldufyrirtæki sem hóf starfsemi sína í desember í fyrra. Fyrirtækið er með umboð fyrir Burton hér á landi, en Burton býður upp á snjóbretti og allan útbúnað sem þeim tengist. Auk þess framleiðir Burton gríðarlega breitt úrval af fatnaði, allt frá sokkum upp í virkilega vandaðan og fallegan útivistarfatnað.

Fyrirtækið á rætur sínar að rekja til snjóbrettaáhuga fjölskyldu einnar á Reyðarfirði. „Við hjónin og synir okkar erum mikið á snjóbrettum og höfum tengst brettafélaginu hér fyrir austan,“ segir Dagný Björk Reynisdóttir, eigandi debe.is. „Í upphafi kom þessi hugmynd um að skoða umboð frá sonum okkar. Burton-vörurnar höfðu ekki verið aðgengilegar hér á landi í mörg ár, þrátt fyrir að vera eftirsóttar og vandaðar vörur. Við sendum því fyrirspurn til þeirra upp á von og óvon, og við fengum mjög jákvæð viðbrögð frá þeim. Því var þetta spurning um að hrökkva eða stökkva.“


DéBé bretti og stíll ehf. rekur vefverslunina debe.is og er fjölskyldufyrirtæki í eigu þeirra Björgvins Hólm Birgissonar, Dagnýjar Bjarkar Reynisdóttur, Reynis Birgissonar og Birgis Arnar Tómassonar.


Debe.is er með fallegan og vandaðan jógafatnað frá Teeki, Onzie og The Choclo Project og frábærar jógadýnur frá JadeYoga úr hrágúmmíi.


Fatalínan frá Burton er gríðarlega flott og vönduð. Auk vetrar- og útivistarfatnaðar er mikið úrval af almennum fatnaði.

### STÓR SENDING Á LEIÐINNI

Von er á fyrstu stóru vetrarsendingunni frá Burton í lok október. „Þessa dagana erum við í óðaönn að setja nýju vörurnar inn á heimasíðuna. Þetta eru meðal annars snjóbretti, skór og bindingar, vetrarfatnaður, snjóbuxur, úlpur og jakkar fyrir alla fjölskylduna. Fatalínan þeirra er gríðarlega flott og vönduð. Auk vetrar- og útivistarfatnaðar, er mikið úrval af almennum fatnaði,“ lýsir Dagný og tekur fram að fatnaðurinn henti í hvaða útivist sem er.

Dagný segir snjóbrettaíþróttina vera að breytast, iðkendahópurinn er orðinn breiðari en var á árum áður. „Það er mikið barnastarf í gangi í íþróttinni og iðkendum er að fjölga. Fólk er líka að verða meðvitaðra um öryggismál sem er mjög góð þróun og bjóðum við upp á flotta og vandaða hjálma og gleraugu frá Anon. Einnig erum við með brynjur frá Dainese sem henta jafnt skíða- og brettafólki. Allar þessar vörur uppfylla gildandi öryggisstaðla,“ segir Dagný.

### VANDAÐAR JÓGAVÖRUR

Í netversluninni má líka fá jóga- og íþróttafatnað á konur og karla, frá flottum og vönduðum merkjum. „Okkur langaði að vera með fjölbreytt vöruúrval. Við erum með fallegan og vandaðan jógafatnað frá Teeki, Onzie og The Choclo Project og svo frábærar jógadýnur frá JadeYoga úr hrágúmmíi. Við leggjum áherslu á að framleiðendur þeirra vara sem við seljum hafi umhverfisvernd og samfélagsábyrgð að leiðarljósi við framleiðsluna.“

**Hægt er að skoða úrvalið og fá nánari upplýsingar á debe.is og á Facebook undir DéBé Bretti og stíll og DéBé Jóga, einnig á Instagram.**















Kristján Guðlaugsson verkfræðingur tálgar þverslaufur úr rekavið.

# ÞVERSLAUFUR ÚR ORMÉTNUM VIÐ

Kristján Guðlaugsson byggingaverkfræðingur tálgar þverslaufur úr rekavið fyrir framan sjónvarpið. Slaufurnar eru komnar á markað og njóta vinsælda hjá fólki á öllum aldri. Á handverkssýningu í Eyjafirði fékk Kristján verðlaun fyrir frumlega nýtingu á rekavið.


**Ragnheiður Tryggvadóttir**
heida@365.is




„Ég er slaufukarl og hef gaman af því að tálga. Eitt sinn kom upp sú spurning í vinnunni af hverju ég byggi ekki til slaufu úr spýtu, og ég gerði það bara. Við hjónin sitjum gjarnan við sjónvarpið, hún að prjóna og ég að tálga, en ég útbjó mér sérstakan kassa sem ég tálga í, með ljósi. Það tekur mig upp í fimm tíma að tálga eina slaufu," segir Kristján Guðlaugsson, byggingaverkfræðingur og handverksmaður, en þverslaufur úr rekavið eftir hann vöktu athygli á handverkssýningum á Hrafnagili í Eyjafirði í sumar og á Ljósanótt í Reykjanesbæ. Slaufurnar eru nú komnar á markað, meðal annars í versluninni Skyrtu í Turninum á Smáratorgi.

„Þeir hjá Skyrtu sáu slaufurnar hjá mér á Ljósanótt og fengu mig í samstarf. Slaufurnar seldust vel á Hrafnagili og þar fékk ég verðlaun fyrir frumlega notkun á rekavið," segir Kristján. „Það virðist allur aldur kaupa sér slaufu og konurnar ekki síður. Bæði konan mín og dæturnar hafa gengið með rekaviðarslaufurnar, en velja sér reyndar oftast þær nettari. Dóttir mín hefur mikinn áhuga á þessu og vill drífa karlinn áfram," segir Kristján sposkur. Hann líti þó enn á tálgunina sem áhugamál, sem þó hafi undið skemmtilega upp á sig.

„Ég hef þetta líklega frá föður mínum, hef gaman af að föndra og búa til hluti og er heppinn að ég get gert það. Ég bjó til dæmis einnig til ljósið sem er á kassanum mínum, skermurinn úr rekavið og svo tálga ég skálar og platta."



Fjölbreytileikinn í rekaviðnum gerir hverja slaufu einstaka.



Slaufurnar eru vinsælar hjá báðum kynjum að sögn Kristjáns.

Kristján segist nálgast efniviðinn á ferðalögum um landið. Hann sé duglegur að ferðast og grípi með sér kubba hér og þar. Ormétinn viðurinn sé skemmtilegt hráefni og fjölbreytt.

„Fyrsta rekaviðarkubbinn náði ég mér í á ferðalagi norður á Hraunhafnartanga, fannst hann svo fallegur í sárið og þannig hófst þetta. Ég þarf nú ekki mikið en gríp stundum með mér á ferðalögum. Selatangar rétt austan við Grindavík eru afar fallegur staður sem gaman er að ganga um. Þar liggur talsvert af rekavið. Ég hef tálgað úr venjulegum spýtum líka en rekaviðurinn er svo margbreytilegur og skemmtilegur. Sérstaklega þegar maðkur hefur borað sig gegn um viðinn og skilið eftir sig holur og göng. Viðurinn er því munstraður á einstakan máta svo tvær slaufur verða aldrei eins."

**Nánar má forvitnast um rekaviðarslaufur Kristjáns á Facebook, undir heitinu BRAK.**


**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI:** 365 MIÐLAR | **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
**UMSJÓNARMENN EFNIS:** Elín Albertsdóttir, elin@365.is, s. 512 5349 | Lilja Björk Hauksdóttir, liljabjork@365.is, s. 512 5372 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@365.is, s. 512 5367 | Sólveig Gísladóttir, solveig@365.is, s. 512 5351 Starri Freyr Jónsson, starri@365.is, s. 512 5358 | Vera Einarsdóttir, vera@365.is, s. 512 5357
**SÖLUMENN:** Atli Bergmann, atlib@365.is, s. 512 5457 | Jóhann Waage, johannwaage@365.is, s. 512 5439 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.is, s. 512 5433

# DEBENHAMS




# BIOTHERM DAGAR

## Í DEBENHAMS 20. - 26. OKTÓBER.

**GLÆSILEGUR KAUPAUKI FYLGIR ÞEGAR ÞÚ KAUPIR BIOTHERM VÖRUR FYRIR 7.800 KR. EÐA MEIRA.**




**20% AFSLÁTTUR AF VINSÆLU BB LAIT CORPOREL HÚÐMJÓLKINNI, BIOTHERM BLUE THERAPY LÍNUNNI OG SJÁLFBRÚNANDI VÖRUM.**

**LAIT CORPOREL BB HÚÐMJÓLKIN FYRIR LÍKAMANN** gefur samstundis jafnan, fallegan húðlit og frískar upp á húðina. Hún er með léttum sítrusilmi, verndar og gefur raka í allt að 24 klst.

**AQUA-GELEE AUTOBRONZANT** er rakagefandi og sjálfbrúnandi serum fyrir andlitið. Það er einstaklega auðvelt í notkun, gefur náttúrulegan og jafnan lit og húðin fær samstundis ljóma og verður ekki flekkótt.

Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS – SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

# LITRÍKUR SMEKKUR

**Emily Blunt** er alltaf flott í tauinu. Hún velur sér yfirleitt djörf og litrík föt.



Emily eignaðist sitt annað barn í júní síðastliðnum. Hún var flott á galakvöldi MoMA nokkrum vikum áður í kjól frá Michael Kors.

Glæsileg með rauðan varalit í stíl við rautt blúndupilsið sem er frá Valentino.

Í töff svörtum samfestingi og í skóm frá Louboutin í stíl.

Leikkonan Emily Blunt hefur vakið mikla athygli fyrir leik sinn í kvikmyndinni The Girl on the Train sem frumsýnd var hér á landi á dögunum. Emily leikur þar áfengissjúka og þunglynda konu og þurfti að breyta útliti hennar töluvert til að gera hana trúverðuga í hlutverkinu.

Emily hefur einnig vakið athygli á tískusviðinu að undanförnu en hún þykir hafa skartað fallegum fötum á rauða dreglinum og við önnur opinber tækifæri. Í viðtali við InStyle, en Blunt prýðir forsíðu nóvemberheftisins, segist hún hafa eina reglu þegar kemur að klæðavali fyrir rauða dregilinn; ekkert of stelpulegt eða duttlungafullt. „Mér líka þröng föt fyrir slíka viðburði," segir leikkonan. „Ég er ekki mikið fyrir stelpuleg eða fínleg föt og vel frekar dress sem eru djörf í sniðum og í sterkum litum."

Blunt á sér væntanlega ekki neinn sérstakan eftirlætishönnuð þar sem hún sést í fötum frá ýmsum hönnuðum. Yfirleitt er hún þó í fötum frá frægum alþjóðlegum merkjum eins og Prada, Dior, Elie Saab og Michael Kors en hún hefur einnig vakið athygli í klæðnaði frá samlöndum sínum, þeim Alexander McQueen, Vivienne Westwood og Stellu McCartney.

» Ég er ekki mikið fyrir stelpuleg föt og vel frekar dress sem eru djörf.



Emily er óhrædd við að klæðast litum og er hér í grænum doppóttum kjól.



Emily þótti stórglæsileg í kjól frá Prada við frumsýningu myndarinnar The Girl on the Train í New York á dögunum.







NÝJAR VÖRUR!
Full búð af nýjum og glæsilegum haustvörum
ZIKZAK
TÍSKUHÚS
ÚLPA
12.990kr
st. 36-56
KJÓLL
5.990kr
st. S-XXXL
KJÓLL
6.990kr
st. S-XXXL
KJÓLL
5.990kr
st. S-XXXL
PEYSA
6.990kr
st. S-XXXL
TÚNIKA
6.990kr
st. S-XXXL
PEYSA
5.990kr
st. S-XXXL
KJÓLL
6.990kr
st. S-XXXL
KJÓLL
6.990kr
st. S-XXXL
Einnig til í rauðu, fjólubláu og svörtu!
ÚLPA
12.990kr
st. 36-56
Verð
8.990,-
st. 36-41
Verð
9.990,-
st. 36-41
Verð
8.990,-
st. 36-41
Verð
11.990,-
st. 36-41
Tískuhús Zik Zak • www.Facebook.com/zikzakkringlan • 1. hæð Kringlunnar • Sími: 551-1314

SÆBJÚGNAHYLKI FYRIR HEILSUNA
Arctic Star


Arctic star sæbjúgnahylki innihalda yfir fimmtíu tegundir af næringarefnum, og eru þekkt fyrir:

- Hátt próteininnihald og lágt fituinnihald
- Að minnka verki í liðum og liðamótum
- Að byggja upp brjósk og draga úr tíðni liðskemmda
- Að bæta ónæmiskerfið
- Að auka blóðflæði
- Að koma í veg fyrir æðakölkun
- Að auka orku líkamans, stuðla að myndun húðpróteins og insúlíns

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA, Framleiðandi er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fást á www.arcticstar.is

Arctic Star sæbjúgnahylki
Varan fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og hagkaupum.

info@arcticstar.is - www.arcticstar.is
Síðumúli 31 - 108 Reykjavík - S: 562-9018 / 898-5618



My Style tískuhús
my style
Bæjarlind 1-3
201 Kópavogur
s: 571-5464






María Björt hefur þægindin í fyrirrúmi þegar hún velur fötin sín. MYND/ERNIR

# KAUPIR NOTAÐ OG SAUMAR SJÁLF

**María Björt Ármannsdóttir** kaupir helst notuð föt í Kolaportinu og á Facebook auk þess sem hún saumar töluvert á sig sjálf. Hún syngur með hljómsveit sinni Shockmonkey á Café Rosenberg í kvöld.

**Spáir þú mikið í tísku?** Nei, ekki mikið, auðvitað tekur maður eftir því hvað er í tísku og hvað ekki en ég er ekkert að festa mig of mikið í því. Ég fer bara í það sem mér finnst kúl.

**Hvernig myndir þú lýsa þínum stíl?** Ég myndi kannski segja að hann væri oftast svona frekar „casual“ til þess að hafa þetta einfalt, en það fer mjög mikið eftir því í hvernig skapi ég er hvernig ég klæði mig.

**Hvernig klæðir þú þig hversdags?** Ég fer í það sem mér finnst þægilegt og mér líður vel í. Það sem verður yfirleitt fyrir valinu er annað hvort leggings og síður bolur, joggingbuxur og kósý peysa eða gallabuxur og skyrta.

**Hvernig klæðir þú þig spari?** Það fer eiginlega eftir því hvert ég er að fara. Ef það er matarboð eða tónleikar eða eitthvað í þeim dúr, fer ég oftast í eitthvað „basic“ eins og gallabuxur og einhvern topp sem ég dressa svo upp með „statement“-hálsmeni og flottum skóm. En ef ég væri að fara eitthvað „super fancy“ þá myndi ég mjög sennilega fara í einhvern fallegan kjól en það gerist nú ekki oft, eiginlega bara á jólunum.

**Hvar kaupir þú fötin þín?** Það er mjög misjafnt. Ég kaupi voða mikið notuð föt í Kolaportinu og á fatamörkuðum eða á fatasíðum á Facebook. En þegar ég er að kaupa mér ný föt þá er mér eiginlega alveg sama hvaða merki það er, svo lengi sem það er þægilegt og mér finnst það flott. Ég sauma líka mikið af fötunum mínum sjálf.

**Eyðir þú miklu í föt?** Ég á það til að missa mig svolítið í fatakaupum og á þar af leiðandi alveg ótrúlega mikið af þeim. Ég reyni samt að kaupa sem minnst af dýrum fötum og kaupa frekar eitthvað notað.

**Hver er uppáhaldsflíkin þín?** Ég á enga uppáhaldsflík núna en svörtu leðurskórnir mínir hafa verið í uppáhaldi hjá mér alveg síðan ég keypti þá fyrir tveimur árum. Ég nota þá mjög mikið, bæði hversdags og spari.

**Uppáhaldshönnuður?** Ég á engan uppáhaldshönnuð. Ef ég á að vera alveg hreinskilin þá fylgist ég ekki mikið með hönnuðum. Ég fer bara í það sem mér finnst flott, hvort sem það er í tísku eða ekki.

**Hver er helsti veikleiki þinn þegar kemur að tísku og útliti?** Ég á það til að fá brjálað æði fyrir einhverju sem mér finnst kúl eins og t.d. „choker“-hálsmenum og sé þá ekkert annað þegar ég fer í búðir og núna á ég allt of mikið af þeim.

**Notar þú fylgihluti?** Ég tek svona tímabil. Stundum er ég alltaf með hringa, stundum með hálsmen og stundum armbönd en ég er alltaf með úr og hringa í eyrunum.

**Áttu þér tískufyrirmynd?** Nei, ekki beint. Það væri þá helst frænka mín Ágústa. Mér hefur alltaf fundist hún vera í svo flottum fötum. Annars fæ ég mikinn innblástur af því að fylgjast með því hverju vinir mínir og fólkið sem ég umgengst mest klæðist.

**Hvað er annars fram undan hjá þér?** Ætli það helsta sé ekki tónleikar. Ég er sem sagt í hljómsveit sem heitir Shockmonkey og við erum að fara að halda tónleika í kvöld á Rosenberg kl. 21, sem ég hlakka mikið til. Ef einhver hefur áhuga á því að kynna sér hljómsveitina mína að þá erum við með læksíðu á Facebook.

Fjáröflun

20. október 2016

**KYNNINGARBLAÐ** Kökugerð HP | Papco

# Flatkökurnar eru vinsælar í fjáröflunina

Kökugerð HP býður dýrindis flatkökur, kleinur og kanilsnúða í fjáraflanir fyrir hvers kyns hópa og félagasamtök. Allt er afgreitt nýbakað og vörurnar keyrðar upp að dyrum á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Þá sendir fyrirtækið vörur um allt land.

„Kökugerð HP býður upp á frábærar vörur í fjáröflun,“ segir Andrea Ýr Grímsdóttir, sölustjóri Kökugerðar HP á Selfossi, en fyrirtækið framleiðir flatkökur, kleinur, kanilsnúða og einnig hið vinsæla HP-rúgbrauð, bæði fyrir verslanir, mötuneyti og hvers kyns fjáraflanir félagasamtaka og hópa.

### Gott í frystinn

Andrea segir alltaf jafn vinsælt að selja flatkökur í fjáröflun. „Við bjóðum til að mynda okkar einu sönnu HP-flatkökur, kanilsnúða og kleinur í fjáröflun. Þetta er eitthvað sem fólki finnst gott að eiga í frystinum og grípa til, til dæmis í nesti fyrir krakkana í skólann. Bæði er hægt að selja einstakar vörutegundir eða búa til samsetta pakka, til dæmis með flatkökum og kanilsnúðum og kleinum,“ útskýrir Andrea.

### Allt nýbakað

„Allar okkar vörur eru nýjar og ferskar við afhendingu og við leggjum okkur fram um að veita persónulega og mjög góða þjónustu. Það stendur öllum til boða að panta hjá okkur hvar sem fólk er statt á landinu. Við keyrum pantanir heim að dyrum á Stór-Reykjavíkursvæðinu og á flutningsaðila fyrir landsbyggðina.“



Andrea Ýr Grímsdóttir, sölustjóri Kökugerðar HP á Selfossi.

### Úrvalið á heimasíðunni

„Úrvalið má skoða á heimasíðunni, flatkaka.is, og leggja má inn pantanir í gegnum netfangið hpflatkokur@simnet.is. Gott er að panta með tveggja daga fyrirvara. Ef fólk er með einhverjar spurningar ætti það ekki að hika við að senda okkur fyrirspurn á hpflatkokur@simnet.is og við svörum um hæl.“




Það er alltaf vinsælt að selja flatkökur, kanilsnúða og kleinur í fjáröflun.




**Fjáröflunarvörur**

***fyrir einstaklinga og hópa***

*Svansmerktur hágæða hreinlætispappír frá KATRIN.*

**Fjölbreytt úrval af hreinlætis- og matvöru í fjáröflunarpakka á góðu verði!**

Hafðu samband við söludeild Garra í síma 5 700 300 fyrir nánari upplýsingar.

Garri

Lynghals 2 · 110 Reykjavík · S: 5 700 300 · www.garri.is · garri@garri.is

# Duglegir að nýta sér fjáraflanir

Mikil vinna felst í skipulagi fjáraflana fyrir íþróttafélög landsins. Fjögurra manna fjáröflunarnefnd sér um skipulag fjáraflana hjá Gerplu í Kópavogi og er í nógu að snúast. Vinnan er krefjandi en um leið skemmtileg þar sem foreldrar tengjast sterkari böndum.

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is



Helen Nilsen Guðjónsdóttir og Bryndís Baldvinsdóttir úr Gerplu eiga báðar langa sögu þegar kemur að fjáröflun fyrir íþróttafélög hér á landi. Báðar hófu þær að vinna í fjáröflunum hjá Breiðabliki á sínum tíma. Helen sá um fjáraflanir í fjórtán ár hjá körfuknattleiksdeildinni ásamt því að sitja í stjórn í nokkur ár og gegna stöðu formanns unglingaráðs. Bryndís hélt m.a. utan um sjoppuna á Kópavogsvellinum hjá knattspyrnudeild félagsins og kom auk þess að skipulagi stærri fjáraflana.

Báðar eiga þær börn sem stunda fimleika með Gerplu og voru þær fengnar, ásamt tveimur öðrum foreldrum, til að koma að vinnu við að samræma og bjóða upp á fjáraflanir fyrir allar iðkendur Gerplu. „Þannig hafa allir flokkar hjá Gerplu möguleika á að taka þátt í fjáröflunum en ekki bara þeir flokkar sem hafa sérlega öfluga umsjónarmenn,“ segir Helen. Félagsskapurinn er frábær og starfið er sérstaklega gefandi bætir Bryndís við. „Það er svo gaman að kynnast foreldrum annarra iðkenda. Það styrkir böndin milli okkar og svo kynnist maður náttúrulega starfsemi félagsins betur.“ Sem fulltrúar sjoppu- og fjáröflunarnefndar sitja Bryndís og Helen í foreldraráði Gerplu og eiga þannig samvinnu við foreldraráð um skipulagningu fjáröflunar fyrir félagið.

> **Það er svo gaman að kynnast foreldrum annarra iðkenda.**

## Duglegir krakkar

Þær segja vinnuferlið nokkuð staðlað og einfalt. Fyrst og fremst sé leitað eftir vörum sem nefndin telji heppilegar til fjáröflunarsölu og svo er leitað tilboða. „Næst eru gögn útbúin fyrir iðkendur, þ. á m. myndir af varningi, verðlistar og upplýsingar um skiladag og greiðslufyrirkomulag. Einnig höfum við útbúið skjal fyrir iðkendur með reikniformúlum til að auðvelda þeim að halda utan um pantanir sínar og söluhagnað. Svo þarf að útbúa afhendingarmiða til að afhenda varninginn, flokka hann og skipuleggja vel hvernig afhending fer fram.“

Fjáraflanir hafa að þeirra sögn tvímælalaust mikið gildi, fyrir félögin sjálf en ekki síst iðkendur og foreldra þeirra. „Það er auðvitað enginn skyldugur til að taka þátt en fyrir þá sem vilja er hægt að safna fyrir mótum, æfingaferðum, fatnaði og jafnvel æfingagjöldum. Reynslan er sú að iðkendur hafa verið mjög duglegir að nýta sér þetta og margir sjá sér hag í því til að létta á útgjöldum heimilanna.“



„Reynslan er sú að iðkendur hafa verið mjög duglegir að nýta sér þetta og margir sjá sér hag í því til að létta á útgjöldum heimilanna,“ segja Helen Nilsen Guðjónsdóttir (t.v.) og Bryndís Baldvinsdóttir, úr fjáröflunarnefnd Gerplu. MYND/VILHELM

## Sígildar vörur

Meðal þeirra vara sem seljast best ár eftir ár eru klósettpappír, fiskmeti af ýmsu tagi, kjötvörur og kleinur. „Síðan höfum við verið að prófa okkur áfram með ýmsar nýjar vörutegundir. Síðast prófuðum við að selja egg sem seldust mjög vel, einnig höfuðhandklæði og svo partípakka. Við höfum einu sinni lent í því að fá gallaða vöru en annars hefur allt sem við höfum boðið upp á í fjáröflun hjá okkur gengið mjög vel.“

Gerpla leggur áherslu á að hver og einn iðkandi haldi söluhagnaði sínum og geti þannig ráðstafað honum að vild. „Iðkendur hafa margir hverjir náð að safna fyrir stærri mótum hérlendis og einnig mótum erlendis. Nokkur af þeim sem stóðu á palli á EM núna í október í Slóveníu hafa t.d. nýtt sér fjáröflunina.“

Fram undan í vetur eru enn frekari fjáraflanir eins og fyrri ár. „Við munum gera okkar besta til að bjóða upp á sem fjölbreyttastar fjáraflanir þannig að allir geti fundið eitthvað við sitt hæfi, hvort sem iðkandi er í grunnhópi eða meistarahópi. Iðkendur í hópfimleikum eru að fara utan næsta sumar og gerum við ráð fyrir því að þau verði dugleg að nýta sér fjáraflanir vetrarins.“








**Papco hefur framleitt hreinlætispappír í þrjátíu ár en fyrirtækið býður jafnframt upp á ýmsan annan varning til fjáröflunar.** MYND/ERNIR

# Sérfræðingar í fjáröflun

Starfsfólk **Papco** hefur áratuga reynslu af fjáröflunum og býður upp á fjölbreytt vöruúrval. Hjá Papco geta hvers kyns hópar fengið allt frá salernis- og eldhúsrúllum til sniðugra heimilispakka, en auk þess er hægt útbúa pakka með sérvöldum vörum.

Papco hefur framleitt íslenskan hreinlætispappír fyrir heimili og fyrirtæki í þrjátíu ár en fyrirtækið býður jafnframt upp á ýmsan annan varning til fjáröflunar. Starfsmenn, sem eru um fjörutíu talsins, hafa yfirgripsmikla þekkingu á fáröflun og aðstoða viðskiptavini með það að markmiði að þeir geti hámarkað tekjur sínar.

„Við aðstoðum fjölda íþróttafélaga, félagasamtaka, kóra og aðra hópa sem af einhverjum ástæðum þurfa að fara í fjáröflun. Oftast er fólk að safna fyrir ferðalögum en þau verða sífellt kostnaðarsamari og því æ mikilvægara að fjáröflunin takist vel,“ segir Alexander Kárason, sölustjóri Papco. Hann segir lagða áherslu á að bjóða upp á góðar vörur sem tryggir góða endursölu og ánægða kaupendur.

„Við erum með margar tegundir af gæða klósett- og eldhúspappír en sömuleiðis harðfisk, jólapappír, kaffi, sælgæti og margt fleira. Fólk getur því nálgast allar fjáröflunarvörur á einum stað en í því felst mikið hagræði og aukin þægindi,“ segir Alexander. Hann segir sumar vörurnar jafnvel þróaðar í samvinnu við viðskiptavini. „Þá getur fólk bætt við vörum að eigin vali og þannig sniðið pakkann að eigin þörfum.“ Alexander segir starfsfólk Papco aðstoða viðskiptavini við að setja upp sölublað og halda utan um hlutina enda mikilvægt að vel sé að verki staðið frá upphafi til enda. „Reynslan sýnir að margt getur farið úrskeiðis þegar umfangið er mikið og óþarfi að hver fjáröflunarhópur sé að finna upp hjólið. Við höfum reynt þetta allt saman og vitum nákvæmlega hvað við erum að gera.“

Spurður hvort jólavertíðin sé meiri en aðrar segir Alexander vertíðirnar renna svolítið saman. „Inni- og útiíþróttirnar skiptast svolítið á svo þetta þetta dreifist nokkuð vel yfir árið.“

> **Reynslan sýnir að margt getur farið úrskeiðis þegar umfangið er mikið og óþarfi að hver hópur sé að finna upp hjólið. Við höfum reynt þetta allt og vitum hvað við erum að gera.**
>
> *Alexander Kárason*

**Hægt er að nálgast styrktarbækling Papco á papco.is. Einnig er hægt að koma við á Stórhöfða 42 eða hafa samband við sölufulltrúa í síma 587-7788. Styrktarvörurnar eru einnig seldar í útibúi Papco á Akureyri, Austursíðu 2, s. 462-6706, og á Egilsstöðum, s. 660-6718.**

> **» Fólk getur nálgast allar fjáröflunarvörur á einum stað en í því felst mikið hagræði.**







# Fjáröflunin þjappar hópnum saman

Starfsfólk leikskólahluta Dalskóla hefur fengið skemmtilegar hugmyndir til að afla fjár fyrir fyrirhugaða námsferð í vor. Þær búa til ýmsar fallegar vörur til að selja, svo sem kerti, smekki, slaufur og lyklakippur. Skapast hefur góð stemning í hópnum í kringum fjáröflunina.

**Lilja Björk Hauksdóttir**
liljabjork@365.is



Starfsfólk leikskólahluta Dalskóla er á leið í námsferð til Berlínar í vor þar sem ætlunin er að fara á námskeið og skoða leikskóla. Starfsfólkið hefur verið duglegt að safna sér fyrir ferðinni og hefur ekki farið alveg hefðbundnar leiðir í því. Vilborg Jóna Hilmarsdóttir kennari segir það hafa skipt þær máli að vera með eitthvað annað en „allir hinir“. „Okkur langaði ekki alveg að fara í það að selja klósettpappír og lakkrís,“ segir hún og brosir.

Vilborg segir söfnunina hafa byrjað með því að stofnuð var sjoppa í skólanum þar sem sælgæti er selt. „Það hefur gengið mjög vel. Þá stofnuðum við Facebooksíðu þar sem að við erum að selja ýmsar vörur, sem við höfum ýmist búið til eða pantað að utan og selt. Við höfum einnig selt snúða sem við bökuðum hér í skólanum og verið með sölubása bæði í Mjóddinni og Mosó þar sem við seldum bæði vörurnar okkar og kökur.“

Vörurnar sem starfsfólkið hefur selt vegna fjáröflunarinnar eru fjölbreyttar og koma hugmyndir að fjáröflunarleiðum víða að. „Við höfum fengið hugmyndir til dæmis á Pinterest og höfum verið að dunda okkur við að gera mikið af vörunum sjálfar, svo sem smekki, snuddubönd, kerti, prjónaðar slaufur og lyklakippur og lyklamen,“ lýsir hún.

Fjáröflunin hefur þjappað hópnum saman að sögn Vilborgar og hefur skapast mikil og góð stemning í kringum hana. „Aðalmálið hjá okkur er að við erum að vinna saman að ákveðnu markmiði, þar sem allir taka þátt,“ segir Vilborg og nefnir að það hafi gengið vel að vera með sölubása. „Þar höfum við bæði verið að selja heimabakað og verið með vörurnar okkar. Við höfum í raun selt mest af því sem við höfum verið að búa til sjálfar, lyklakippurnar og hekluðu smekkirnir hafa rokið út. Þá höfum við einnig selt mikið af hárteygjum og hárspöngum.“

Vilborg hvetur alla til að kíkja inn á Facebook-síðu þeirra, Fjáröflun leikskólahluta Dalskóla, þar sem sjá má allt sem verið er að selja og segir hún að best sé að fólk panti í gegnum síðuna og þau sendi hvert á land sem er.



Starfsfólk leikskólahluta Dalskóla hefur farið sniðugar leiðir í fjáröflun vegna námsferðar í vor.

» **Við höfum selt mest af því sem við höfum verið að búa til sjálfar, lyklakippurnar og hekluðu smekkirnir hafa rokið út.**
*Vilborg Jóna Hilmarsdóttir*





Litríkar og fallegar lyklakippur.



Heimagerðar slaufur, smekkir og fleira hefur verið selt til að fjármagna ferð starfsfólks Dalskóla.

Öflug fjáröflun fyrir hópinn
SAMSETTIR FJÁRÖFLUNARPAKKAR EÐA SÉRSNIÐNIR EFTIR ÓSKUM.




HAFIÐ SAMBAND VIÐ SÉRFRÆÐINGA OKKAR Í REKSTRARLANDI EÐA NÆSTA ÚTIBÚ OLÍS OG LEITIÐ TILBOÐA.

REKSTRARLAND
Rekstrarland er hluti af Olís

Rekstrarland verslun | Vatnagörðum 10 | 108 Reykjavík | Sími 515 1500 | rekstrarland.is

# OUTLETSPRENGJA

# 40-90%

## AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM
## 20.-22. OKTÓBER



**SVAVAR** 11.995 kr. ~~24.490~~ kr.
HERRA FLÍSPEYSA



**DIÐRIK** 8.995 kr. ~~24.490~~ kr.
HERRA FLÍSPEYSA



**RUT** 2.095 kr. ~~3.990~~ kr.
FLÍSKRAGI



**LAUGHEIÐUR** 13.120 kr. ~~24.490~~ kr.
SÍÐUR VINDJAKKI



**DÚI** 5.995 kr. ~~11.990~~ kr.
BARNA FLÍSPEYSA



**SALKA** 14.995 kr. ~~32.490~~ kr.
DÖMU HETTUPEYSA

**CINTAMANI OUTLET**

AUSTURHRAUN 3, GARÐABÆ | WWW.CINTAMANI.IS

Mánudagur - Föstudagur ........ 10 - 18
Laugardagur ........ 10 - 16







Hillary mætti í svörtum jakka með hvítum kraga í kappræðurnar á móti Trump 9. október.

# HANNAR FÖT FYRIR HILLARY CLINTON

**Nina McLemore** hefur hannað föt á áhrifamestu konur heims, meðal annars Hillary Clinton og Indra Noovi, forstjóra Pepsi. Nina þykir klæða konur á virðulegan hátt; buxur og jakkar eru áberandi.

**Elín Albertsdóttir**
elin@365.is



Fatahönnuðurinn Nina McLemore var áður framkvæmdastjóri Liz Claiborne. Hún hefur alltaf lagt áherslu á að hjálpa konum að klæðast fötum sem henta þeim sem leiðtogum. Nina vill að konur sem eru í fararbroddi í atvinnulífi eða stjórnmálum klæði sig með stíl, þeim líði vel í fötunum og aðrir eiga að bera traust til þeirra. Fötin skipta máli fyrir framakonur.

Árið 2001 setti hún á markað sitt eigið merki, tímalausan og klassískan fatnað. Margar helstu framakonur heims leita til hennar. Jakkarnir eru í öllum mögulegum litum og gerðum.

Nina hefur aðstoðað Hillary Clinton í fatavali í kosningabaráttunni. Eftir því er tekið að Hillary gengur alltaf í buxum. Oft í buxum og jakka eða buxum og síðri skyrtu. Það var alveg sama hvort hún var utanríkisráðherra eða í forsetaframboði, Hillary er alltaf í síðbuxum. Jakkar sem Nina McLemore framleiðir eru gerðir eftir ítarlegar markaðsrannsóknir meðal athafnakvenna. Hún forðast svört föt og hvetur viðskiptavini sína til að ganga frekar í björtum litum. Nina segir að litir geti skapað ákveðið aðdráttarafl sem framakonur eigi að notfæra sér. „Ekki ganga í svörtu, gráu eða gulu," segir hún. Nina segist hafa gengið inn á lögmannsstofur þar sem 80 prósent starfsmanna voru í svörtum fötum. „Það gengur ekki," segir hún.

Jakkar Ninu eru ekki með púffermum eða breiðum öxlum. Það finnst henni ekki klæðilegt fyrir konur. Hún hefur jakkana rúma í bakið þannig að þeir séu fallegir þegar hneppt er að og að konan eigi auðvelt með að hreyfa sig, til dæmis að benda á töflu á fundum. Hvernig kona klæðir sig hefur mikil áhrif á aðra og fatnaðurinn getur sýnt að þarna fari valdamikil manneskja. Hárgreiðsla, förðun og skór eru síðan tæki sem konan hefur til að breyta sér, að því er hún segir.

Líklegast er Hillary Clinton frægasti viðskiptavinur Ninu. „Föt eru ekki hennar sterkasta hlið og hún myndast ekkert sérstaklega vel. Hún er mun grennri og meira aðlaðandi í eigin persónu en á myndum," segir Nina. „Hillary þarf því að huga að líkamsvexti og myndrænu útliti þegar hún velur föt. Hún verður að klæðast fötum sem gera hana örugga í fasi. Sá litur sem fer öllum og gengur alltaf er blátt," segir Nina. „Fallegan jakka úr vönduðu efni, sem fer vel á líkamanum, er nauðsynlegt að eiga í fataskápnum." Jakkar Ninu kosta ekki undir eitt hundrað þúsund krónum.




Nina McLemore hannar föt á áhrifamestu konur í heimi. Hún segir að konur eigi að ganga í björtum litum. Myndin er fengin af Facebook-síðu hennar.



Clinton á framboðsfundi í Kissimee í Flórída í appelsínugulri dragt.



Í rauðri dragt í Hempstead í New York.




## BÍLAR & FARARTÆKI

Bílalíf



**VERÐ AÐEINS 2.990.000.**
MERCEDES-BENZ C 180 CDI. Árgerð 2011,ek.169.þús km, dísel,sjálfskiptur,ný tímakeðja,flottur bíll. Rnr.127491. S:562-1717,á staðnum.



**7 MANNA - EK.AÐEINS 99 Þ.**
MMC PAJERO INTENSE. Árg.2008,ek. aðeins 99.þús km, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.390.000. Rnr.128400. S:562-1717,á staðnum.

**Bílalíf**
**Kletthåls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið 10-18 virka daga**
**www.bilalif.is**

### Bílar til sölu



Toyota Prius Hybrid 2009. Sjálfsk. S. 6162597. Tilboð: 1350 þ.



**FRÁBÆR SNATTARI !!!**
Kia Rio LX 2015,1,4 dísel, hvítur, beinskiptur, ekinn 53 þús. km. Sumar- og nagladekk fylgja. Verð 1.950.000,- Uppl. í s. 7736898



Til sölu CITROËN BERLINGO. Diesel, árg 2007. Nýskoðaður. Verð 300þús m/ vsk. Uppl. í síma 6622882.

### Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

### Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## ÞJÓNUSTA

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

**REGNBOGALITIR**
Alhliða málningarþjónusta.Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Vönduð vinna góð umgengni. malarar@simnet.is og s 891 9890

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is




### Nudd

Thai heilsunudd 101 RVK uppl. í s. 7748809.









CHEVROLET
**Cruze LTZ**
Nýskráður 5/2015, ekinn 13 þús.km., dísil, 6 gírar.
**Verð kr. 3.450.000**



AUDI
**A4 Sedan 130 hö**
Nýskráður 6/2004, ekinn 115 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 990.000**



TOYOTA
**Rav4 Langur 4wd**
Nýskráður 1/2002, ekinn 123 þús.km., bensín, sjálfskiptur 4 gírar.
**Verð kr. 790.000**



RENAULT
**Clio Comfort Dísil**
Nýskráður 6/2008, ekinn 127 þús.km., dísil, 6 gírar.
**Verð kr. 890.000**



PEUGEOT
**Partner**
Nýskráður 9/2005, ekinn 118 þús.km., bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 690.000**



PEUGEOT
**307SW Performance 1.6i**
Nýskráður 3/2006, ekinn 145 þús.km., bensín, 5 gírar. Ásett kr. 850.000
**Tilboð kr. 680.000**



PEUGEOT
**107 Trendy 1.0i**
Nýskráður 7/2007, ekinn 107 þús.km., bensín, sjálfskiptur 5 gírar.
**Verð kr. 850.000**



HONDA
**CR-V Executive**
Nýskráður 12/2015, ekinn 14 þús.km., bensín, sjálfskiptur 5 gírar.
**Verð kr. 5.990.000**



FORD
**Focus Station**
Nýskráður 2/2007, ekinn 245 þús.km., dísil, sjálfskiptur.
**Verð kr. 750.000**



CHEVROLET
**Aveo**
Nýskráður 5/2012, ekinn 121 þús.km., bensín, sjálfskiptur 6 gírar.
**Verð kr. 1.290.000**

## Vegna mikillar sölu undanfarið óskum við eftir bílum á skrá

**Opnunartími**
**Mánudaga - föstudaga**
**milli kl. 10:00 og 18:00**
**Lokað laugardag vegna óvissuferðar starfsfólks**

**BERNHARD**
**NOTAÐIR BÍLAR**
Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is





námskeið


# Létt og skemmtileg spænskunámskeið

Verða haldin í Stórholti 18. Kennarar eru Jakobína Davíðsdóttir og Carmen Nogales. Gestakennari með fyrirlestur um Spán og spænska menningu eru Kristinn R. Ólafsson. Meiri áhersla er lögð á tal og minni á málfræði. Námskeiðinu lýkur svo með tapaskvöldi. Námskeiðin standa í 4 vikur. Boðið er uppá byrjendanámskeið og framhaldsnámskeið.

**Byrjendakúrs:**
Mánudaga og miðvikudaga 10:00 - 11:30
Mánudaga og miðvikudaga 13:00 - 14:30
Mánudaga og miðvikudaga 17:30 - 19:00
Mánudaga og miðvikudaga 19:15 - 20:45
Þriðjudaga og fimmtudaga 19:15 - 20:45

**Framhaldsnámskeið II:**
Þriðjudaga og fimmtudaga 10:00 - 11:30
Þriðjudaga og fimmtudaga 17:30 - 19:00

**Framhaldsnámskeið III:**
Þriðjudaga og fimmtudaga 13:00 - 14:30

Spænskuskólinn HÁBLAME

Námskeiðin hefjast 24 og 25 október.
Verð á mann 25.500.-

Upplýsingar í síma 698 5033 eða
spaenskuskolinnhablame@gmail.com





lind@talent.is   bryndis@talent.is

Ertu að leita að talent?
Við finnum starfsmanninn fyrir þig

TALENT
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF
www.talent.is | talent@talent.is


# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407


Húsarif • Jarðvinna • Uppsláttur
Steypusögun • Kjarnaborun • Múrbrot
PRIMA
S: 555-1819 / 852-5804 / 852-5808
prima@primaehf.is


Sérverslun með meðgöngu- og brjóstagjafafatnað
Móðir Kona Meyja
fullt af nýjungum ull, barnaföt, fatnaður frá Saumastofu Íslands og margt margt fleira
Útsala 10-70%
Hamraborg 14, Kópavogi | sími 5517444 | mkm.is
facebook.com/móðir kona meyja

EYJALIND
Yale
People. Products. Productivity.
- Dísellyftarar
- Ramagnslyftarar
- Vöruhúsatæki
- Varahlutir

Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Öryggismyndavél fyrir sumarbústað og heimili.
Tekur venjulegt GSM SIM kort,
Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
SMS og MMS viðvörun í síma og netfang.
Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.
Getur tengst blikkljósi og sírenu. Stýrist með appi.
Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir.is

BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS
TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR
SMIÐJUVEGUR 2 • KÓPAVOGUR
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
S. 587 1350

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

Parketslípun
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is
99% RYKFRÍTT
Gólflist
Parketlagnir og viðhald

· Hjólbarðaviðgerðir
· Smurþjónusta
· Bremsur
· Demparar
· Rafgeymar
· o.fl.
HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

viftur.is
Viftur • Blikkrör • Aukahlutir
íshúsið
S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur


Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@365.is sigrunh@365.is

## atvinna


### Tækifæri í Trékyllisvík:
### Kennari óskast á heimsenda!

Laust er til umsóknar 100%
kennarastaða við grunnskólann í Árneshreppi,
hinn sögufræga Finnbogastaðaskóla í Trékyllisvík.
Óskað er eftir kennara
frá 1. nóvember 2016 en það getur verið samkomulagsatriði
vegna stuttst fyrirvara.
Húsnæði er á staðnum.
Nánari upplýsingar veitir Elísa Ösp Valgeirsdóttir skólastjóri
finnbogastadaskoli@arneshreppur.is sími 451-4032
**Umsóknarfrestur er til 31. október**


## fasteignir






**Hólmgarður 8**

**OPIÐ HÚS**
**fimmt. 20.okt. kl.17:30-18:00**



Falleg rúmgóð 2ja herbergja endaíbúð á fyrstu hæð
Sérinngangur í tvíbýlis parhúsi
Endurnýjað eldhús og bað
Sameiginlegt þvottahús með efri hæð á fyrstu hæð
Aðstaða fyrir dýrahald
Köld útigeymsla fylgir eigninni í garði
Góður garður / Frábær staðsetning



Nánari upplýsingar veitir
**Jórunn Skúladóttir**
löggiltur fasteignasali
sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

Verð: **31,9 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -


## tilkynningar

### Sveitarfélagið ÁRBORG

**Auglýsing**

**Tillögu að deiliskipulagsbreytingu Víkurheiðar á Selfossi.**

Samkvæmt 1.mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 auglýsir bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar tillögu að deiliskipulagsbreytingu Víkurheiðar á Selfossi.

Deiliskipulagsbreytingin felst í því að deiliskipulagsmörk við flugvöll færast til norðurs þannig að athafnasvæðið færist inn fyrir skipulagsmörk.
Lóðir og byggingarreytir breytast.
Sérskilmálar eru fyrir flugskýli – lóð 1.
Flugskýlin eru einungis ætluð flugtengdri starfsemi.
Hámarkshæð á þaki má ekki vera meiri en 11m
Frá gólfi 1.hæðar.Byggingar mega ekki skaga upp úr mynduðum skáfleti, sem rís 40 m frá miðlínu flugbrautar og með halla 1:5.
Ef einhver hindrun nær upp fyrir þennan flöt skal merkja hindrunina til upplýsingaþjónustu flugmála til birtingar í flugmálahandbók (AIP- Ísland).

Teikningar ásamt greinagerð, vegna tillögunnar munu liggja frammi á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa að Austurvegi 67 Selfossi frá og með fimmtudeginum 20. október 2016 til og með fimmtudagsins 1.desember 2016.

Öllum er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. **Frestur til að skila athugasemdum rennur út 1. desember 2016** og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa á skrifstofu hans að Austurvegi 67, 800 Selfossi.

Á sama tíma er teikning og greinagerð til kynningar á heimasíðu Árborgar http://www.arborg.is þar sem hægt er að skoða tillöguna og senda athugasemdir til skipulags- og byggingarfulltrúa á netfangið skipulag@arborg.is

*Virðingarfyllst*
*Bárður Guðmundsson*
*Skipulags- og byggingarfulltrúi*
*Árborg.*

### Afturköllun á samþykki um veitingu framkvæmdaleyfis

HORNAFJÖRÐUR

Bæjarstjórn Hornafjarðar samþykkti á fundi nr. 230, þann 13. október sl. tillögu um að afturkalla samþykki sitt frá 8. september sl. um veitingu framkvæmdaleyfis til Vegagerðarinnar, til lagningar á nýjum hringvegi um Hornafjörð, milli Hólms og Dynjanda. Framkvæmdin er háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000 og liggur matsskýrsla og álit Skipulagsstofnunar fyrir.
Tillaga bæjarstjóra var svohljóðandi:
*„Í ljósi þess að framkvæmdaleyfi fyrir nýjan hringveg á milli Hólms og Hafnarvegar hefur ekki verið gefið út, skv. 11. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012, og umfjöllunar um ný náttúruverndarlög nr. 60/2013 í úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála nr. 46/2016 Kröflulína 4, Skútustaðahreppur, frá 10. október sl., legg ég til að bæjarstjórn afturkalli ákvörðun sína frá 8. september sl. um samþykki á útgáfu framkvæmdaleyfis til Vegagerðarinnar með vísan til 1. tl. 1. mgr. 25. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Legg ég jafnframt til að umsókn Vegagerðarinnar, frá 21. júní sl. um framkvæmdaleyfi verði vísað aftur til nefnda sveitarfélagsins til nánari skoðunar í ljósi umfjöllunar um ný náttúruverndarlög í umræddum úrskurði nr. 46/2016".*

Það tilkynnist hér með að bæjarstjórn Hornafjarðar hefur afturkallað samþykki sitt frá 8. september sl. um veitingu framkvæmdaleyfis til Vegagerðarinnar til lagningar á nýjum Hringvegi um Hornafjörð, milli Hólms og Dynjanda.

Samkvæmt lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála er kærufrestur til nefndarinnar einn mánuður frá birtingu ákvörðunar, sbr. 2. mgr. 4. gr. laganna.
Kæra til nefndarinnar skal vera skrifleg og undirrituð.

*Höfn í Hornafirði 18. október 2016*
*F.h. bæjarstjórnar, Gunnlaugur Róbertsson*
*Skipulagsstjóri*




ráðum
ráðningarstofa
Er verið að leita að þér?
**RÁÐUM EHF** • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is


## fasteignir


LUNDUR FASTEIGNASALA
Suðurlandsbraut 10 - 2.hæð • 108 Reykjavík
533-1616

**ÞÚ BORGAR EKKERT EF VIÐ SELJUM EKKI.**
**HRINGDU NÚNA OG KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ.**
**Sími 533 1616 • Þjónustusími 891 9916**



*Karl Gunnarsson*
*lögg. fasteignasali*
*s. 898 2102*



*Kristján P. Arnarsson*
*lögg. fasteignasali*
*s. 896 1188*



*Unnur Karen*
*Karlsdóttir*
*s. 698 9056*

**ÞAÐ ER LÍKLEGRA AÐ ÞÍN EIGN VERÐI SELD EF HÚN ER Á SÖLUSKRÁ HJÁ OKKUR**

**www.lundur.is • lundur@lundur.is**


## atvinna


### Staff Wanted
### Firma sprzatajaca poszukuje ludzi

Firma sprzatajaca poszukuje ludzi do pracy 100% etatu wymagane prawo jazdy zaswiadczenie o niekaralnosci wiecej informacji pod numerem telefonu 863 8855 (isl) 823 7227 (pol)
email: husfelag@husfelag.is

Staff Wanted in cleaning services in Reykjavik.
Clean criminal record and driving licenses required.
Further information in 555-8655 and 863-8855
or email: husfelag@husfelag.is

HÚSFÉLAGAÞJÓNUSTAN EHF


## tilboð


### Snyrti & nuddstofan Smart

Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ



***Meðgöngutilboð:***

Meðgöngunudd, höfuðbeina og spjaldhryggsjofnun, heilun og fótsnyrting m/lökkun á aðeins **13.500.-**

***Í gjöf færðu litun á augabrúnir.***

***Verið hjartanlega velkomin.***

Tímapantanir í síma 789 3031, helgasig2@gmail.com
eða á facebook síðu: Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

NÝHERJI

# HEIMABÍÓDAGAR

TRYGGÐU ÞÉR HEIMABÍÓ OG SJÓNVÖRP
Á LYGILEGU VERÐI MEÐ ALLT AÐ **40% AFSLÆTTI**.




Risaafsláttur af heimabíóum og risasjónvörpum frá

BOSE SONY

VIÐ RÝMUM TIL FYRIR NÝJUM VÖRUM.
GRÍPTU TÆKIFÆRIÐ Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

NÝHERJI ER LEIÐANDI FYRIRTÆKI Á SVIÐI UPPLÝSINGATÆKNI

Við höfum góða reynslu af framtíðinni

NÝHERJI / BORGARTÚNI 37 / KAUPANGI AKUREYRI / NETVERSLUN.IS

## Flestar stoðsendingar í Pepsi-deild karla 2016

| | |
|---|---|
| Hilmar Árni Halldórsson, Stjarnan | 9 |
| Gunnar Már Guðmundsson, Fjölnir | 6 |
| Guðjón Baldvinsson, Stjarnan | 6 |
| Martin Lund Pedersen, Fjölnir | 5 |
| Sigurður Egill Lárusson, Valur | 5 |
| Jonathan Hendrickx, FH | 5 |
| Halldór Orri Björnsson, Stjarnan | 5 |
| Morten Beck, KR | 5 |
| Gary John Martin, Víkingur R. | 4 |
| Pablo Oshan Punyed, ÍBV | 4 |
| Kristinn Freyr Sigurðsson, Valur | 4 |
| Óskar Örn Hauksson, KR | 4 |
| Árni Vilhjálmsson, Breiðablik | 4 |
| Arnþór Ari Atlason, Breiðablik | 4 |
| Ívar Örn Jónsson, Víkingur R. | 4 |
| Atli Guðnason, FH | 4 |
| Tryggvi Hrafn Haraldsson, ÍA | 4 |
| Þórir Guðjónsson, Fjölnir | 4 |
| Andri Adolphsson, Valur | 4 |
| Vilhjálmur Pálmason, Þróttur | 4 |
| Marcus Solberg Mathiasen, Fjölnir | 4 |
| Bjarni Ólafur Eiríksson, Valur | 4 |
| Denis Fazlagic, KR | 4 |
| Kristinn Ingi Halldórsson, Valur | 4 |


Gunnar Már.


Guðjón B.





Hilmar Árni Halldórsson með boltann í leik Stjörnunnar og ÍBV í Pepsi-deildinni í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Hornspyrnu-Hilmar hélt út þetta sumarið

**Stjörnumenn áttu tvo af þremur efstu leikmönnunum á listanum yfir flestar stoðsendingar í Pepsi-deild karla 2016. Hilmar Árni rétt missti af toppsætinu á stoðendingalistanum í fyrra en náði því með góðum endaspretti í sumar.**

**FÓTBOLTI** Hilmar Árni Halldórsson, miðjumaður Stjörnunnar, var sá leikmaður í Pepsi-deild karla sem lagði upp flest mörk fyrir félaga sína á nýloknu tímabili. Hilmar Árni hafði talsverða yfirburði í sumar en hann gaf þremur stoðsendingum meira en næstu menn.

Sumarið á undan var Hilmar Árni efstur á listanum fram eftir sumri en missti síðan stoðsendingatitilinn til Blikans Kristins Jónssonar á lokasprettinum. Að þessu sinni var það góð seinni umferð sem tryggði Hilmari stoðsendingatitilinn.

### Líka markahæstur í Stjörnunni

Hilmar Árni, sem er 24 ára gamall, var ekki aðeins stoðsendingahæstur í deildinni heldur var kappinn einnig markahæstur í markahæsta liði deildarinnar. Hilmar Árni skoraði sjálfur 7 af 43 mörkum Garðabæjarliðsins í sumar.

Hilmar Árni gerði því flotta hluti á sínu fyrsta tímabili með Stjörnunni en hann þurfti samt tíma til að læra inn á nýju liðsfélagana. Fyrsta stoðsendingin hans kom ekki fyrr en í 11. umferðinni eða um miðjan júlí. Hilmar Árni lagði þá upp tvö mörk og átti stóran þátt í undirbúningi þess þriðja í sigri Stjörnumanna í Ólafsvík.

### Fjölnismenn efstir framan af

Fjölnismaðurinn Martin Lund Pedersen var með forystuna um mitt mót en hann hins vegar gaf sína fimmtu og síðustu stoðsendingu í tólftu umferð.

Annar leikmaður Grafarvogsliðsins, Gunnar Már Guðmundsson, hafði komist upp fyrir Martin Lund og verið með forystu frá og með 14. umferðinni. Gunnar Már gaf hins vegar síðustu stoðsendingu sína á tímabilinu í byrjun ágúst. Þetta varð því endasleppt hjá Fjölnismönnunum hvað varðar stoðsendingarnar og sigur Hilmars Árna var því frekar öruggur.

Hilmar Árni tók forystuna með því að leggja upp tvö mörk í Vestmannaeyjum í 19. umferðinni og hélt henni eftir það. Hilmar gaf á endanum þremur fleiri stoðsendingar en Fjölnismaðurinn Gunnar Már Guðmundsson og liðsfélagi Hilmars hjá Stjörnunni, Guðjón Baldvinsson. Guðjón gaf tvær stoðsendingar í lokaumferðinni og hoppaði upp í annað sætið við hlið Gunnars.

Hilmar Árni gaf flestar stoðsendingar á þá Daníel Laxdal, Guðjón Baldvinsson og Baldur Sigurðsson eða tvær á hvern. Hann lagði líka upp eitt mark fyrir þá Grétar Sigfinn Sigurðarson og Hólmbert Aron Friðjónsson og svo eitt sjálfsmark.

Hornspyrnur Hilmars Árna eru að skila honum stoðsendingatitlinum. Hann gaf sex af átta stoðsendingum sínum úr hornspyrnum í fyrra og að þessu sinni komu sex af níu stoðsendingum hans úr hornspyrnum. Hilmar Árni átti einnig eina stoðsendingu úr aukaspyrnu og var því heldur betur ógnandi í föstu leikatriðum Stjörnumanna í sumar.

### 12 stoðsendingar úr hornum

Hilmar Árni hefur því alls gefið tólf stoðsendingar úr hornspyrnum á undanförnum tveimur tímabilum. Hann er jafnframt kominn með 17 stoðsendingar í fyrstu 42 leikjum sínum í efstu deild.

Hilmar Árni vann ekki bara stoðsendingarnar því hann var einnig sá leikmaður sem kom að undirbúningi flestra marka með því annaðhvort að gefa stoðsendingu eða hjálparsendingu. Hjálparsending er sending sem er ekki síðasta sending (stoðsending) en á mikinn þátt í aðdraganda marksins.

Hilmar Árni fékk meiri samkeppni á þeim lista en hann átti þátt í undirbúningi þrettán marka eða einu meira en hægri bakvörður FH-liðsins, Jonathan Hendrickx.

ooj@frettabladid.is

### Stoðsendingar Hilmars Árna sumarið 2016

| | |
|---|---|
| Í fyrri hálfleik | 4 |
| Í seinni hálfleik | 5 |
| Á heimavelli | 3 |
| Á útivelli | 6 |
| Í fyrri umferðinni | 2 |
| Í seinni umferðinni | 7 |
| Fyrir mörk úr markteig | 6 |
| Fyrir mörk utan vítateigs | 2 |
| Skallamörk | 5 |
| Úr hornspyrnum | 6 |
| Úr aukaspyrnum | 1 |
| Úr opnum leik | 2 |


FLUTNINGAPARTÍ
Í SMÁRALIND OG GLÆSIBÆ
FRAMLENGT ÚT SUNNUDAG!
25%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM
Verslanirnar sameinast í nýrri og glæsilegri verslun í Smáralind í byrjun nóvember.
Núverandi verslun í Smáralind lokar 23. október og verslunin í Glæsibæ í byrjun nóvember.
ÚTILÍF
síðan 1974
utilif.is

markhönnun ehf

# netto

# Betra verð fyrir þig

*Úrval af kjöti*



-34%

**LAMBA PRIME**
HVÍTLAUK OG RÓSMARÍN
~~ÁÐUR: 4.498 KR/KG~~
**2.969** KR KG



KJÖTSEL

-40%

**BAYONNESKINKA**
~~ÁÐUR: 1.996 KR/KG~~
**1.198** KR KG

*Pulsupartý*



-20%

ÍSFUGL

**KALKÚNABOLLUR**
FULLELDAÐAR
~~ÁÐUR: 2.198 KR/KG~~
**1.758** KR KG



-30%

netto

**VÍNARPYLSUR**
10 STK Í PAKKA
~~ÁÐUR: 528 KR/PK~~
**370** KR PK



netto

**KJÚKLINGALEGGIR**
~~ÁÐUR: 798 KR/KG~~
**694** KR KG




-23%

**WERTHERS ORIGINAL**
~~ÁÐUR: 259 KR/PK~~
**199** KR PK




**ORGANIC PIZZA**
MARGHERITA
~~ÁÐUR: 498 KR/STK~~
❄ **349** KR STK

**ORGANIC PIZZA**
2 TEGUNDIR
~~ÁÐUR: 598 KR/STK~~
**498** KR STK ❄

*Extra gott snakk*




-20%

**X-TRA SNAKK**
3 TEGUNDIR
~~ÁÐUR: 369 KR/PK~~
**295** KR PK




-20%

**X-TRA KORNFLEX**
500 G
~~ÁÐUR: 249 KR/PK~~
**199** KR PK

*Gott með kaffinu*




**X-TRA KREMKEX**
M. SÚKKULAÐI
~~ÁÐUR: 369 KR/PK~~
**295** KR PK




-25%

**X-TRA MÚSLÍ**
M. ÁVÖXTUM
~~ÁÐUR: 398 KR/PK~~
**299** KR PK

**Tilboðin gilda 20. – 23. október 2016**
Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

-31%

KJÖTSEL

*Hvað er í matinn?*



HAMBORGARHRYGGUR
~~ÁÐUR: 1.593 KR/KG~~
**1.099** KR KG

-20%



NAUTALUNDIR
ERLENDAR - FROSNAR
~~ÁÐUR: 3.998 KR/KG~~
**3.398** KR KG ❄

-20%



SKINNEY ÝSUBITAR
FROSNIR - 1 KG
~~ÁÐUR: 1.698 KR/KG~~
**1.358** KR KG ❄

-15%



ANDALÆRI BARBARY
2 STK SAMAN
~~ÁÐUR: 1.998 KR/KG~~
**1.598** KR KG

*Svalaðu þorstanum*



KLAKI - 2 L
3 TEGUNDIR
~~ÁÐUR: 169 KR/STK~~
**149** KR STK

*Ilmandi gott kaffi*



CAFESSO KAFFIPÚÐAR
F. DOLCE GUSTO VÉLAR
**789** KR PK

-50%



TÓMATAR - 500 G
~~ÁÐUR: 578 KR/PK~~
**289** KR PK

*Ferskir og frískandi*

-25%



*Ella´s barnamatur*

-21%



LIBERO BLEYJUR
6 STÆRÐIR
~~ÁÐUR: 1.887 KR/PK~~
**1.498** KR PK

# Þótti skrítin grein í byrjun

**Kynjafræði hefur verið kennslugrein við Háskóla Íslands í 20 ár. Haldið verður upp á það í kvöld, 20. október, með afmælisfagnaði sem hefst klukkan 20 í Ingjaldsstofu.**

Þorgerður Einarsdóttir er prófessor í kynjafræði í Háskóla Íslands. Hún segir umræðu um jafnréttismál hafa mikið breyst á þeim 20 árum sem liðin eru frá því sú námsgrein rann af stokkunum við HÍ. „Þetta þótti skrítin grein í byrjun og það þurfti að vinna mikið kynningarstarf áður en fullur skilningur var á því að kynjafræðin væri fag með fögum,“ segir hún.

Þorgerður hefur kennt kynjafræðina frá árinu 2000 og átt sinn þátt í að byggja hana upp sem námsbraut. Skyldi strax hafa verið mikil aðsókn? „Hún jókst hægt og bítandi, það voru aldrei neinar skyndivinsældir, minn skilningur var sá að alltaf væri innistæða fyrir fjölguninni. Enn er kynjafræðin aukagrein í grunnnámi en við byrjuðum með meistaranám árið 2005 og svo doktorsnám, þrír doktorar hafa útskrifast nú þegar og sá fjórði er á leiðinni. Við erum tvær að kenna núna, hin er Gyða Margrét Pétursdóttir, hún var fyrsti doktorinn sem deildin útskrifaði.“

> **Það þurfti að vinna mikið kynningarstarf áður en fullur skilningur var á því að kynjafræðin væri fag með fögum**

Námið er þverfaglegt að sögn Þorgerðar. Þar er rýnt í stöðu karla og kvenna á ýmsum sviðum, svo sem í stjórnmálum, atvinnulífi, menningu, fjölmiðlum og fræðasamfélagi, frá sem flestum sjónarhornum og bæði á Íslandi og í alþjóðlegu samhengi. Hún segir konur í meirihluta nemenda en áhuga karla aukast stöðugt.

Nú á að gera sér glaðan dag í kvöld í svokallaðri Ingjaldsstofu í HÍ, í tilefni 20 ára afmælisins. Þar ætla fyrrverandi nemendur að rifja upp liðnar stundir, bregða á leik og bera fram afmælistertu. „Við starfsfólkið verðum bara í fríi úti í sal,“ segir Þorgerður og hlakkar til.

gun@frettabladid.is



**„Stundum höfum við sem erum í þessu fagi sagt að nafn námsgreinarinnar gefi óþarflega þrönga mynd af náminu,“ segir Þorgerður.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR



Elskuleg systir okkar,
mágkona og frænka,

**Þorbjörg Bergsteinsdóttir**
**(Tobba)**
frá Ási,

sem lést á hjúkrunarheimilinu Dyngju, Egilsstöðum, mánudaginn 3. okt. sl., verður jarðsungin laugardaginn 22. okt. nk. kl. 11.00. Athöfnin fer fram frá Egilsstaðakirkju, en jarðsett verður á Ási. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á styrktarsjóð HHF vegna Dyngju eða Hollvinasamtök Sjúkrahússins á Seyðisfirði (HSSS).

**Þorbjörn Bergsteinsson**
**Jón Bergsteinsson** **Birna Stefánsdóttir**
**Ásta Magnúsdóttir**
**systkinabörn og fjölskyldur.**



Ástkær eiginkona mín, systir, móðir,
amma og langamma,

**Helga Tryggvadóttir**
**Stolzenwald**
Nesvegi 3, Grundarfirði,

lést á sjúkrahúsi Akraness laugardaginn 15. október. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 25. október kl. 13.00.

**Þorsteinn Björgvinsson**
**systkini, börn, barnabörn og barnabarnabörn.**



Minningarathöfn elskulegrar
eiginkonu minnar og móður,

**Sigurbjargar**
**Sigurbjarnadóttir**

sem lést 28. september, fer fram frá Bústaðakirkju laugardaginn 22. október nk. og hefst athöfnin kl. 11.00.

**Arthur Arinbjarnarson**
**Inga Birna Steinarsdóttir**



Ástkær eiginkona, móðir,
tengdamóðir og amma,

**Guðbjörg Vestmann**
Viðjuskógum 15,
Akranesi,

lést á sjúkrahúsinu á Akranesi þann 16. október síðastliðinn. Jarðsetning hennar fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn 21. október kl. 13.

**Sveinn Þorkelsson**
**Guðmundur Kristján Jakobsson**
**Guðbjörg Jakobsdóttir**
**Steindór Örn Jakobsson**
**tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



**Eggert Jónsson**
fv. borgarhagfræðingur,

sem lést 11. október sl., verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni í Reykjavík mánudaginn 24. október kl. 13. Þeim sem vilja minnast hans skal bent á Mæðrastyrksnefnd.

**Tómas Guðni Eggertsson**
**Eiríkur Áki Eggertsson**
**og aðrir aðstandendur.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.



Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Sigurður Jóhannesson**
Skúlagötu 20,
áður Litlagerði 11,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir þann 19. október. Útför auglýst síðar.

**Erla Jóna Sigurðardóttir**
**Kristrún Sigurðardóttir**
**Hannes Gunnar Sigurðsson**
**og fjölskyldur.**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**Benedikts Jóns Ágústssonar**
skipstjóra.

Starfsfólki á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut færum við sérstakar þakkir fyrir góða umönnun.

**Jóna B. Guðlaugsdóttir**
**og börn.**



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir og amma,

**Guðrún Hólmfríður**
**Björgólfsdóttir**
Langholtsvegi 116 A, Reykjavík,

lést á líknardeildinni í Kópavogi sunnudaginn 16. október. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 21. október kl. 15.

**Valdimar Gunnarsson**
**Gunnar Ingi Valdimarsson** **Katrín Harpa Ásgeirsdóttir**
**Kristín Helga Valdimarsdóttir**
**Hrafnhildur Sif Gunnarsdóttir** **Kristinn Páll Gunnarsson**



Elskulegur sonur okkar og bróðir,

**Ásgeir Lýðsson**
Nauthólum 5,
Selfossi,

lést á Barnaspítala Hringsins þann 13. október 2016. Hann verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju mánudaginn 24. október kl. 13.00. Sérstakar þakkir til allra sem komu að umönnun hans.

**Ágústa Sigurðardóttir** **Lýður Ásgeirsson**
**Kristian A. Rodriguez** **Arndís Ása Sigurðardóttir**
**Hekla Rún Lýðsdóttir**
**Guðrún Katrín Lýðsdóttir**

# PIZZA OG KÓK




Iceland Pizza og 2L Kók

Aðeins

**599**

Thin & crispy eða Deep pan pizza + 2 lítra Kók

OPIÐ 24 TÍMA

Iceland

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Fimmtudagur




Minnkandi suðlæg átt og úrkoma en sunnan 15-23 m/s og snarpar vindvhiður á Norðurlandi fram undir hádegi. Suðaustan 8-15 og skúrir víða sunnan og vestan til þegar líður á daginn en hægari vindur og bjartviðri um landið norðaustan- og austanvert. Hiti víða 5 til 11 stig, hlýjast í hnjúkaþeynum norðanlands.

### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 9° | 5° | 5° |
| 16 | 12 | 5 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 6° | 6° | 3° |
| 11 | 10 | 14 |

### Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 7° | 4° | 10° |
| 6 | 7 | 8 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 9° | 10° | 5° |
| 10 | 10 | 8 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. ofsi
6. í röð
8. beita
9. háttur
11. í röð
12. drós
14. urga
16. tveir eins
17. skamm-stöfun
18. borg
20. gangþófi
21. mælieining

**LÓÐRÉTT**
1. sigti
3. slá
4. stífkrampi
5. rúm ábreiða
7. tónsvið
10. fugl
13. sjáðu
15. óskerta
16. traust
19. sjúkdómur

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** ærsl, **6.** áb, **8.** áta, **9.** lag, **11.** jk, **12.** dræsa, **14.** ískra, **16.** tt, **17.** ofl, **18.** róm, **20.** il, **21.** únsa.
**LÓÐRÉTT: 1.** sáld, **3.** rá, **4.** stjarfi, **5.** lak, **7.** barítón, **10.** gæs, **13.** sko, **15.** alla, **16.** trú, **19.** ms.

### Skák Gunnar Björnsson



Helgi Ólafsson (2.539) átti leik gegn Robert Ris (2.418) á Íslandsmóti skákfélaga. Ris lék síðast **26...h4.** Afleikur sem Helgi nýtt sér vel.

**Hvítur á leik**

**27. Rf5!! exf5?** (eini möguleiki svarts var 27... Db8 en eftir 28. Bxg7+ Kg8 29. Bf6! er hvítur með mun betra). **28. Ba3+! Kg8 29. Bd6 Bxf3? 30. Bxf3!** og svartur gafst upp. Ótrúleg umskipti.

**www.skak.is:** Óvænt úrslit á Skákþingi Garðabæjar.




## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | | 2 | | 4 | 5 | | 1 | |
| 1 | | 4 | 6 | | 2 | | 9 | |
| | 7 | 8 | 9 | | | | | |
| | 8 | | 1 | | | 9 | 6 | |
| 9 | | | | | | | | 7 |
| | 4 | 1 | | 9 | | 5 | | 2 |
| | | 3 | | | | | | |
| 7 | | | | | 4 | 6 | | |
| | 5 | | 2 | 1 | 7 | 3 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2 | | | | 8 | 3 | 6 | |
| | | | | 3 | | 9 | | 7 |
| 1 | | | 9 | 2 | | | | |
| 7 | | | | 6 | | 8 | | |
| | | 8 | 4 | | | | 7 | |
| 6 | 1 | | | 8 | | | 3 | 5 |
| | | | | | | 6 | 4 | |
| 5 | | 3 | | | | | 8 | 9 |
| 4 | | | 3 | | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 4 | 8 | | | | 3 | 7 |
| | | | | | | 4 | | 2 |
| | 9 | | | | | 5 | | |
| | | | | 1 | 9 | 7 | | 3 |
| | 7 | | 4 | | | 6 | | |
| 3 | 4 | 1 | | 6 | 2 | | | |
| | 2 | | | 5 | | | | |
| | 1 | 9 | | 7 | | | 6 | 8 |
| 7 | | 3 | | | | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 9 | 8 | 3 | 5 | 6 | 4 | 1 | 7 |
| 3 | 1 | 6 | 4 | 9 | 7 | 2 | 5 | 8 |
| 5 | 4 | 7 | 8 | 1 | 2 | 3 | 9 | 6 |
| 6 | 2 | 9 | 5 | 3 | 8 | 7 | 4 | 1 |
| 4 | 7 | 3 | 9 | 6 | 1 | 5 | 8 | 2 |
| 1 | 8 | 5 | 2 | 7 | 4 | 9 | 6 | 3 |
| 9 | 3 | 1 | 6 | 2 | 5 | 8 | 7 | 4 |
| 7 | 5 | 4 | 1 | 8 | 3 | 6 | 2 | 9 |
| 8 | 6 | 2 | 7 | 4 | 9 | 1 | 3 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | 5 | 9 | 2 | 6 | 8 | 4 | 7 |
| 2 | 9 | 4 | 3 | 8 | 7 | 5 | 6 | 1 |
| 6 | 7 | 8 | 4 | 1 | 5 | 9 | 2 | 3 |
| 4 | 5 | 6 | 7 | 3 | 9 | 1 | 8 | 2 |
| 7 | 8 | 9 | 1 | 4 | 2 | 3 | 5 | 6 |
| 1 | 2 | 3 | 5 | 6 | 8 | 7 | 9 | 4 |
| 8 | 3 | 1 | 6 | 9 | 4 | 2 | 7 | 5 |
| 9 | 6 | 7 | 2 | 5 | 3 | 4 | 1 | 8 |
| 5 | 4 | 2 | 8 | 7 | 1 | 6 | 3 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 9 | 5 | 8 | 1 | 6 | 7 | 2 | 4 |
| 4 | 7 | 6 | 9 | 2 | 3 | 8 | 5 | 1 |
| 8 | 1 | 2 | 4 | 5 | 7 | 3 | 6 | 9 |
| 1 | 5 | 8 | 2 | 3 | 9 | 4 | 7 | 6 |
| 9 | 4 | 3 | 6 | 7 | 5 | 1 | 8 | 2 |
| 2 | 6 | 7 | 1 | 4 | 8 | 5 | 9 | 3 |
| 7 | 8 | 4 | 3 | 9 | 2 | 6 | 1 | 5 |
| 5 | 2 | 1 | 7 | 6 | 4 | 9 | 3 | 8 |
| 6 | 3 | 9 | 5 | 8 | 1 | 2 | 4 | 7 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# OKTÓBER VEISLA

## ÚRVALIÐ ER Í STÆRSTU TÖLVUVERSLUN LANDSINS*

FULL HD IPS FJÖLSNERTISKJÁR MEÐ 178° SJÓNARHORNI

NÝ KYNSLÓÐ ÖRÞUNN AÐEINS 14.6mm OG 1.49kg

BAKLÝST LYKLABORÐ

2 LITIR

### S5-371T

**Ultra I Thin LÍNAN FRÁ ACER!**

Fislétt og örþunn úr Ultra I Thin línu Acer með Nano skornu álbaki, 2.0 Dolby Digital hljóðkerfi og eitt öflugasta þráðlausa net sem völ er á.

- Intel Core i5-6200U 2.8GHz Turbo 4xHT
- 8GB DDR4 2133MHz vinnsluminni
- 256GB SSD M.2 - Enn hraðari ný kynslóð
- 13.3" FHD IPS fjölsnertiskjár 1920x1080
- Intel HD 520 DX12 Skylake skjákjarni
- 2.0 Dolby Digital Plus hljóðkerfi
- 1732Mbps WiFi MU-MIMO, BT 4.0, USB-C 3.1
- 720p HDR Crystal Eye Skype vefmyndavél
- Windows 10 64-bit, hlaðið nýjungum

**179.990**

FÆST Í 2 LITUM

GC2870H

TENGDU ALLT 2x HDMI TENGI;)

### 28" VALED FULL HD SKJÁR

- 28" VA-LED FHD 1920x1080 skjár
- 3000:1 native skerpa og True 8-bit litir
- 5ms GTG viðbragðstími fyrir leikina
- Flicker-free og Low Blue Light tækni
- 178° True to Life Ultra Wide sjónarhorn
- Einstök myndgæði með Wide Color Gamut
- 2x HDMI 1.4, VGA, HDMI kapall fylgir

**39.990**

22" 24.990 | 24" 29.990

NÝ KYNSLÓÐ ÖFLUGRI, ÞYNNRI OG LÉTTARI

PS4 STÝRIPINNI FYLGIR

### PS4 SLIM

- Nýjasta kynslóð leikjatölva frá Sony
- 500GB harður diskur fyrir alla leikina
- Notar HDR tækni fyrir ótrúlega dýpt
- Spotify, Netflix, Youtube ofl öpp
- Fullkominn HD margmiðlunarspilari;)
- Taktu upp öll flottustu atvikin og deildu
- Styður PlayStation VR græjur;)
- Öflugri, þynnri og léttari ný kynslóð
- Nýr þráðlaus Dual Shock 4 stýripinni

**49.990**

1TB AÐEINS 59.990

NÝ KYNSLÓÐ ÖRÞUNN AÐEINS 9.2mm OG 520gr

B3-A30

### IconiaOne

- 10" HD IPS fjölsnertiskjár 1280x800
- Quad Core 1.3GHz A53 64-bit örgjörvi
- Hexa Core Mali T720 DX11 3D skjákjarni
- 16GB flash og allt að 128GB microSD
- 300Mbps þráðlaust net, BT4.0, GPS
- Li-Polymer rafhlaða allt að 10 tímar
- 2.0 Premium DTS HD hljóðkerfi
- Tvær FHD vefmyndavélar 5MP og 2MP
- Android 6.0 Marshmallow og fjöldi forrita

**29.990**

NÝ KYNSLÓÐ FRÁ ACER!

0dB SILENT GAMING Windforce 2X TÆKNIN SKILAR LoL OG FLEIRI LEIKJUM Í 0dB HLJÓÐLEYSI!

### GTX1060

**D5 GAMING LEIKJASKJÁKORT**

- Nýjasta leikjaskjákortið frá GIGABYTE!
- 6GB GDDR5 8GHz 192-bit minni
- SUPER OC 1746Mhz og Nvidia boost 3.0
- DirectX12, GameStream og VR Ready!
- 1280 CUDA cores og 80T.U. fyrir leiki
- 3x 8K Display Port 1.4, HDMI 2.0 og DVI-D
- 16.7 milljón lita forritanleg RGB lýsing
- Nær hljóðlaus 0dB Windforce 2X tækni

**49.990**

GTX1070 G1 GAMING 79.990

GW100

NÝ SENDING LENT!

### GPSKRAKKAÚR

**ENGAR ÁHYGGJUR MEÐ WONLEX!**

Bráðsniðugt og vandað GPS krakkaúr með 1.22" LED lita snertiskjá, SOS takki fyrir neyðarsímtal og SMS sendingu með staðsetningu.

- 1.22" lita LED snertiskjár
- Allt að 10 símanúmer í símaskrá
- Hægt að velja 3 SOS símanúmer
- Með innbyggðri vekjaraklukku
- Viðvörun kemur í síma ef úr er tekið af
- Hægt að skoða ferðir barnsins yfir daginn
- GEOgirðing varar við ef úr fer út fyrir svæði
- Allar aðgerðir stjórnast úr síma foreldra
- App í boði fyrir IOS og Android

SOS HNAPPUR SENDIR BOÐ Í SÍMA FORELDRA!

MICRO SIM VIRKAR MEÐ ÖLLUM SIM KORTUM:)

**9.990**

WONLEX GPS KRAKKAÚR

3 LITIR

PRIMO **1.990**

2.200mAh

### FERÐAFHLAÐA

ROCK100 HEYRNARTÓL FYLGJA

SILICON BUMPER VARNARHLÍF

**14.990**

### 7" SPJALDTÖLVA

ULTRA SLIM 2TB 19.900

1TB SLIM **12.990**

KEMUR Í FJÓRUM LITUM!

### 1TB SLIM FLAKKARI

OKTÓBER TILBOÐ VERÐ ÁÐUR 34.990

ENZO **29.990**

4 LITIR

### LEIKJASTÓLAR

* GILDIR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU • ALLT AÐ 10KG • EF PANTAÐ ER FYRIR KL. 15:00;)

**OPNUNARTÍMAR**

Virka daga
10:00 - 18:00
Laugardaga
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

HRAÐSENDUM 500KR ALLAR VÖRUR HEIM SAMDÆGURS*

Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

20. október 2016 • Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

*Tölvutek er stærsta sérhæfða tölvuverslun landsins í fermetrum verslunarrýmis talið, samkvæmt niðurstöðu Neytendastofu þann 10.05.2016



Þorsteinn frá Hamri hefur tekist á við ljóðið frá unga aldri og hann segir að það vilji nú ekki eldast af honum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Ljóðin kyrra hugann og gefa svigrúm

**Þorsteinn frá Hamri sendi frá sér nýja ljóðabók fyrir skömmu. Hann á að baki einkar glæstan feril allt frá því að fyrsta ljóðabókin kom út árið 1958.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Ljóðskáldið Þorsteinn frá Hamri sendi frá sér sína fyrstu ljóðabók, Í svörtum kufli, árið 1958 þá aðeins tvítugur að aldri. Síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar en fyrir skömmu sendi Þorsteinn frá sér ljóðabókina Núna, en það er hans tuttugasta og fyrsta ljóðabók. Að auki liggja eftir hann skáldsögur og þættir en ljóðið hefur þó alla tíð verið hans meginviðfangsefni og miðill.

Á þessum árum hefur Þorsteinn fágað og mótað sinn stíl. Oft er haft á orði um ljóðlist Þorsteins að honum hafi tekist sérlega vel að bræða saman hina gömlu ljóðahefð og stílbrögð nýrrar aldar, ljóðmál módernismans. Það er sérstakt og forvitnilegt að í upphafi nýju ljóðabókarinnar er að finna einkar fallega áritun skáldsins sem minnir helst á ljóðrænt manifesto yfir einstakt ævistarf.

**VIÐ SEM ERUM AÐ SETJA SAMAN LJÓÐ, ÞETTA ER LÍÐAN OKKAR ÞÁ STUNDINA.**

sig. „En það er nú bara vegna þess að sumu getur maður engu svarað og það er nú einu sinni þannig þegar maður er búinn að ganga frá bók, þá þykist maður vera búinn að segja það sem maður ætlaði. Svo er þetta í annarra höndum eftir það.“

Aðspurður hvort hann stingi penna á blað í kjölfar þess að vera búinn að senda frá sér bók þá segir Þorsteinn það ekki vera. „Nei, ég er meira að segja oft dálítið úti í vindinum. Þannig að yfirleitt kemur svolítið hlé hjá mér þegar ég er búinn að senda frá mér.“

Yrkisefnin í Núna eru fjölbreytt og Þorsteinn tekur undir að þarna sé ákveðin hreyfing á milli tímaskeiða. „Já, ég kannast við það. Ég held að það sé bara eitthvað sem fylgir aldrinum að hugurinn hvarflar yfir farinn veg. Svo er nútíminn eins og hann er; dálítið

*Ljóð okkar, þau eru líðan okkar hverju sinni,*
*og hafa sér til afbötunar að hugsanlega finni*
*aðrir fyrir einhverju svipuðu um líkt leyti.*

*Lækir streymdu án afláts þótt á vegi þeirra yrðu*
*vöð og flúðir. Við fórum ung að dæmi þeirra.*

*Og höldum uppteknum hætti. Eins þótt okkur*
*gruni að sumra lækjanna sjái nú lítil merki.*

Aðspurður út í efni áletrunarinnar segir Þorsteinn: „Já, ég hef alltaf verið dálítið spurður út í þetta og fannst því ágætt að svara því þarna í upphafi. Þetta er nú tilfellið. Við sem erum að setja saman ljóð, þetta er líðan okkar þá stundina. Þetta vill nú ekki eldast af manni þó svo maður sé að nálgast áttrætt,“ segir Þorsteinn af stóískri ró og samþykkir að taka smá spjall um bókina en bætir við að hann sé nú ekki mikill málskrafsmaður um sjálfan

óræður og allt að því hættulegur. Fyrirgangsmikill. Svo sjálfsagt bregður fyrir þarna hjá mér því sem líkja má við draugaganginn í gamla daga. Þegar menn gátu vakið upp drauga en komu þeim ekki niður aftur. Tæknin er komin með frumkvæðið og það stríðir á marga í nútímanum. Tæknin sem átti að vera til þæginda hefur gert lífið flóknara og margt ófyrirsjáanlegt.“

Þorsteinn hefur í ljóðum sínum oft sótt mikið í íslenskan bókmennta- og menningararf og á því er engin undantekning að þessu sinni. „Já, það hefur oft verið talað um það að ég hafi verið mikið með vísanir í bókmenntir og sögu en ég held að það hafi nú frekar dregið úr því.“ Í þessu samhengi er forvitnilegt að skoða stöðu menningararfsins í samtímanum og Þorsteinn segir að það sé ekki laust við að oft sé talað niður til fyrri tíma í dag. „Það er svolítið hættulegt. Við eigum ekki að tala niður til þeirra kynslóða sem gáfu okkur lífið ef ég má nota það orðalag.“

Þorsteinn segir að hann kappkosti nú alltaf að fylgjast með í bókmenntunum þó svo það sé nú erfitt að fylgjast með öllu. „Það er margt sem að manni ber. Þessa stundina er ég með kærkomnar nýjungar á náttborðinu. Bækur Gyrðis, Guðmundar Óskarssonar, Guðmundar Andra og Eyþórs Árnasonar. Þetta er allt góð lesning. En ljóðið er góð hvíld frá asa samtímans. Þau kyrra hugann og gefa svigrúm.“

## FARANDSKÁLD

*Hann átti það ætíð víst*

*ef hann settist um kyrrt*
*og hugði sig hólpinn*

*að fjarskinn mikli*
*færðist ögrandi*
*nær,*

*og nísti hann síðast.*

*Það deyfði sviðann að dvelja*
*sífellt skemur*
*í sama stað,*

*halda sem oftast*
*heiman að*

*og vera gestur sem víðast.*

***Úr ljóðabókinni Núna eftir Þorstein frá Hamri***




# ALDREI FLEIRI KJARNORKUSPRENGJUR




*Ég er sofandi hurð* er framhald verðlaunaskáldsagnanna *Augu þín sáu mig* og *Með titrandi tár*. Saman mynda bækurnar einstakt skáldverk í íslenskum bókmenntum og koma nú út sem þríleikurinn *CoDex 1962*.

**„Sjón er einn þeirra evrópsku höfunda sem ekki verður litið fram hjá.“**
El País

**„Sjón er einstakur og frumlegur höfundur.“**
A.S. Byatt



*www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39*

BÍÓ


Júlíana Sara Gunnarsdóttir og Margrét Vilhjálmsdóttir í hlutverkum sínum.

# Grafalvarleg en áhrifalaus

**KVIKMYND**

**Grimmd**
★★☆☆☆

**Leikstjóri:** Anton Sigurðsson
**Framleiðendur:** Anton Sigurðsson, Haraldur Bender, Jói Björnsson
**Handrit:** Anton Sigurðsson
**Klipping:** Árni Freyr Haraldsson
**Kvikmyndataka:** Árni Filippusson
**Förðun:** Sandra María Ásgeirsdóttir
**Leikarar:** Margrét Vilhjálmsdóttir, Sveinn Ólafur Gunnarsson, Hannes Óli Ágústsson, Atli Rafn Sigurðarson og Pétur Óskar Sigurðsson

Kvikmyndagerðarmaðurinn Anton Sigurðsson má eiga þann heiður að vera sá fyrsti í háa herrans tíð til að skella íslenskum sakamálatrylli upp á hvíta tjaldið, þótt fáir geti neitað því að vel hafi farið um slíka í sjónvarpsgeiranum okkar. Grimmd er önnur mynd Antons í fullri lengd en sú fyrri var hrollvekjan Grafir og bein frá 2014. Óskaplega fáir sáu hana (skiljanlega) en áhugi Antons á skuggalegu andrúmslofti og tilþrifaríkum leik var í það minnsta sýnilegur.

Nú hefur Anton óneitanlega vaðið í metnaðarfyllri kvikmynd og segir Grimmd frá tveimur ungum stúlkum sem hverfa skyndilega af leikvelli og finnast síðar látnar í Heiðmörk. Atburðarásin tengir saman líf ýmissa ólíkra persóna á meðan reyndar rannsóknarlöggur vinna hörðum höndum við að leysa málið. Þegar glitta fer í svör flækjast málin enn frekar og áhorfandinn fær að leika sér að því að giska á það hver morðinginn er næstu 90 mínúturnar.

Myndin fer því miður alls ekki vel af stað. Tónninn er strax gefinn með kjánalegri upphafssenu sem framkallaði meira að segja nokkur fliss í salnum sem ég sat í. En fljótlega fara þarna að sjást merki um óslípað flæði, gallaða hljóðvinnslu og leikstjórn þar sem ekki er haldið nægilega fast um efnistaumana.

Samtölin eru oft stirð og háfleyg, eins og þau séu stundum beinþýdd úr vondum Hollywood-trylli. Einnig er mikið af slæmum útskýringarsamtölum og ósannfærandi lausnum. Það er ýmislegt í handritinu sem bregður fyrir eða hverfur óútskýranlega eftir þörfum. Ýmsir litlir söguþræðir eru endasleppir og nokkrum persónum hefði algerlega mátt sleppa, þó ekki væri nema til að gefa öðrum meira svigrúm, þróa sambönd og persónuleika. Oft fékk ég á tilfinninguna að mikilvægar senur hefðu verið klipptar úr.

Atburðarásin snýst meira um að villa stöðugt um fyrir áhorfendum en að einbeita sér að einhverju bitastæðara. Í allri sakamálasögunni er leikið með truflandi og athyglisverð þemu en lítið verður úr þeim, giskleikurinn verður úr þurrum farsa og spennubyggingin missir allan kraft þegar leikstjórinn fellur í þá gryfju að sýna stundum of mikið of snemma, eða gefa upp svör löngu eftir að þau eru orðin öllum ljós. Endirinn er líka handónýtur og sagan vekur í rauninni fleiri spurningar en hún svarar, ekki á góðan hátt.

Að mestu er hér annars að finna hinn fínasta hóp leikara. Liðið getur verið mistrúverðugt eftir því hvernig samræðurnar (eða aðstæðurnar) eru skrifaðar, en Margrét Vilhjálmsdóttir, Hannes Óli, Sveinn Ólafur, Atli Rafn og Pétur Óskar standa sig nógu vel til þess að tryggja það að slök kvikmynd verði bærilegri. Sama má segja um ýmsa í aukahlutverkum sem skilja eitthvað eftir sig, til dæmis Jörund Ragnarsson, Ólafíu Hrönn eða „Jónana“ tvo, sem meira hefði mátt gera við. Salóme Gunnarsdóttir er einnig fín sem hin brotna móðir stúlknanna, þótt hún geri fátt annað en að skjóta upp kollinum reglulega og gráta úr sér augun. Gráturinn er vissulega sannfærandi, en persónan er í besta falli einhliða. Það sama á við um þær flestar.

Kvikmyndataka og klipping er í meðalgóðu standi, þótt hnökrum bregði fyrir í rennslinu og lýsingin í kvöldsenum eða dökku umhverfi sé ekki alltaf að gera sig. Einnig stemmir tónlistin ekki alveg við og dregur frekar úr andrúmsloftinu en að styrkja það. Eins og áður kom fram hefði meiri tími mátt fara í hljóðvinnuna, „döbbin“ svokölluðu voru heldur ekki alltaf vel falin. Vandræðalegt.

Segja má að Grimmd standi undir nafni, en hún er undarlega áhrifalaus miðað við umfjöllunarefnið. Með betri úrvinnslu hefði þetta mögulega getað gengið upp sem sjónvarpsmyndasería, því hér eru alltof margir boltar á lofti. Myndin reynir að gera of mikið en verður að lokum að ósköp litlu. Henni er þó ekki alls varnað og það er hæfileikaríkum leikurum að þakka, vissum áherslum í stílnum og prýðilegri förðun. En skynsamlegra væri að leita til betri sakamálasagna, innlendra eða erlendra.

**Tómas Valgeirsson**

**NIÐURSTAÐA:** Andrúmsloftið er ágætt og leikararnir hafa miklu við að bæta en persónusköpunin er flöt, handritið gloppótt og samtölin svo stíf að heildin gliðnar í sundur.

## Frumsýningar



### TRÖLL

Aðalleikarar: Anna Kendrick, Zooey Deschanel, James Corden, Christopher Mintz-Plasse, Justin Timberlake, Gwen Stefani, Russell Brand, Quvenzhané Wallis, Christine Baranski, John Cleese, Jeffrey Tambor, Kunal Nayyar
Frumsýnd: 21. október
IMDb: 6,8
Rotten Tomatoes: 77%



### JACK REACHER: NEVER GO BACK

Aðalleikarar: Tom Cruise, Cobie Smulders, Robert Knepper, Aldis Hodge, Holt McCallany, Jason Douglas, Danika Yarosh, Teri Wyble, Michael Papajohn, Billy Slaughter
Frumsýnd: 21. október
IMDb: 8,0



### MASTERMINDS

Aðalleikarar: Kristen Wiig, Kate McKinnon, Jason Sudeikis, Owen Wilson, Zach Galifianakis, Leslie Jones, Ken Marino, Devin Ratray, Rhoda Griffis, Kevin J. O'Connor
Frumsýnd: 28. október
IMDb: 5,8
Rotten Tomatoes: 34%


JÓLABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS

Stóra jólablaðið frá Fréttablaðinu kemur út þriðjudaginn 22. nóvember.

Blaðið er stútfullt af allskonar skemmtilegu efni tengdu jólunum.

Áhugasamir hafi samband við:

Jón Ívar Vilhelmsson
Sími/Tel:
+354 512-5429
jonivar@365.is

Jóhann Waage
Sími/Tel:
+354 512-5439
johannwaage@365.is

Atli Bergmann
Sími/Tel:
+354 512-5457
atlib@365.is

Ólafur H. Hákonarson
Sími/Tel:
+354 512-5433
olafurh@365.is



# 25%

## AFSLÁTTUR AF ÖLLUM PÚSLUM FYRIR MEÐLIMI Í A4 KLÚBBNUM

**20. október – 24. október**




























**Þú skráir þig í A4 klúbbinn á www.a4.is eða í næstu A4 verslun.**
**Athugið að vöruúrval er mismunandi á milli verslana. Afsláttur gildir ekki með öðrum tilboðum.**

**A4** Kringlunni / **A4** Skeifunni / **A4** Smáralind / **A4** Hafnarfirði / **A4** Akureyri / **A4** Egilsstöðum / **A4** Selfossi

**www.a4.is** / Þú getur einnig fylgt okkur á **Facebook** **pinterest.com/a4fondur** og **instagram.com/a4verslanir**

A4











# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

## 20. OKTÓBER

### Tónlist

**Hvað?** Dívu-tónleikar
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Stofan, Vesturgötu 3, Reykjavík
Í kvöld mun Bergljót Arnalds flytja nokkur gömul vinsæl dægurlög, mörg hver sem Elly Vilhjálms gerði fræg á sínum tíma auk annarra díva. Þema tónleikanna er „kósístund í kjallaranum“ þar sem ljúfir tónar leika við eyru gesta á indælu haustkvöldi. Píanisti Bergljótar í Kjallaranum er Guðmundur Eiríksson. Hann hefur komið víða við um ævina og spilaði um áratugaskeið í Kaupmannhöfn. Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir og aðgangur er ókeypis.

**Hvað?** Gulli Briem og Earth Affair
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Gamla bíó
Hljómsveit trommuleikarans Gulla Briem, Earth Affair, fagnar útgáfu plötunnar „Liberté“ sem kom út nýlega, með glæsilegum útgáfutónleikum í hjarta Reykjavíkur, Gamla bíói í kvöld. Þetta er þriðja sólóverkefni Gulla, en hann semur megnið af tónlistinni í samvinnu við Jökul Jörgensen, ljóðskáld og bassaleikara. Þeim til fulltingis á tónleikunum verða Arnar Guðjónsson úr Leaves (gítar) og Magnus Johannesen (hljómborð). Tónlist Earth Affair er magnþrungin, ambient-skotin og með klassísku ívafi. Roland Hartwell mun stjórna strengjakvartett sem leikur með Earth Affair á tónleikunum en ásamt þeim verður Eyþór Ingi Gunnlaugsson sérstakur gestur með sveitinni.


Hljómsveit trommuleikarans Gulla Briem, Earth Affair, fagnar útgáfu plötunnar „Liberté“ í Gamla bíói í kvöld.

**Hvað?** Brautryðjendur
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Salurinn, Kópavogi
Stórsöngkonurnar María Markan, Þuríður Pálsdóttir og Sigurveig Hjaltested voru meðal brautryðjenda í íslensku tónlistarlífi og voru þær í hópi fremstu íslenskra óperusöngvara fyrr á árum. Á þessum glæsilegu og skemmtilegu tónleikum verður farið yfir feril þessara kvenna og sungið úr glæsilegri söngskrá þeirra sem samanstóð meðal annars af íslenskum einsöngsperlum, óperuaríum og dúettum.

**Hvað?** Sinfóníuhljómsveit Íslands á Háskólatorgi
**Hvenær?** 12.20
**Hvar?** Háskólatorg
Sinfóníuhljómsveit Íslands heldur tónleika á Háskólatorgi.

**Hvað?** Sage Francis
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Húrra
Rapparinn geðþekki Sage Francis boðar komu sína enn á ný. Að þessu sinni kemur hann fram á skemmtistaðnum Húrra ásamt góðum gesti sem tilkynntur verður síðar.

**Hvað?** DJ Yamaho
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Kaffibarinn

### Uppákomur

**Hvað?** Beinvernd
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Hallaveigarstaðir, Túngötu 14, Reykjavík
Skipulag dagsins er opið hús þar sem boðið er upp á fræðslufyrirlestur, beinþéttnimælingar og kalkríkar veitingar. Allir velkomnir.

**Hvað?** Stefán Rís
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Gaflaraleikhúsið, Víkingastræti 2, Hafnarfirði
Frá þeim sem færðu ykkur Unglinginn kemur nýr eldhress gleðileikur með söngleikjaívafi fyrir alla fjölskylduna. Óli Gunnar Gunnarsson og Arnór Björnsson slógu eftirminnilega í gegn með leikritið sitt Unglinginn árið 2014 og voru tilnefndir til tvennra Grímuverðlauna. Leikstjóri: Björk Jakobsdóttir. Dansstjórn: Unnur Elísabet. Söngstjórn: Þórunn Lárusdóttir. Undirspil: Hallur Ingólfsson.

### Fundir

**Hvað?** Áhrif Konrads Maurer á útgáfu þjóðsagnasafns Jóns Árnasonar
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Safnhúsið á Hverfisgötu
Fyrirlesturinn byggir á MA-ritgerð Sigrúnar Gylfadóttur sem skrifuð var í þjóðfræðideild Háskóla Íslands. Í rannsókninni var kannað hvaða áhrif Konrad Maurer hafði á útgáfu þjóðsagnasafns Jóns Árnasonar.

**Hvað?** Verndun hugverkaréttinda í rannsóknum
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Háskóli Reykjavíkur, Stofa V102
Ráðstefna um hugverkaréttindi á vegum Alþjóðahugverkastofnunarinnar (WIPO), Einkaleyfastofu og Háskólans í Reykjavík.

**Hvað?** Að styrkja og stuða í 20 ár: Afmælisveisla kynjafræðináms í Háskóla Íslands
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Háskóli Íslands, Háskólatorg, HT-101
Á þessu hausti fagnar kynjafræðinám í Háskóla Íslands 20 ára afmæli. Af því tilefni verður afmælisveisla í kvöld. Karen Ásta Kristjánsdóttir, MA í kynjafræði, mun flytja erindi úr MA-ritgerð sinni sem ber yfirskriftina „Ástríða og akademía: Kynjafræðileg þekking, miðlun og framkvæmd“ þar sem hún fjallar um reynslu nokkurra nemenda af náminu. Þá verða 5 mínútna örerindi þar sem fyrrverandi nemendur, þau Andrea Róberts, Anna Bentína Hermansen, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir og Þorvaldur Kristinsson, fjalla um hvað tók við eftir námið, veganestið, minnisstæð atvik eða upplifanir úr náminu. Loks verður skrafað og skeggrætt og boðið upp á afmælistertu. Lára Rúnars flytur nokkur lög og Steinunn Rögnvaldsdóttir sér um veislustjórn.

**Hvað?** Heimur í brotum: GKS 1812 4to og alfræði miðalda
**Hvenær?** 09.00
**Hvar?** Viðeyjarstofa
Ráðstefnan er haldin í Viðey í dag og morgun. Til hennar er boðið þrettán fyrirlesurum af ólíkum sviðum miðaldafræða; handritafræði, listfræði, latínu, heimspeki, stærðfræði, stjörnufræði og landafræði, til þess að fjalla um handritið GKS 1812 4to, sem er eitt af merkari alfræðihandritum íslenskum sem varðveist hafa frá miðöldum, og efni þess frá ólíkum sjónarhornum.


Bergljót Arnalds mun flytja nokkur gömul vinsæl dægurlög á Stofunni í kvöld.


LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.






BIO ★ PARADIS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| Captain Fantastic | 17:30, 20:00 |
| Innsæi / The Sea Within | 18:00 |
| Brotið | 18:00 |
| Miss Peregrine's Home for Peculiar Children | 20:00, 22:30 |
| The Neon Demon | 20:00 |
| Sundáhrifin / The together Project | 22:30 |
| Ransacked | 22:00 |



# MINNINGAR OG LEYNDARMÁL!




## HESTVÍK

Gerður Kristný er höfundur á þriðja tugar bóka. Hestvík er þriðja skáldsaga hennar fyrir fullorðna.

Vildarverð:
4.999.-
Verð:
6.299.-



## NETIÐ

Netið eftir Lilju Sigurðardóttur er æsispennandi glæpasaga, sjálfstætt framhald Gildrunnar sem kom út í fyrra og var afar vel tekið.






Vildarverð:
5.499.-
Verð:
6.999.-

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboða er til og með 31. október, eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# DAGSKRÁ

## Fimmtudagur




### X16 – SUÐVESTURKJÖRDÆMI - KRAGINN

Strax að loknum kvöldfréttum verður rætt við oddvita stjórnmálaflokkanna úr suðvesturkjördæmi í beinni útsendingu á Stöð 2.

SPENNANDI
FIMMTUDAGSKVÖLD
Fáðu þér áskrift á 365.is
365




### ÁRBAKKINN

Stórskemmtilegir stangveiðiþættir í umsjón Gunnars Bender og Steingríms Þórðarsonar þar sem fylgst er með veiðimönnum í essinu sínu við árbakkana. Í þessum þætti verðum við á árbökkunum fyrir austan með þeim Randveri Þorlákssyni og Sigga Sigurjóns.

### NCIS

Stórgóðir og léttir spennuþættir sem fjalla um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins sem þurfa að glíma við æ flóknari og hættulegri mál.



### THE BLACKLIST

Það hefur margt drifið á daga Raymond Reddington og Lizziar síðan í síðustu seríu þar sem Lizzie hittir föður sinn í fyrsta sinn eftir mikla leit.



### STARTUP

Magnaðir þættir þar sem foringi skipulagðrar glæpastarfsemi og tölvuþrjótur snúa bökum saman og freista þess að reka fyrirtæki með órekjanlegum og illa fengnum peningum.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.
365.is

### STÖÐ 2

**07.00** Simpson-fjölskyldan
**07.25** Kalli kanína og félagar
**07.50** Litlu Tommi og Jenni
**08.10** The Middle
**08.35** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.20** Jamie's 30 Minute Meals
**10.45** Marry Me
**11.10** World's Strictest Parents
**12.15** Léttir sprettir
**12.35** Nágrannar
**13.00** Grandma
**14.20** Turtle Power: The Definitive History of the Teenage Mutant
**16.05** The Detour
**16.25** Ég og 70 mínútur
**16.55** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Íþróttir
**19.05** X16 - Suðvesturkjördæmi - Kraginn
**20.10** Árbakkinn Hér er fylgst með veiðimönnum við árbakkana, sagðar eru einstakar veiðisögur auk þess sem leyndarmálin um bestu hylina og flugurnar eru afhjúpuð.
**20.30** Masterchef USA Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur með Gordon Ramsay í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar á sitt band.
**21.10** NCIS
**21.55** The Blacklist Fjórða spennuþáttaröðin með James Spader í hlutverki hins magnaða Raymonds Reddington eða Red, sem var efstur á lista yfir eftirlýsta glæpamenn hjá bandarískum yfirvöldum. Hann gaf sig fram og bauðst til að aðstoða FBI við að hafa hendur í hári glæpamanna og hryðjuverkamanna.
**22.40** StartUp Nýir og magnaðir þættir með Martin Freeman og Adam Brody í aðalhlutverkum um bankastarfsmann, foringja skipulagðrar glæpastarfsemi og tölvuþrjót sem snúa bökum saman og freista þess að reka fyrirtæki með órekjanlegum og illa fengnum peningum.
**23.25** Borgarstjórinn
**23.55** Rizzoli & Isles
**00.40** Gåsmamman
**01.25** Aquarius
**02.10** Finders Keepers
**03.35** Machete Kills
**05.20** Bad Asses on the Bayou

### STÖÐ 2 SPORT

**07.10** Barcelona - Man. City
**08.55** Meistaradeildarmörkin
**09.25** Körfuboltakvöld
**11.05** Bayern München - PSV
**12.50** PSG - Basel
**14.35** Arsenal - Ludogerets
**16.20** Barcelona - Man. City
**18.05** Meistaradeildarmörkin
**18.35** NFL Gameday
**19.05** Þór Ak. - Skallagrímur
**21.10** Premier League World
**21.40** Celta - Ajax
**23.20** AZ Alkmaar - Maccabi Tel-Aviv
**01.00** UFC Now

### STÖÐ 2 SPORT 2

**07.05** Þór Þ. - Keflavík
**08.50** Grindavík - Haukar
**10.45** Man. City - Everton
**12.30** Crystal Palace - West Ham
**14.15** Middlesbrough - Watford
**16.00** Premier League Review
**16.55** Inter Milan - Southampton
**19.00** Man. Utd. - Fenerbahce
**21.00** Seattle Seahawks - Atlanta Falcons
**00.05** Þór Ak. - Skallagrímur

### STÖÐ 3

**17.55** Mike and Molly
**18.15** Two and a Half Men
**18.40** New Girl
**19.00** Modern Family
**19.25** Fóstbræður
**19.55** Léttir sprettir
**20.15** Veistu hver ég var?
**21.00** Supergirl
**21.45** Gotham
**22.30** Arrow
**23.10** NCIS: New Orleans
**23.55** Fóstbræður
**00.20** Léttir sprettir
**00.40** Veistu hver ég var?
**01.25** Supergirl
**02.05** Tónlist

### KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Zigby
**07.10** Ævintýraferðin
**07.25** Mæja býfluga
**07.38** Skógardýrið Húgó
**08.00** Könnuðurinn Dóra
**08.24** Mörgæsirnar
**08.47** Doddi litli og Eyrnastór
**09.00** Áfram Diego, áfram!
**09.24** Svampur Sveins
**09.49** Lalli
**09.55** Rasmus Klumpur
**10.00** Lína Langsokkur
**10.25** Gulla og grænjaxlarnir
**10.37** Stóri og Litli
**10.49** Hvellur keppnisbíll
**11.00** Zigby
**11.10** Ævintýraferðin
**11.25** Mæja býfluga
**11.38** Skógardýrið Húgó
**12.00** Könnuðurinn Dóra
**12.24** Mörgæsirnar
**12.47** Doddi litli og Eyrnastór
**13.00** Áfram Diego, áfram!
**13.24** Svampur Sveins
**13.49** Lalli
**13.55** Rasmus Klumpur
**14.00** Lína Langsokkur
**14.25** Gulla og grænjaxlarnir
**14.37** Stóri og Litli
**14.49** Hvellur keppnisbíll
**15.00** Zigby
**15.10** Ævintýraferðin
**15.25** Mæja býfluga
**15.38** Skógardýrið Húgó
**16.00** Könnuðurinn Dóra
**16.24** Mörgæsirnar
**16.47** Doddi litli og Eyrnastór
**17.00** Áfram Diego, áfram!
**17.24** Svampur Sveins
**17.49** Lalli
**17.55** Rasmus Klumpur
**18.00** Lína Langsokkur
**18.25** Gulla og grænjaxlarnir
**18.37** Stóri og Litli
**18.49** Hvellur keppnisbíll
**19.00** Mörgæsirnar



Mæja býfluga kl. 07.25, 11.25 og 15.25

### GOLFSTÖÐIN

**08.15** Golfing World 2016
**09.05** Champions Tour Highlights
**10.00** Golfing World
**10.50** CIMB Classic
**14.50** Safeway Open
**19.00** PGA Tour – Highlights
**19.55** Inside the PGA Tour
**20.20** CIMB Classic
**00.20** Golfing World
**01.10** Champions Tour Highlights
**02.05** Inside the PGA Tour 2016
**02.30** CIMB Classic

### BÍÓSTÖÐIN

**11.15** American Graffiti
**13.05** Drumline. A New Beat
**14.50** Belle
**16.35** American Graffiti Frábær gamanmynd frá árinu 1973 sem fjallar um tvo menntaskólastráka sem fara út á lífið daginn áður en alvara háskólanámsins tekur við. Sögusviðið er Bandaríkin árið 1962 þegar rokk og ról, fallegar stelpur og kappakstur á götum úti er efst í huga ungra pilta. Myndin var tilnefnd til fimm Óskarsverðlauna
**18.30** Drumline: A New Beat
**20.15** Belle
**22.00** Kill The Messenger
**23.55** Red Hörkuspennandi mynd með Bruce Willis, Morgan Freeman og Helen Mirren í aðalhlutverkum. Sérsveitarmaðurinn Frank Moses er sestur í helgan stein en þegar hátæknilegir launmorðingjar elta hann uppi, kallar hann saman gömlu sveitina sína.
**01.45** Spring Breakers
**03.20** Kill The Messenger

### RÚV

**16.35** Alþingiskosningar 2016: Kynning á framboði
**16.40** Alþingiskosningar 2016: Kynning á framboði
**16.45** Alþingiskosningar 2016: Forystusætið
**17.10** Sjöundi áratugurinn – 1968
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Stundin okkar
**18.26** Eðlukrúttin
**18.37** Vinabær Danna tígurs
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Alþingiskosningar 2016
**20.40** Ljósan
**21.10** Vammlaus
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Alþingiskosningar 2016: Forystusætið
**22.50** Alþingiskosningar 2016: Kynning á framboði
**22.55** Alþingiskosningar 2016: Kynning á framboði
**23.00** Dicte II
**23.45** Alþingiskosningar 2016
**00.45** Dagskrárlok

### SJÓNVARP SÍMANS

**00.35** Sex & the City
**01.00** This is Us
**01.45** Zoo
**02.30** Chicago Med
**03.15** Queen of the South
**04.00** The Tonight Show
**04.40** The Late Late Show
**05.20** Pepsi MAX tónlist
**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** The Millers
**08.20** Dr. Phil
**09.00** The Biggest Loser
**09.45** The Biggest Loser
**10.30** Pepsi MAX tónlist
**13.20** Dr. Phil
**14.00** Odd Mom Out
**14.20** Survivor
**15.05** Be My Valentine
**16.35** The Tonight Show
**17.15** The Late Late Show
**17.55** Dr. Phil
**18.35** Everybody Loves Raymond
**19.00** King of Queens
**19.25** How I Met Your Mother
**19.50** Speechless
**20.15** Girlfriend's Guide to Divorce
**21.00** This is Us
**21.45** MacGyver
**22.30** The Tonight Show
**23.10** The Late Late Show
**23.50** 24

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

ORMSSON

# Þvottadagar

## fyrir heimilin í landinu

15%

## LÆKKAÐ VERÐ* MEÐ AFSLÆTTI AÐ AUKI



ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
3 ÁRA ÁBYRGÐ

**AEG**

**ÞVOTTAVÉL**
*Lavamat 63272FL*
Tekur 7 kg af þvotti.
1200 snúningar.
Öll hugsanleg þvottakerfi.
Íslensk notendahandbók.

**Nú kr. 76.415,-**
LÆKKAÐ VERÐ: kr. 89.900,-



ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
3 ÁRA ÁBYRGÐ

**AEG**

**ÞVOTTAVÉL**
*Lavamat 63472FL*
Tekur 7 kg af þvotti.
1400 snúningar.
Öll hugsanleg þvottakerfi.
Íslensk notendahandbók.

**Nú kr. 84.915,-**
LÆKKAÐ VERÐ: kr. 99.900,-



ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
3 ÁRA ÁBYRGÐ
10 ÁRA ÁBYRGÐ Á MÓTOR

**AEG**

**ÞVOTTAVÉL**
*Lavamat 76485FL*
Tekur 8 kg af þvotti. 1400 snúningar. Öll hugsanleg þvottakerfi. Kolalaus mótor. Íslensk notendahandbók.

**Nú kr. 110.415,-**
LÆKKAÐ VERÐ: kr. 129.900,-



ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
3 ÁRA ÁBYRGÐ
10 ÁRA ÁBYRGÐ Á MÓTOR

**AEG**

**ÞVOTTAVÉL**
*Lavamat 76806FL*
Tekur 8 kg af þvotti.
1600 snúningar.
Öll hugsanleg þvottakerfi.
Kolalaus mótor.

**Nú kr. 127.415,-**
LÆKKAÐ VERÐ: kr. 149.900,-



**AEG**

**ÞURRKARI - BARKALAUS**
T61271AC
Tekur 7 kg af þvotti. Ný tegund af tromlu sem minnkar slit og dregur úr krumpum. Snýr tromlu í báðar áttir og er með rakaskynjara.

**Nú kr. 84.915.-**
LÆKKAÐ VERÐ: kr. 99.900,-



**AEG**

**ÞURRKARI - BARKALAUS**
T76280AC
Barkarlaus þurrkari með rakaskynjara. Tekur 8 kg. af þvotti. Ný ryðfrí tromla sem minnkar slit og snýst í báðar áttir.

**Nú kr. 93.415.-**
LÆKKAÐ VERÐ: kr. 109.900,-



**AEG**

**UPPÞVOTTAVÉL**
F66692MOP
Topplaus, undir borðplötu.
Hljóðlát 43db með 7 þvottakerfi og þurrkun.

HVÍT **Nú kr. 110.415,-**
LÆKKAÐ VERÐ: kr. 129.900,-



**AEG**

**UPPÞVOTTAVÉL**
FSILENCM2P
Topplaus, undir borðplötu.
Hljóðlát 39db með 6 þvottakerfi og þurrkun.

STÁL **Nú kr. 101.915,-**
LÆKKAÐ VERÐ: kr. 119.900

* *Í síðasta mánuði lækkaði Ormsson öll verð á AEG þvottavélum, þurrkurum, uppþvottavélum vegna styrkingar á gengi krónunnar og hagstæðra innkaupa.*

ormsson.is

**Opnunartímar:**
**Virka daga kl. 10-18**
**Laugardaga kl. 11-15.**

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
**ORMSSON**
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2016

ORMSSON Greiðslukjör
Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði

| ORMSSON | ORMSSON | KS | SR BYGG | ORMSSON | PENNINN | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | GEISLI | TÆKNIBORG | OMNIS | BLÓMSTURVELLIR |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |

# Forsýning á spennumyndinni Grimmd







**Spennumyndin Grimmd var forsýnd á þriðjudaginn. Eyþór Árnason ljósmyndari leit við og tók nokkrar myndir.**

Forsýning á spennumyndinni Grimmd fór fram á þriðjudaginn í Smárabíói. Með aðalhlutverk í myndinni fara Margrét Vilhjálmsdóttir og Sveinn Ólafur Gunnarsson. Um er að ræða íslenska spennumynd sem segir frá því þegar tvær ungar stelpur hverfa sporlaust af leikvelli í Árbænum. Stúlkurnar finnast látnar í Heiðmörk og í umfangsmikilli rannsókn í leit að sökudólgum fléttast saman nokkrar sögur þegar hræðileg atriði í máli stúlknanna koma upp á yfirborðið.













**1** Haraldur Bender, framleiðandi myndarinnar, ásamt Sólmundi Hólm.
**2** Andrea Magnúsdóttir og Aldís Pálsdóttir.
**3** Sigríður Rakel Ólafsdóttir og Heiða Halldórsdóttir.
**4** Anton Ingi Sigurðsson, leikstjóri og handritshöfundur myndarinnar, ásamt kærustu sinni, Ásu Ottesen, og Viktoríu Hermannsdóttur.
**5** Tómas Lemarquis mætti ásamt vini.
**6** Garðar Bergmann Gunnlaugsson og Rúnar Bergmann Gunnlaugsson.
**7** Döri DNA og Steindi Jr. skemmtu sér vel.







FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**HEFST Í KVÖLD** KL. 19:10 | FRÉTTIR




**KOSNINGAÞÆTTIR Á STÖÐ 2 KL. 19:10 ÞRIÐJUDAGA OG FIMMTUDAGA FRAM AÐ KOSNINGUM**

**Í OPINNI DAGSKRÁ Á STÖÐ 2**

# ALÞINGISKOSNINGAR 2016

**Heimir Már Pétursson** og **Höskuldur Kári Schram** ræða við formenn allra flokka í hverju kjördæmi fyrir sig og fara yfir kosningamálin fyrir komandi þingkosningar.

**11. OKTÓBER**
Norðvesturkjördæmi

**13. OKTÓBER**
Norðausturkjördæmi

**18. OKTÓBER**
Suðurkjördæmi

**20. OKTÓBER**
Suðvesturkjördæmi

**25. OKTÓBER**
Reykjavíkurkjördæmin

**27. OKTÓBER**
Landið allt



365.is | Sími 1817

365

Rapparinn **Kött Grá Pje**, hugarfóstur Atla Sigþórssonar skálds, sendir frá sér sína fyrstu stóru plötu sem nefnist Kisan mín er guð. Hann segist vera róttæklingur í hjarta sínu.



„Ég ákvað að láta á reyna á listamanninn sem blundaði í mér og var orðinn þrítugur þegar ég byrjaði að brölta með Kött Grá Pje,“ segir Atli Sigþórsson, maðurinn á bakvið Kött Grá Pje. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



# Gunnar Bragi hlustar ekki á lögin mín

Ég vil fá verðlaun sem besti textahöfundur ársins á Íslensku tónlistarverðlaununum,“ segir rapptónlistarmaðurinn Kött Grá Pje, sem reyndar er skráður Atli Sigþórsson skáld í símaskránni, spurður um helstu væntingar til nýrrar plötu sem hann sendir frá sér á allra næstu vikum. „Ég er nú reyndar að grínast með verðlaunin. Ég hef engar sérstakar væntingar aðrar en þær að einn og einn labbakútur hér og hvar um landið fíli hana vonandi. Ég er bara rosalega ánægður með plötuna og hlakka til að koma henni frá mér. Hún er búin að lafa hjá mér of lengi, hálf upp úr vasanum,“ heldur hann áfram um nýju breiðskífuna, sem ber heitið Kisan mín er guð og er hans fyrsta stóra plata.

Kött Grá Pje vakti fyrst verulega athygli þegar lagið Aheybaró varð einn af sumarsmellum ársins 2013. Síðan þá hefur hann sent frá sér stöku lag á eigin vegum og í samstarfi við aðra við góðar undirtektir, ekki síst þegar hann rappaði ásamt Úlfi Úlfi í öðru geysivinsælu lagi, Brennum allt, árið 2015. Nú er sem sagt loksins komið að útgáfu fyrstu stóru plötunnar, en Atli Sigþórsson er ekki einhamur og tyllir víða niður fæti. Síðustu vikur og mánuði hefur hann til að mynda séð um námskeið í skapandi skrifum fyrir ungt fólk, gert vídeólistaverk ásamt listakonunni Ástu Fanneyju Sigurðardóttur í tilefni Lestrarhátíðar í Bókmenntaborg og ort ljóð fyrir herferð UN Women sem beinist gegn netníði, svo fátt eitt sé nefnt. Þá er ótalið örsagnasafnið Perurnar í íbúðinni minni sem einnig er von á í verslanir innan skamms.

**Kött Grá Pje framlenging á Atla**

Um plötuna langþráðu segir Atli aðspurður að á henni verði lítið um læti eða „svitastuð“, eins og hann orðar það, heldur hafi stefnan frá upphafi verið að gera fremur lágstemmda og rafskotna rapptónlist ásamt upptökustjóra plötunnar, Brilljantínusi. Hingað til hafa textar rapparans vakið athygli, ekki síst fyrir fjölda sögulegra vísana í há- og lágmenningu og hispurslausar yfirlýsingar á skáldlegu máli, og hann lofar því að svo verði áfram á nýju plötunni.

„Sem rappari hef ég mikinn áhuga á kynusla og öðrum tengdum hlutum og fjalla mikið um þá í textum mínum. Á síðustu árum hefur mér fundist að rappið sé smám saman að opnast fyrir alls kyns hlutum en kynusli og samkynhneigð er enn mjög á grensunni í rappheiminum, sérstaklega erlendis. En þetta er vonandi að breytast. Við sáum til dæmis Young Thug í kjól framan á nýju plötunni sinni, sem er geggjað, en ég er róttæklingur í hjarta mínu og finnst borðleggjandi að fara alla leið í því að tjá skoðanir mínar með þessum hætti,“ segir Atli, sem er iðulega með lakkaðar neglur, gengur stundum með bleik gleraugu og klæðist kímonóum.

„Þegar ég nenni mála ég mig líka um augun. Ég ákvað fyrir löngu að líta á sjálfan mig sem mann sem elskar persónuleika, en hef hingað til bara laðast kynferðislega að konum og er „straight“ í þeim skilningi. Þetta eru tilfinningar sem ég tengi mjög sterkt við. Kyngervi er orðið rotið inn að merg sem einhvers konar upphaf og endir alls og ég opna mig fyrir því að elska og laðast að hverju og hverjum sem er,“ segir hann og útskýrir að Kött Grá Pje sé í rauninni framlenging á Atla, en örlítið uppblásnari og ýktari útgáfa. „Ég er sjálfur frekar félagslega heftur og feiminn. Kött Grá Pje gefur mér færi á að bregða upp grímu og haga mér eins og ég myndi gera ef ég væri aðeins sleipari gaur. Kött Grá Pje er dálítið eins og ljúfur og blíður Herra Hyde.“

**Verð líklega alltaf þunglyndur**

Atli ólst upp á Akureyri og var unglingur þegar mikil rappbylgja gekk yfir landið á síðari hluta tíunda áratugarins. Hann segir stóran hluta af sinni kynslóð norðan heiða hafa verið hreinlega rappóðan og var meðal annars meðlimur í rappsveitinni Skyttunum á árunum 2003 og 2004. Þá lögðust Skytturnar í dvala og Kött Grá Pje með, því hann kom ekkert nálægt tónlist í mörg ár í kjölfarið og einbeitti sér þess í stað að sagnfræðinámi og síðar ritlistarnámi.

„Ég ákvað að láta á reyna á listamanninn sem blundaði í mér og var orðinn þrítugur þegar ég byrjaði að brölta með Kött Grá Pje, eldri en margir þeirra sem eru á íslenskunni rappsenunni núna, og ég finn fyrir því að ég höfða til örlítið eldra fólks en margir aðrir. En aldurinn gerði það líka að verkum að ég hafði engu kúli að tapa, var frjáls til að gera þetta fullkomlega á mínum forsendum og hugsa ekkert um hvaða áhrif það hefði á fólk. Ég er bara skrítinn kall,“ segir Atli og gengst aðspurður við því að vera með afbrigðum opinskár og einlægur á samfélagsmiðlum, þar sem hann úttalar sig jafnt um menn, málefni og eigin líðan hverju sinni.

„Ég var fyrst greindur þunglyndur sem unglingur, en þegar ég horfi til baka er ég viss um að ég var það líka

> **ÞANNIG ER BARA MITT LÍF, EN ÞAÐ GENGUR ÁGÆTLEGA AÐ HALDA ÞVÍ Í SKEFJUM MEÐ GÓÐRI AÐSTOÐ GEÐLÆKNA, KONUNNAR MINNAR, KATTARINS MÍNS OG FLEIRI. ÉG ER OFSTÆKISFULLUR KATTAUNNANDI, SAMT ER ÉG MEÐ OFNÆMI FYRIR KÖTTUM.**

sem barn. Núorðið hef ég sætt mig við að verða að öllum líkindum alltaf þunglyndur og með kvíða. Þannig er bara mitt líf, en það gengur ágætlega að halda því í skefjum með góðri aðstoð geðlækna, konunnar minnar, kattarins míns og fleiri,“ segir hann og bætir við að hann sé, í fullri einlægni, ofstækisfullur kattaunnandi eins og titill nýju plötunnar, Kisan mín er guð, bendir til.

„Samt er ég með ofnæmi fyrir köttum, en ég eignaðist hana Kalinku fyrir nokkrum árum og þurfti að fara eftir prógrammi sem ég fann á netinu fyrir svona brjálæðinga eins og mig, kattaunnendur með ofnæmi. Samkvæmt áætluninni þurfti ég að fá mér lítinn kettling og það þurfti að vera læða. Ég tók Lóritín í eitt ár og prófaði svo að sleppa því og viti menn! Það tókst og ég er ekki með ofnæmi fyrir Kalinku lengur. Í hefðbundnum skilningi er ég algjör trúleysingi en í táknrænum og yfirfærðum skilningi gegnir kötturinn minn nokkurs konar guðshlutverki fyrir mér.“

**Er alls enginn töffari**

Atli segist vera friðelskandi maður, vinur og knúsari sem nenni ekki að standa í því að senda öðrum röppurum tóninn í textum sínum, eins og víða tíðkast. „Ég er alls enginn töffari og er ekki uppsigað við neinn í tónlistarbransanum. Ég hef tekið eftir því að textarnir mínir virðast helst fara í taugarnar á Framsóknarmönnum og úti á lífinu fæ ég örsjaldan athugasemdir vegna þeirra, en ekkert alvarlegt. Ég gef mér að Gunnar Bragi hafi lítið verið að hlusta á lögin mín,“ segir hann og bætir við að í framhaldi af útgáfu nýju plötunnar langi hann að klára skáldsögu sem hann hefur lengi unnið að og líka að koma fram á tónleikum í útlöndum með íslensku textana sína. „Ég er alltaf annaðhvort að gefa fokkmerki eða að hoða á mér klofið, svo áhorfendur ættu að hafa grófa hugmynd um hvert ég er að fara, þvert á tungumál.“ kjartang@frettabladid.is

## KALLAÐUR FAGGI OG SLEGINN

**Kött Grá Pje lenti nýverið í útistöðum við mann á skemmtistað vegna útlits síns.**

**„Ég hef aldrei áður lent í neinu veseni varðandi naglalakkið, gleraugun og allt þetta bleika, en það vildi svo til að leiðir mín og þessa fávita lágu saman á pöbb. Hann kallaði mig fagga og það æsti upp í mér einhverja drottningu, og ég gengst við því að hafa aðeins egnt hann áfram og farið inn á hans persónulega svæði. Þá sló hann mig og ég flissaði að því vegna þess að það kom mér á óvart. En alla jafna tekur fólk vel í útlitið á mér.“**




## LÍTIÐ NOTAÐIR SUZUKI VITARA GLX DÍSEL

SJÁLFSKIPTIR

- √ Allir bílar yfirfarnir og í ábyrgð
- √ Allt að 90% fjármögnun
- √ Til í ýmsum litum
- √ Góð endursala
- √ Tökum bíla upp í

## HLAÐNIR ÞÆGINDUM

- √ Panorama þak
- √ Leður/ rúskinn sæti
- √ Bakkmyndavél
- √ Íslenskt leiðsögukerfi
- √ Lyklalaus ræsing og hurðaopnun
- √ Álfelgur
- √ Hraðastillir (Cruise Control)
- √ Bluetooth
- √ USB tengi
- √ Akreina og árekstrarvari
- √ Litað gler
- √ Ofl.

**DEKKJAPAKKI AÐ VERÐMÆTI 120.000**

FYLGIR **ÖLLUM** BÍLUM UNDIR KOMIN



Apollo vetrardekkin lentu í öðru sæti í gæðakönnun FÍB í fyrra. Hægt er að velja um negld eða ónegld.

**586 1414**
stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan

**opið í dag 10-18**
**kaffi á könnunni**

**STÓRA BÍLASALAN**
Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík

# METSÖLULISTI EYMUNDSSON

## VIKAN 12.10.16 – 18.10.16







1 **Hjónin við hliðina**
Shari Lapena

2 **Þeir sem fara og þeir sem fara hvergi**
Elena Ferrante







3 **Ljósin á Dettifossi**
Davíð Logi Sigurðsson

4 **Enginn sá hundinn**
Hafsteinn Hafsteinsson







5 **Sjöunda barnið**
Erik Valeur

6 **Bókin um Baltimore fjölskylduna**
Jöel Dicker







7 **Skuggasaga Undirheimar**
Ragnheiður Eyjólfsdóttir

8 **Hestvík**
Gerður Kristný







9 **Vonda frænkan**
David Williams

10 **Independent people**
Halldór Laxness

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í PENNANUM EYMUNDSSON UM LAND ALLT

Penninn Eymundsson



# Frumherji pönksins kemur til Íslands

Enski tónlistarmaðurinn John Lydon, áður Johnny Rotten úr pönksveitinni Sex Pistols, opnar íslenska Pönksafnið og kemur fram á Airwords, bókmenntadagskrá Iceland Airwaves.

Enski tónlistarmaðurinn John Lydon, sem var hér áður fyrr þekktur undir nafninu Johnny Rotten og er einn af helstu brautryðjendum pönksins, er væntanlegur hingað til lands í þeim tilgangi að opna nýtt Pönksafn í Bankastræti og lesa upp úr verkum sínum á Airwords, bókmenntadagskrá Iceland Airwaves-hátíðarinnar.

Lydon varð einn alræmdasti maður Bretlands og umtalaður víða um heim um miðjan áttunda áratug síðustu aldar þegar hann fór fyrir hljómsveitinni Sex Pistols, sem tókst ásamt fleiri pönksveitum að trylla breskan æskulýð, valda yfirvöldum áhyggjum og marka djúp spor í dægurtónlistarsöguna þrátt fyrir stuttan líftíma. Þegar Sex Pistols lagði upp laupana stofnaði Lydon aðra sveit, P.i.L., sem hann hefur starfrækt með hléum fram á þennan dag. P.i.L. sendi síðast frá sér plötu í fyrra, en auk þess hefur Lydon endurvakið Sex Pistols nokkrum sinnum, komið fram í kvikmyndum og sjónvarpsþáttum og ritað greinar og bækur, þar á meðal tvær ævisögur sem báðar hafa hlotið afbragðsdóma.

Koma pönk-goðsins er hvalreki fyrir hið nýja Pönksafn Íslands sem verður opnað í gamla núllinu í Bankastræti miðvikudaginn 2. nóvember og býsna viðeigandi að slíkur frumkvöðull opni safnið. Í Airwords-dagskrá Iceland Airwaves í Kaldalóni í Hörpu fimmtudaginn 3. nóvember, sem byggir á samspili tals og tóna, kemur Lydon fram á eftir öðrum gömlum pönkara, Bubba Morthens, sem lék stórt hlutverk í íslensku pönkbylgjunni í kringum 1980.

„Ef einhver hafði áhrif á eitthvað þá var það þessi gaukur,“ segir Grímur Atlason, framkvæmastjóri Iceland Airwaves, og tekur fram að Lydon hyggist dvelja hér á landi í heila viku. Dr. Gunni, poppfræðingur og einn þeirra sem unnið hafa að uppsetningu Pönksafns Íslands upp á síðkastið, tekur í sama streng. „Það er ekki hægt að finna frægari pönkara í heiminum en Johnny Rotten.“

**kjartang@frettabladid.is**

**visir.is** Nánar er fjallað um komu Johns Lydon til landsins á Vísi.



**John Lydon, áður Rotten, ætlar að dvelja í viku hér á landi.** NORDICPHOTOS/GETTY

# Yoko Ono, 13 daga danshátíð

ellefti dagur að degi til

sendu

sendu eitthvað sem er óteljanlegt

11 th day
daylight

YOKO ONO DANCE CO. 13 DAYS DANCE FESTIVAL COPYRIGHT YOKO ONO 1967 dododo–

Yoko Ono 13 daga danshátíð. Reykjavík 2016 © Yoko Ono Dance Company. Listasafn Reykjavíkur.

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*




# Á AUSTUR-INDÍAFJELAGINU

20.OKTÓBER - 20.NÓVEMBER

## FIMM RÉTTA HÁTÍÐARMATSEÐILL

6.990 kr.

### FORRÉTTUR

**Hörpuskel Cafreal**
Pönnusteikt hörpuskel frá Breiðafirði með engifer, hvítlauk, kóríander og karrílaufum.

### AÐALRÉTTIR

**Gosht Boti Kebab**
Tandoori grillað lambafillet. Marinerað í kanil, kardimommum, negul og chili.

&

**Peshawari Murg Tikka**
Grillaðir kjúklingabringubitar úr tandoori ofninum. Marinerað í engifer, hvítlauk, kúmen og kewra-vatni.

&

**Aloo Dum Jeera**
Hægeldaðar kartöflur í ríkulegri sósu með tómötum, kúmenfræjum og garam masala.

*Borið fram með Basmati hrísgrjónum, raitha jógúrtsósu og hvítlauks naan.*

### EFTIRRÉTTUR

**Mangó og engifer crème brûlée**

**BORÐAPANTANIR: 552-1630**
**HVERFISGÖTU 56, 101 RVK**

AUSTURINDIA.IS

**OPNUNARTÍMI:**
**SUN-FIM 17:30 - 22:00**
**FÖS-LAU 17:30 - 23:00**

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**Bakþankar**


Frosta Logasonar




## Leiðin að kjörklefanum

Enn hef ég ekki ákveðið hvað ég mun kjósa í komandi kosningum. Það liggur ekkert á. Síðast ákvað ég þetta í kjörklefanum. Ég held að ég hafi aldrei kosið sama flokkinn tvisvar. Það á enginn þeirra neitt inni hjá mér og málefni þeirra eru misaðlaðandi á hverjum tíma. Samkvæmt kosningavita Félagsvísindastofnunar er ég alþjóðasinnaður markaðshyggjumaður. Þeir flokkar sem raðast næst mér á vitanum eru frjálslyndu flokkarnir. Þeir hafa allir boðað breytingar. Það hljómar ágætlega.

Ég get vel hugsað mér að kjósa flokk sem vill uppræta spillingu. Ég vil nýja stjórnarskrá en ekki setja plástur á þá gömlu. Ég vil að samfélagið njóti ávaxta þeirra auðlinda sem sjávarútvegurinn, orkugeirinn og ferðaþjónustan skila. Til samans eru þær sennilega álíka verðmætar og olíusjóður Noregs. Við ættum að geta rekið myndarlegt heilbrigðiskerfi með slíka sjóði. Komið vel fram við unga sem aldna. Um þessi mál virðast flestir Íslendingar, merkilegt nokk, vera sammála. Þetta er óskalisti margra.

Það er hins vegar barnalegt að trúa því að við séum að fara að fá eitthvað af þessu. Því miður. Lífið virkar ekki þannig. Það eru nefnilega hagsmunaöfl og skrímsladeildir sem ætla að hirða þetta allt saman.

Þessir sem tala um að baka þurfi stærri köku svo allir geti fengið meira. Það vantar bara stærri köku segja þeir. Reynslan sýnir hins vegar að þegar kakan stækkar troða sömu aðilar alltaf upp í sig meiru en þeir geta kyngt. Svo segja þeir árangur áfram, ekkert stopp. Engar breytingar. Eru ekki allir til í þetta? Hvað ætlar þú annars að kjósa?








